MÆÐGURNAR BRYNDÍS OG KOLFINNA

Eru samrýmdar og hafa aldrei rifist

12









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. desember 2008 — 335. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## SUNNUDAGUR



HUGMYNDIN KOM Í DRAUMI

Stephenie Meyer hefur slegið í gegn með bókum sínum um Ljósaskiptin

VIÐTAL 14




FYLGIR Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉLJAGANGUR** Í dag verða vestan 3-8 m/s en stífari við S-ströndina. Slydda eða snjókoma SA-lands og víða éljagangur til kvölds. Hiti frá 2 stigum niður í 5 stiga frost, mildast syðst.

VEÐUR 4








**GAFFLAÞEFUR GÆGIST HÉR INN** Sannkölluð jólastemning ríkti í jólaþorpinu í Hafnarfirði í gær þegar ljósin voru tendruð á Cuxhaven-trénu svokallaða, sem er gjöf frá vinabænum Frederiksberg í Danmörku. Eins og sjá má sættir Lalli töframaður sig við ýmislegt í því augnamiði að vekja kátínu hjá yngstu aðdáendum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Langreyðarkjötið er matur hinna ríku

**Verð á hvalkjöti er mjög hátt, segir talsmaður Grænfriðunga í Japan. Íslenska kjötið er komið þar á markað. Salan breytir ekki afstöðu umhverfisráðherra.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Hvalkjöt eru forréttindi efnaðra Japana, segir talsmaður Greenpeace-samtakanna í Japan. Ljóst er að hvalveiðar myndu gefa milljarða í útflutningstekjur og skapa rúmlega hundrað störf við veiðar og vinnslu. Umhverfisráðherra segir sölu á hvalkjöti í Japan ekki breyta afstöðu sinni um að með hvalveiðum væru Íslendingar að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

Íslenska hvalkjötið sem sent var til Japans í sumar er komið í dreifingu á markaði. Um er að ræða 65 tonn af kjöti af þeim sjö langreyðum sem veiddar voru haustið 2006.

Junichi Sato, talsmaður Grænfriðunga í Japan, segir að verð á hvalkjöti á Japansmarkaði sé afar hátt. „Kjötið er mjög dýrt og aðeins fyrir vel efnað fólk sem kaupir það fyrir sérstök tilefni.“ Hann segir að eldri kynslóð Japana hafi smekk fyrir kjötinu og yngri kynslóðin neyti þess sjaldan eða aldrei. Verð á hrefnukjöti í júní var um 50 evrur á hvert kíló en 80 evrur á langreyðarkjöti. „Þetta er þó misjafnt eftir því hvaða hlutar hvalsins um er að ræða og kjötið var þrisvar sinnum dýrara fyrir tíu árum.“ Neysla á hrefnukjöti er um 4.000 tonn á ári en meiri eftirspurn var eftir langreyðarkjöti á sínum tíma.

> Kjötið er mjög dýrt og aðeins fyrir vel efnað fólk sem kaupir það fyrir sérstök tilefni.
>
> JUNICHI SATO
> TALSMAÐUR GRÆNFRIÐUNGA Í JAPAN

Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, segir að í Japansheimsókn árið 2007 hafi þeir heimsótt fiskmarkaði og komist að því að fyrir góða bita af kjöti fáist fimmtán til tuttugu þúsund krónur.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, telur að sala kjötsins breyti engu. Hann telur ekki að íslenskt kjöt seljist á háu verði eftir langa flutninga og geymslu í frysti í langan tíma. „Það verða aldrei leyfðar hvalveiðar eftir ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar. Við erum Evrópuríki og nágrannar Bandaríkjanna. Þetta væri gjörsamlega út í bláinn pólitískt.“ - shá / sjá síðu 6


OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
ALLTAF í Skeifunni
24 Skeifan
HAGKAUP
Ein ferð betra verð


Upptök skjálfta við Skálafell:

## Jarðskjálftans varð víða vart

**NÁTTÚRA** Jarðskjálfti af stærðinni 3,6 á Richter varð klukkan 14.16 í gær. Upptök voru við Skálafell á Hellisheiði, um tíu kílómetra norður af Þorlákshöfn.

Skjálftans varð víða vart og bárust tilkynningar í gegnum vef Veðurstofunnar frá Stokkseyri, Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Álftanesi.

Ekki hefur verið tilkynnt um mikið tjón vegna skjálftans, en húsmunir hristust og fólk fann fyrir bylgjuhreyfingum í gólfi. - kg

Rauða hverfið í Amsterdam:

## Vændisgluggum lokað

**SKIPULAGSMÁL Hollensk yfirvöld hafa í hyggju að loka fyrir starfsemi helmings vændishúsa, kynlífstækjabúða og kaffihúsa þar sem neysla kannabisefna er stunduð í Rauða hverfinu í Amsterdam. Þessar fyrirhuguðu aðgerðir miða að því að hrekja skipulagða glæpastarfsemi úr miðborg Amsterdam.**

**Í nýju áætluninni er gert ráð fyrir að fækka „vændisgluggum“ úr 482 í 243, og einnig að loka helmingi þeirra 76 hass-bara sem eru í Rauða hverfinu. - kg**

Björgunarsveitin á Akureyri:

## Fór úr axlarlið við ísklifur

**SLYS** Björgunarsveitin á Akureyri var kölluð út í gær vegna manns sem fór úr axlarlið þegar hann var á ísklifursnámskeiði við Einhamar í Hörgárdal.

Í tilkynningu frá Landsbjörgu segir að um fimmtán björgunarmenn hafi farið á staðinn, og notuðu þeir dráttarvél til að koma manninum yfir mestu ófærurnar á leiðinni niður bergið. Greiðlega gekk að koma manninum í sjúkrabíl, sem flutti hann á sjúkrahús á Akureyri. - kg




## SPURNING DAGSINS



*Hafrún, eruð þið þá ekki loðnar um lófana?*

„Jú, og förum vaxandi.“

Hafrún María Zsoldos hjá Cera snyrtihúsi, þar sem brasilískt vax meðal annars er afar vinsælt, segir lítið hafa verið að gera í október og nóvember. Nú sé hins vegar nóg að gera enda jólin að nálgast.

Viðræður hafnar um fimmtján milljarða dollara lán til fallvaltra bílarisa:

# Detroit-forstjórar á hnjánum

**BANDARÍKIN, AP** Fulltrúar úr Hvíta húsinu og demókratar af Bandaríkjaþingi hafa hafið viðræður um að veita bílarisum í Detroit fimmtán milljarða dollara lán til að forða þeim frá falli.

Forstjórar bandarísku bílarisanna GM, Ford og Chrysler komu fyrir þingnefnd í Washington á föstudag, annan daginn í röð, til að færa rök fyrir því að fyrirtækjunum yrði veitt neyðarfjárhagsaðstoð úr ríkissjóði upp á samtals 34 milljarða dala, andvirði um 5.000 milljarða króna.

Nú segja fulltrúar Hvíta hússins að „uppyggilegar viðræður“ hafi átt sér stað um hjálparaðgerðir við þingmenn beggja flokka. Skriður komst á málið þegar þingforsetinn Nancy Pelosi samþykkti loks tillögu Bush forseta þess efnis að hjálpin yrði sótt í sjóð sem lagður hafði verið til hliðar fyrir þróun umhverfisvænna bíla. Pelosi hefur verið höll undir umhverfisverndarsjónarmið.

Það fór illa í menn er forstjórarnir mættu til sams konar funda í síðasta mánuði á einkaþotum. Á fundinum á föstudag lækkuðu þeir upphæðina sem þeir fóru fram á og hétu róttækri endurskipulagningu, auk þess sem þeir lýstu sig reiðubúna til að starfa fyrir einn táknrænan dal á ári, verði fyrirtækjunum veitt fyrirgreiðsla á kostnað skattborgaranna. - aa / - sh



**EKKERT SELST** Óseldir bílar standa í röðum á þessari bílasölu í Kaliforníu, sem nú hefur verið lokað vegna fjárhagsvandræða. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Kjósendur flýja Framsókn:

# VG mælast enn með mest fylgi

**KÖNNUN Vinstri græn eru stærsti stjórnmálaflokkur landsins ef marka má nýja skoðanakönnun fyrirtækisins Markaðs og miðlunar. Flokkurinn mælist með þrjátíu prósenta fylgi, Samfylkingin með 27 prósent og Sjálfstæðisflokkur 26. Fylgi Framsóknar mælist einungis 4,9 prósent, Frjálslyndir fá þrjú prósent og Íslandshreyfingin 1,6 prósent.**

**Þá sögðust 8 prósent þátttakenda í könnuninni vilja kjósa annan flokk en þá sem stóðu til boða í síðustu Alþingiskosningum. Svöruðu 2.500 manns könnuninni.** - sh

Símreikningur forseta:

# Nítján þúsund krónur á dag

**STJÓRNSÝSLA** Símreikningur forsetaembættisins á fyrstu tíu mánuðum ársins var 5,7 milljónir króna. Gerir það um nítján þúsund krónur á dag, alla daga vikunnar. Þetta kom frá á Vísi.is í gær.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

Í frétt Vísis kemur einnig fram að forsetaembættið hafi kostað íslenska skattgreiðendur um sextíu milljónir króna það sem af er ári. Þar hafi 1,6 milljónir króna farið í myndatökur og 1,4 milljónir króna í leigubílakostnað.

Bensín á bíl forsetans kostaði rúma milljón og um níu milljónir fóru í risnufé, eða veisluhöld ýmiss konar, samkvæmt frétt Vísis. - kg

# Brenndist illa þegar eldur kviknaði í potti

**Maður á fimmtugsaldri brenndist illa þegar eldur kom upp í íbúð í Álftamýri í gær. Honum er haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild. Eiginkona mannsins brenndist einnig. Hún var að elda hádegismat þegar kviknaði í olíu í potti.**

**ELDSVOÐI** „Ég hef miklar áhyggjur af eiginmanni mínum. Læknirinn sagði mér að honum yrði leyft að sofa í einhvern tíma vegna brunasáranna, en mér er ekki leyft að heimsækja hann,“ sagði Daisy Arante Magnússon spítalastarfsmaður, eiginkona Magnúsar Helga Magnússonar valtarastjóra, sem brenndist illa þegar eldur kom upp í íbúð þeirra hjóna á annarri hæð fjölbýlishúss í Álftamýri laust eftir hádegi í gær. Magnúsi var enn haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans í gærkvöldi. Daisy brenndist lítillega á hendi í eldsvoðanum, en leið að eigin sögn ágætlega þegar Fréttablaðið talaði við hana í gær.

Að sögn Daisy voru tildrög brunans sú að hún var að elda svínaskanka, og notaði til þess olíu, þegar hún þurfti að bregða sér frá eldhúsinu í skamma stund. Þegar Daisy sneri aftur var kominn eldur í pottinn og eldhúsið fullt af reyk. Meðan á þessu stóð svaf Magnús í svefnherberginu. Daisy lét hann vita af eldinum og hófst því næst handa við að opna glugga í stofunni til að hleypa reyknum út, en Magnús hljóp inn í eldhús til að freista þess að slökkva eldinn.

Daisy segist því næst hafa heyrt Magnús æpa hátt úr eldhúsinu og hafi hún þá hlaupið þangað. Þá lá Magnús brenndur á eldhúsgólfinu, en Daisy náði að reisa hann upp og saman komust þau út úr íbúðinni og út á stétt fyrir framan húsið. Á leiðinni létu þau nágranna sína vita af eldinum, og höfðu þeir samband við Neyðarlínuna. Slökkvilið kom á staðinn fimm mínútum síðar og tók þá einungis sex mínútur að ljúka slökkvistarfi. Að sögn varðstjóra var eldurinn staðbundinn í eldhúsi íbúðarinnar, en reyk lagði um alla íbúð og um ganga fjölbýlisins.

Læknir á gjörgæsludeild tjáði Fréttablaðinu í gærkvöldi að Magnús væri alvarlega brenndur en þó ekki í lífshættu. Daisy segist vona það besta. „Það var greinilegt á eiginmanni mínum að sársaukinn var mikill. Ég vona bara að allt fari eins vel og kostur er,“ segir Daisy, sem er frá Filippseyjum. Hún hefur búið á Íslandi í tæp þrjú ár og giftist Magnúsi í fyrra. kjartan@frettabladid.is



ÁLFTAMÝRI 16 Slökkvistarf gekk vonum framar, enda eldurinn staðbundinn í eldhúsi íbúðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Það var greinilegt á eiginmanni mínum að sársaukinn var mikill. Ég vona bara að allt fari eins vel og kostur er
>
> **DAISY ARANTE MAGNÚSSON**
> EIGINKONA HINS SLASAÐA



**RJÚPA** Náttúrufræðistofnun biður veiðimenn um sýni.

Rannsaka rjúpur veiðimanna:

# Hátt hlutfall af ungfugli í veiði

**UMHVERFISMÁL** Samkvæmt fyrstu niðurstöðum Náttúrufræðistofnunar er hlutfall ungfugla af heildarveiði rjúpu á nýafstöðnu veiðitímabili 78 prósent. Að því er kemur fram á veiðivefnum lax-a.is óskaði Náttúrufræðistofnun eftir því við skotveiðimenn að þeir kæmu öðrum vængnum af veiddum rjúpum til stofnunarinnar svo hægt væri að aldursgreina rjúpnastofninn auk þess að meta stærð hans.

Þegar sé búið að aldursgreina 599 fugla. Um 60 prósent þeirra sé af Norðausturlandi. „Stefnt er að því að aldursgreina 400–500 fugla úr hverjum landshluta, þannig að mikið vantar enn uppá fullt sýni,“ segir á lax-a.is. - gar

Skutu sautján Íraka til bana:

# Blackwater-liðar sóttir til saka

**WASHINGTON, AP Fimm málaliðar bandaríska öryggisþjónustufyrirtækisins Blackwater hafa verið ákærðir fyrir að hafa orðið sautján Írökum að bana í Bagdad í fyrra. Þeir skutu fólkið til bana og særðu um þrjátíu til viðbótar á torgi í úthverfi Bagdad. Ekki hefur verið ákveðið hvort mennirnir verða ákærðir fyrir morð eða manndráp.**

**Írösk yfirvöld segja árásina hafa verið tilefnislausa, en talsmenn Blackwater segja að þeir hafi verið að bregðast við umsátri. Mennirnir eru allir fyrrverandi liðsmenn Bandaríkjahers.** - sh

Norski heilbrigðisráðherrann:

# Vilja skoða að dreifa heróíni

**NOREGUR Norski heilbrigðisráðherrann Bjarne Håkon Hanssen vill að Norðmenn ræði það hvort rétt sé að dreifa heróíni til þeirra sem eru djúpt sokknir í heróínneyslu til að hamla gegn eiturlyfjaneyslu í Noregi og hjálpa neytendum sem eru á botninum og eiga ekki afturkvæmt þaðan.**

**„Sumir hafa verið djúpt sokknir svo lengi að leiðin í edrúmennsku getur orðið of löng. Þá er spurning hvort við getum komið til móts við þetta fólk. Þess vegna held ég að við ættum að ræða hvort rétt sé að dreifa heróíni til þessa hóps,“ segir hann á vefútgáfu Dagbladet.** - ghs




Forsætisráðherra segir aðildarviðræður við Evrópusambandið koma til greina:

# Geir opnar á Evrópuviðræður

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde segir það koma til greina að ákveðið verði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í janúar að óska eftir aðildarviðræðum við Evrópusambandið að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þetta sagði hann þar sem hann sat fyrir svörum í þættinum Vikulokunum á Rás 1 í gær.



**GEIR H. HAARDE**

Geir tók fram að hann vildi alls ekki grípa fram fyrir hendur Evrópunefndar flokksins sem væri með þessi mál til skoðunar undir forystu Kristjáns Þórs Júlíussonar og Árna Sigfússonar. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður flokksins, sagðist telja að „straumarnir falli í þá átt að við förum í það að sækja um aðildarviðræður“. - sh



**UMDEILDUR** Davíð Oddsson hefur verið gagnrýndur fyrir yfirlýsingar sínar, sem mörgum þykja ekki sæma seðlabankastjóra.

## SUMT ÓVIÐEIGANDI Í RÆÐU DAVÍÐS

Geir sagði í umræðum um Davíð Oddsson og yfirlýsingar hans að hann hefði ekki verið alls kostar ánægður með ræðu Davíðs á morgunfundi Viðskiptaráðs fyrir skemmstu. „Ég tel að eitt og annað í þeirri ræðu hafi ekki verið viðeigandi og ég hef rætt það við hann,“ sagði Geir og vísaði sérstaklega til orða Davíðs um að hann vissi ástæður þess að Bretar beittu Íslendinga hreðjuverkalögum.

Þá sagðist Geir enn fremur ekki minnast þess að Davíð hafi sagt honum að núll prósent líkur væru á að bankarnir stæðu af sér efnahagslægðina, eins og Davíð nefndi á fundi viðskiptanefndar Alþingis. Hann væri minnugur maður og ólíklegt að slíkt hefði runnið honum úr minni.


JÓLIN
ERU Í SMÁRALIND
SÖNGVABORG Í VETRARGARÐINUM
JÓLASKEMMTUN
í Vetrargarðinum í dag kl. 15
Fram koma:
Örn Árnason, Bjarni töframaður, Óskar Pétursson, Söngvaborg og Ingó og Veðurguðirnir.
Jólasveinninn kíkir í heimsókn.
OPIÐ Í DAG
13-18
ÍSLENSKUR JÓLAMATUR 2008
Sýning meistarafélags kjötiðnaðarmanna í Vetrargarðinum um helgina. Kynningar frá ýmsum kjötframleiðendum. Sýnt verður hvernig hangikjöt er úrbeinað og kjötið verður síðan afhent Mæðrastyrksnefnd kl. 16 á sunnudaginn.
Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

## GENGIÐ 05.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,19 | 126,79 |
| Sterlingspund | 185,09 | 185,99 |
| Evra | 161,09 | 161,99 |
| Dönsk króna | 21,621 | 21,747 |
| Norsk króna | 17,615 | 17,719 |
| Sænsk króna | 15,22 | 15,31 |
| Japanskt jen | 1,3675 | 1,3755 |
| SDR | 187,60 | 188,72 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

214,6956

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptaráðherra segir óheppilegt hvernig þjóðnýtingu Glitnis bar að:

# Björgvin G. gagnrýnir Seðlabankann

**STJÓRNMÁL** Það var mjög óheppilegt hvernig þjóðnýtingu Glitnis bar að, segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. Hann var ekki hafður með í ráðum í aðdraganda hennar og segir það óeðlilegt. Þetta kom fram í viðtali hans við Björn Inga Hrafnsson í Markaðnum á Stöð 2 í gær.

„Það var mjög óheppilegt hvernig þetta bar að og lítur út fyrir almenningi,“ sagði Björgvin um ákvörðunina um þjóðnýtingu Glitnis í lok september. Hann sagðist þó ekki geta sagt til um það hvort sú ákvörðun hafi hrint af stað því sem á eftir fór. „Þetta verður einn stærsti þátturinn í rannsókninni á bankahruninu en ég sem viðskiptaráðherra get ekki fellt dóm í þessu fyrir fram, það væri ekki sanngjarnt,“ sagði hann.



**ÚTUNDAN** Björgvin segir Davíð hafa kosið að halda sér úti í kuldanum vegna þess að þeir væru ósammála um ágæti Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Björgvin sagðist sannfærður um að málið hefði verið unnið öðruvísi hefðu stjórnvöld verið með í ráðum. „Okkar aðkoma var lítil sem engin og það er líka óeðlilegt að Seðlabankinn skuli ekki hafa kallað þá ráðherra sem að þessu komu fyrr til fundar, en ekki þegar nánast var gengið að þessu sem gerðum hlut.“

Hann segir að vegna pólitískrar spennu á milli hans sjálfs og Davíðs Oddssonar Seðlabankastjóra hafi Davíð kosið að halda Björgvini óupplýstum um gang mála. **- sh**

Slösuðust á Vesturlandsvegi:

# Kona og barn á gjörgæsludeild

**SLYS** Ungabarn og fullorðin kona liggja alvarlega slösuð á gjörgæsludeild Landspítalans eftir árekstur tveggja bíla á Vesturlandvegi, skammt norðan við Borgarnes, í fyrrakvöld. Bæði ungabarnið og konan hafa gengist undir aðgerðir.

Samkvæmt lækni á gjörgæsludeild er líðan hinna slösuðu eftir atvikum. Fullorðinn karlmaður var einnig fluttur á gjörgæslu en sá hefur nú verið útskrifaður.

Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi eru tildrög slyssins enn í rannsókn, en mikil hálka var á veginum þegar slysið átti sér stað. **- kg**



**SORG Í RÚSSLANDI** Kveikt var á kertum í Kristskirkjunni í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alexí patríarki:

# Kirkjuleiðtogi Rússa látinn

**RÚSSLAND, AP** Alexí II., patríarki rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar er fallinn frá.

Hann tók við sem leiðtogi rétttrúnaðarkirkjunnar í Rússlandi árið 1990, rétt í þann mund sem Sovétríkin voru að gefa trúarbrögðum aukið frelsi.

Hann var síðan í fararbroddi mikillar endurreisnar í trúarlífi Rússa eftir fall Sovétríkjanna, en var á hinn bóginn sakaður um að beita kirkjunni í þágu þjóðernishyggju.

Alexí var 79 ára þegar hann lést. Hann hafði lengi átt við hjartveiki að stríða. **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Jepplingur út af veginum

Jepplingur fór út af veginum á Vesturlandsvegi við Bröttubrekku um hádegisbilið í gær. Fjórir voru í bílnum og voru þeir allir fluttir á slysadeild í Borgarnesi, utan einn sem fluttur var á slysadeild á Akranesi.

# Vilja endurskoðun á skipulagi Höfðatorgs

**Áætlanir um umfang framkvæmda við Höfðatorg standa, þótt þær frestist í það minnst um ár. Íbúi Túnanna hvetur borgaryfirvöld til að horfast í augu við að byggingamagnið sé „fáránlegt“ í ljósi breyttra tíma.**

**SKIPULAGSMÁL** „Fólk veltir því fyrir sér hvort ekki sé lag núna, að breyta þessu skipulagi og minnka umfangið. Ég á von á að þetta verði rætt á okkar vettvangi,“ segir Kristín Þorleifsdóttir, formaður stjórnar Íbúasamtaka Laugardals, um þær byggingar sem fyrirhugað er að rísi á svokölluðu Höfðatorgi.

Höfðatorg liggur milli Borgartúns, Skúlatúns, Skúlagötu og Höfðatúns. Þar eiga að rísa þrír turnar, 12, 16 og 19 hæða, nokkur sjö til níu hæða hús og tengibyggingar úr gleri. Búið er að taka í notkun Borgartún 10-12. Stærsti turninn er risinn að mestu leyti. Áætlað er að taka hann í notkun síðla sumars 2009.

„Það hefur ekkert komið til tals hjá okkur að gera breytingar á því skipulagi sem hefur þegar verið samþykkt,“ segir Gísli Jónsson, markaðsstjóri Höfðatorgs. „En vissulega horfa menn skemmri tíma fram fyrir sig nú en áður. Það verður þannig þangað til leystist úr málum og bankarnir fara að starfa eðlilega.“

Framkvæmdirnar muni því frestast. Upphaflega var áætlað að uppbyggingu svæðisins yrði lokið árið 2010. Síðar var því breytt í árið 2011. Nú segir Gísli líklegra að vorið 2012 verði raunin. Áætlað var að síðasti áfangi verkefnisins yrði uppbygging íbúðarblokka. Ekki er víst að í þeim verði íbúðir. „Hvað þarna verður, íbúðir, hótel eða eitthvað annað, ræðst af markaðsaðstæðum á þeim tímapunkti.“

„Við gerð deiliskipulags var aldrei tekið tillit til íbúa,“ segir Ragnheiður Liljudóttir, einn íbúa Túnanna. „Að setja byggð, sem gnæfir svona yfir, inn í gamalt hverfisskipulag er í rauninni ofbeldi. Við vorum króuð þarna inni.“ Hún segir Túnbúum hafa verið lofað ýmsu í staðinn. „Það átti að gera vel við hverfið, hjálpa til við að gera umhverfið huggulegra og laga bílastæðamálin, sem hafa verið í algjöru uppnámi frá upphafi framkvæmda.“ Ekki hafi verið staðið við neitt af þessu.



**RAGNHEIÐUR LILJUDÓTTIR** Hvetur borgaryfirvöld til að endurskoða áætlanir um byggingamagn í Höfðatúni. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON



**FRAMTÍÐARSÝN** Á Höfðatorgi eiga að rísa þrír turnar, nokkur sjö til tíu hæða hús og fjöldi tengibygginga. Íbúar Túnanna, næstu nágrannar Höfðatorgs, hafa mótmælt uppbyggingunni frá upphafi. MYND/PK ARKITEKTAR

Ragnheiður segir íbúa Túnanna þreytta á að mótmæla, því hafi lítið heyrst frá þeim að undanförnu. Nú hafi borgaryfirvöld og framkvæmdaaðilarnir það hins vegar í hendi sér að breyta betur gagnvart þeim. Þar séu allir tilbúnir í samvinnu. „Þau vita innst inni sjálf að þetta er fáránlegt byggingarmagn. Þau ættu að horfa á heiminn eins og hann er í dag og endurskoða áætlanir sínar. Það er allt hægt.“

**holmfridur@frettabladid.is**



**BHUMIBOL ADULYADEJ** Hefur ríkt lengur en nokkur annar þjóðhöfðingi heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Konungur Taílands veikur:

# Árleg hátíðarræða féll niður

**TAÍLAND, AP** Hin árlega afmælisræða konungsins í Taílandi féll niður á föstudag vegna veikinda hans. Margir Taílendingar höfðu vonast til þess að með ræðunni næði hann að draga úr harðvítugum pólitískum átökum í landinu.

Vajralongkorn krónprins kom fram í staðinn fyrir föður sinn, Bhumibol Adulyadej konung, og sagði konunginn ekki færan um að flytja ræðu sína vegna veikinda. Hann tók fram að veikindin væru ekki alvarleg.

Bhumibol konungur er orðinn 81 árs og hefur ríkt í 62 ár, lengur en nokkur annar þjóðhöfðingi heims. Hann nýtur mikillar virðingar í Taílandi, en hefur ekki skipt sér mikið af deilum ríkisstjórnar og stjórnarandstæðinga. **- gb**

Lögreglan á Akureyri:

# Sextán dópsalar handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Fimm fíkniefnamál hafa komið upp hjá lögreglunni á Akureyri á undanförnum dögum. Á síðustu þremur mánuðum hefur lögreglan handtekið sextán manns, sem hún telur hafa stundað fíkniefnasölu á Akureyri, og tekið af þeim fíkniefni.

Þrjá af þeim hefur lögregla handtekið oftar en einu sinni með fíkniefni. **- jss**

Reykjavík 871±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**ÚRKOMULÍTIÐ Á MORGUN**
Það verður heldur kalt í veðri næstu daga en yfirleitt fremur hægur vindur og úrkomulítið. Á miðvikudag verða breytingar þar sem lægð kemur upp að landinu með ágætis hlýindi en þó nokkurri úrkomu.



Á MORGUN
Hvöss vestlæg átt NA-lands, annars hægari.

ÞRIÐJUDAGUR
Hæg breytileg átt, hvessir V-til síðdegis.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Billund | 7° |
| Ósló | -1° |
| Stokkhólmur | 4° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 7° |
| París | 8° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Berlín | 5° |
| Alicante | 19° |
| Mallorca | 17° |
| Basel | 1° |
| Eindhoven | 9° |
| Las Palmas | 20° |
| New York | 3° |
| Orlando | 18° |
| San Francisco | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Sunnudagssprengja

# 30% afsláttur

## af öllu jólaskrauti og seríum

**NÝTT**
kortatímabil















Gildir sunnudaginn 7. desember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Munt þú kjósa í formannskjöri Framsóknarflokksins í janúar?*

| | |
|---|---|
| Já | 8% |
| Nei | 92% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú á jólahlaðborð?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir augljóslega markað fyrir íslenskt hvalkjöt:

# Skorar á ráðherra að gefa út kvóta

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir helstu rökin gegn hvalveiðum fallin í ljósi þess að Japanar hafi veitt innflutningsleyfi fyrir kjötinu og það sé komið þar á markað. Augljóslega sé markaður fyrir kjötið og því sé ekki um neitt annað að ræða en að gefa út kvóta í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar.

„Þetta myndi skapa atvinnu fyrir á annað hundrað manns og útflutningsverðmætið hleypur á milljörðum,“ segir hann. Jón hyggst óska eftir utandagskrárumræðum á Alþingi um hvalveiðar í næstu viku.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir að sala hvalkjötsins í Japan breyti ekki hennar skoðun á hvalveiðum. Hún telji sem fyrr að með veiðunum væri verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

**- shá / - sh**



**HVALKJÖT** Hvalkjöt er dýr vara í Japan. Umhverfisráðherra segir það engu breyta um afstöðu hennar til hvalveiða. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Lottóvinningshafar fundnir:

# Fréttin borgaði sig fyrir hjónin

**HAPPDRÆTTI** Hjón úr Hafnarfirði sem gáfu sig fram við Íslenska getspá fyrir helgi reyndust vera eigendur eina miðans sem var með allar tölur réttar í útdrætti síðasta laugardags í Lottóinu. Eru hafnfirsku hjónin því rúmlega átta milljónum ríkari.

Í tilkynningu frá Íslenskri getspá segir að hjónin hafi fengið gest í heimsókn á miðvikudag sem hafði séð frétt um að vinningshafa laugardagsins væri leitað.

Hjónin munu hafa verið í skýjunum þegar upp úr dúrnum kom að vinningsmiðinn var í þeirra höndum.

**- kg**



**LEIKFÖNG** Hagkaup hafa veitt mæðrastyrksnefnd tveggja milljóna króna styrk til leikfangakaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hagkaup og mæðrastyrksnefnd:

# Veittu styrk til leikfangakaupa

**SAMFÉLAGSMÁL** Hagkaup hafa veitt mæðrastyrksnefnd tveggja milljóna króna styrk til leikfangakaupa.

Í fréttatilkynningu segir að þetta sé liður í þeirri stefnu Hagkaupa að styðja veglega við nokkur málefni árlega. Þessi styrkur hafi orðið fyrir valinu þar sem hætta sé á að börn verði út undan í því erfiða árferði sem nú ríkir.

Ragnhildur Guðmundsdóttir og Margrét K. Sigurðardóttir tóku við styrknum af Gunnari Inga Sigurðssyni framkvæmdastjóra og Arndísi Arnarsdóttur starfsmannafulltrúa.

**- hhs**

# Gálgafrestur Harpers

**Forsætisráðherra Kanada slapp naumlega við vantrauststillögu. Eina von hans er að að samstaða stjórnarandstöðunnar rofni áður en þing kemur saman á ný.**

**KANADA** Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, fékk ekki annað en gálgafrest þegar Michaelle Jean landstjóri féllst á beiðni hans um að þingi verði frestað þar til í lok janúar.

Stjórnarandstöðuflokkarnir höfðu hugsað sér að leggja fram vantrauststillögu á minnihlutastjórn Íhaldsflokks Harpers á morgun. Sú tillaga hefði örugglega hlotið samþykki, en Harper á þá von eina að samstaða vinstriflokkanna verði úr sögunni fyrir 26. janúar næstkomandi, þegar þingið kemur saman á ný.

Harla óvenjulegt verður að teljast að forsætisráðherra fái því framgengt í lýðræðisríki að þingi verði frestað beinlínis í þeim tilgangi að stjórn hans sleppi við vantrauststillögu.

Þrír stjórnarandstöðuflokkar höfðu tekið höndum saman um að koma stjórninni frá. Aðalástæðan var óánægja þeirra með frammistöðu stjórnarinnar í efnahagsmálum. Hann þykir ekki hafa tekið af nægilegri festu á fjármálakreppunni, sem komið hefur illa við Kanada eins og fleiri lönd.

Harper segist nú ætla að nota tímann þangað til þingið kemur saman á ný, sem verður 26. janúar, til þess að setja saman aðgerðapakka í efnahagsmálum. Alls óvíst er hvort það tekst.

Í Kanada segja gárungarnir að Harper hafi ekki aðeins tekist fyrir fimm árum að sameina tvo hægriflokka, sem lengi höfðu eldað grátt silfur saman, til að stofna Íhaldsflokkinn, heldur hafi honum nú einnig tekist að sameina vinstri flokkana.

Á mánudaginn komu Frjálslyndi flokkurinn, sem er miðjuflokkur undir stjórn Stephane Dijon, og Nýi demókrataflokkurinn, sem er vinstri-miðjuflokkur undir forystu Jacks Layton, sér saman um að mynda minnihlutastjórn með stuðningi frá Bloc Québécois, sem er vinstriflokkur Quebec-búa undir forystu Gulles Duceppe.

Þessir þrír flokkar hafa átt erfitt með að vinna saman, en eru nú æfir út af því hvaða leið Harper fór til að bjarga lífi stjórnarinnar. „Í fyrsta sinn í sögu Kanada hefur forsætisráðherra lagt á flótta,“ segir Dion, sem hefði líklega orðið forsætisráðherra í nýrri vinstristjórn.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**STEPHEN HARPER** Ætlar að nota þinghléð til að setja saman aðgerðapakka í efnahagsmálum, sem hann vonast til að stjórnarandstöðuflokkarnir geti fallist á. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**DSJABRAIL MAKMÚDOV** Grunaður um aðild að morðinu á Önnu Politkovskóju.

Sakborningur í Moskvu:

# Sagður í leyniþjónustunni

**RÚSSLAND, AP** Sergei Sokolov, ritstjóri rússneska dagblaðsins Novaja Gazeta, fullyrti við réttarhöld í Moskvu á föstudag að Dsjabraíl Makmúdov, sem grunaður er um morðið á blaðakonunni Önnu Politkovskóju, hafi verið starfsmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB. Sokolov sagðist hafa sannanir fyrir þessu, en vildi ekki gefa þær upp.

Politkovskaja var blaðamaður á Novaja Gazeta þegar hún var myrt fyrir utan blokkaríbúð sína í Moskvu haustið 2006.

Bæði Makmúdov og bróðir hans, Ibragim Makmúdov, eru grunaðir um aðild að morðinu. Þriðji bróðirinn, Rustam Makmúdov, er talinn hafa framið morðið, en hann er flúinn úr landi.

**- gb**









**ENGINN ÚTBLÁSTUR** Yvo de Boer, æðsti embættismaður SÞ í loftslagsmálum, fékk far hjá frumkvöðlinum Louis Palmer í „Sólarleigubílnum“ í Poznan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sólarorkudrifinn bíll lýkur hnattferð á loftslagsráðstefnu:

# Hægt að stöðva gróðurhúsaáhrifin

**PÓLLAND, AP** Fyrsti sólarorkudrifni bíllinn sem tekist hefur að aka hringinn í kringum jörðina lauk hinu 52.000 kílómetra langa ferðalagi við ráðstefnumiðstöðina í Poznan í Póllandi á fimmtudag, þar sem fulltrúar flestra ríkja heims eru saman komnir á framhaldsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál.

Yvo de Boer, æðsti embættismaður SÞ í loftslagsmálum, fékk far með hinum léttbyggða tveggja sæta smábíl síðasta spölinn. Bíllinn dregur nokkra fermetra af sólarrafhlöðum á vagni á eftir sér, en öðruvísi fær hann ekki næga orku til að hlaða rafhlöðurnar. Hann kemst um 300 km á hverri hleðslu.

Louis Palmer, svissneskur kennari sem átti frumkvæðið að smíði bílsins og stýrði honum umhverfis jörðina, sagði afrekið sanna að umhverfisvæn tækni væri tilbúin. „Hún er umhverfisvæn, hún er hagkvæm, hún er algjörlega áreiðanleg. Við getum stöðvað gróðurhúsaáhrifin,“ sagði hann.

**- aa**

Fjármálaráðherra og Icesave:

# Vissi ekki um tilboð Breta

**STJÓRNMÁL** Árni Mathiesen fjármálaráðherra kveðst ekki hafa vitað af því áður en ríkið yfirtók Landsbankann að breska fjármálaeftirlitið hefði boðist til að færa Icesave-reikningana í lögsögu Bretlands gegn 200 milljóna punda greiðslu. Þetta kom fram á Alþingi á föstudag í svari ráðherrans við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur alþingismanns.

Varðandi 200 milljónir punda sem fjármálaráðherra Breta nefndi í símatali við Árna kvaðst hann telja að breski fjármálaráðherrann hafi þar átt við 200 milljóna punda fyrirgreiðslu sem Landsbankinn óskaði eftir hjá Seðlabankanum en fékk ekki.

**- gar**

Selja eigið félag fyrir hlutafé:

# Bakkabræður kaupa í Existu

**VIÐSKIPTI** Bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir, oft kenndir við fyrirtækið Bakkavör, munu eignast 87,5 prósent í Existu ef fram fer sem horfir. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Stjórn Existu á nú í viðræðum við þá bræður um kaup á félagi í eigu þeirra beggja. Lýður er sjálfur stjórnarformaður Existu, sem verður afskráð úr Kauphöllinni í bráð.

**- sh**

nettó

Skráðu þig á póstlistann
og við sendum þér tilboðin okkar

# www.netto.is




www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

nettó

Bækur á betra verði!




35% afsláttur

SAGA MANNSINS
9.666 kr
~~14.870~~ kr




35% afsláttur

DAGBÓK FRÁ DIAFANI
2.808 kr
~~4.320~~ kr



40% afsláttur

UNGLINGABÓKIN 2008

SENJORÍTUR MEÐ SAND Í BRÓK
1.794 kr
~~2.990~~ kr

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 4. - 7. DESEMBER

Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Hverafold
Akureyri - Höfn - Grindavík

Íslenskir aðalverktakar fresta framkvæmdum á Norðurbakka í Hafnarfirði:

# Reynt að ganga frá að utan

**HAFNARFJÖRÐUR** Íslenskir aðalverktakar, ÍAV, hafa ákveðið að fresta framkvæmdum við eitt fjölbýlishús af fjórum á Norðurbakkanum í Hafnarfirði. Gengið verður frá hinum þremur húsunum að utan eftir fremsta megni en tvö þeirra eru nánast tilbúin. Misjafnt verður hversu langt frágangurinn verður kominn í húsunum að innan.

Karl Þráinsson, aðstoðarforstjóri ÍAV, segir að gengið verði frá íbúðum að innan eftir því sem þær seljast. Hann man ekki hversu margar íbúðir eru þegar seldar, eða hvert hlutfall seldra íbúða í stórum dráttum er, en segir að reynt verði að selja þær áfram. „Við reynum að koma þeim í þannig horf að það sé sómi að því,“ segir hann. „En við erum ekki að flýta okkur að klára þetta.“

Framkvæmdum við bílakjallara í fjórða fjölbýlishúsinu var lokið þegar kreppan skall á en ekki er byrjað að byggja húsið sjálft. Karl segir að frekari framkvæmdum þar verði frestað um ótilgreindan tíma en gengið verði frá aðstæðum á svæðinu þannig að engin hætta stafi af.

„Þetta fer svo eftir efnahagsástandi,“ segir hann.

- ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**NORÐURBAKKINN** Tvö húsa ÍAV eru nánast tilbúin en bygging eins er ekki hafin. Gengið verður snyrtilega frá svæðinu

# Boða skyndiaðgerðir

**Um 1.500 manns sóttu mótmælafund vegna efnahagsástandsins á Austurvelli í gær. Skipuleggjandi boðar til aðgerða með klukkustundar fyrirvara í vikunni.**

**MÓTMÆLI** „Það er ekki nóg að halda mótmælafundi einu sinni í viku. Nú taka við skyndiaðgerðir. Við lýsum því yfir að við munum grípa til ýmissa aðgerða, sem hefjast núna í vikunni, og munum láta alla fjölmiðla vita með klukkustundar fyrirvara. Ég gef ekki upp hvers kyns þessar aðgerðir verða, en þær verða friðsamlegar. Ég undirstrika það,“ segir Hörður Torfason, skipuleggjandi mótmælafunda vegna efnahagsástandsins, sem haldnir hafa verið á Austurvelli hvern laugardag síðustu vikur.

Að sögn lögreglu mættu um fimmtán hundruð manns á friðsaman mótmælafundinn sem haldinn var á Austurvelli í gær. Var þetta níundi mótmælafundurinn sem efnt er til undir yfirskriftinni „Breiðfylking gegn ástandinu“. Ræðumenn dagisns voru Jón Heiðar Erlendsson atvinnubílstjóri og Gerður Kristný Guðjónsdóttir rithöfundur.

Jón Heiðar skoraði meðal annars á Davíð Oddsson seðlabankastjóra að segja af sér. Hann þyrfti að axla sína ábyrgð á núverandi ástandi. Jón Heiðar sagði einnig að stjórnvöld hefðu kallað Samtök atvinnubílstjóra skríl þegar þau hefðu verið að vekja athygli á baráttumálum sínum, og nú væru sömu stjórnvöld að kalla mótmælendur skríl

Í máli Gerðar Kristnýjar kom meðal annars fram að Ísland væri land hinna týndu flokka. Flokkarnir sem nú væru við völd hlytu að átta sig á því að næst vildi þjóðin nýtt lag og nýjan undirleik, og að þeir dönsuðu í sama takti og allir hinir.

Á Akureyri var einnig boðað til mótmæla í gær undir yfirskriftinni „Við mótmælum spillingu auðvaldsins og lýsum enn vantrausti á ríkisstjórnina“. Sóttu á milli 150 til 200 manns mótmælin, sem voru þau sjöttu í röðinni. Hannes Blandon prestur, Sonja Estrejer Eyglóardóttir og Jóhann Ásmundsson nútímafræðingur tóku til máls og Þórarinn Hjartarson las ljóð.

kjartan@frettabladid.is




**BREIÐFYLKING** Gerður Kristný Guðjónsdóttir og Jón Heiðar Erlendsson héldu ræður frammi fyrir um fimmtán hundruð manns á Austurvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





**Fróðleiksmoli:**

Á síðasta ári voru heimsendir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs u.þ.b. 1.000.000.

Með þeim fjölda væri hægt að þekja 63.000 fermetra svæði eða t.d. gólfflöt 547 meðalstórra íbúða.

**Önnur rafræn þjónusta:**

- Greiðslumat
- Lánsumsókn
- Þjónustubeiðnir
- Greiðsluerfiðleikaúrræði

# Rafræn og vistvæn

## Rafrænir seðlar

Frá og með 1. janúar verða allir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs rafrænir. Rafrænir seðlar birtast í öllum heimabönkum.

Vilji viðskiptavinir fá heimsendan greiðsluseðil þarf að óska eftir því í þjónustuveri eða á vefsíðu Íbúðalánasjóðs.

## Í þágu umhverfisins

Framlag Íbúðalánasjóðs til umhverfisins er að draga úr pappírsnotkun og auka rafræn viðskipti.

Kynntu þér málið:

**www.ils.is**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900 // 800 6969

*Íbúðalánasjóður hefur fellt niður sinn hluta seðilgjaldsins. Eftir stendur 75 kr. greiðslugjald sem bankar og sparisjóðir innheimta fyrir greiðslumiðlun.*

Íbúðalánasjóður

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Endurhugsun stjórnmálaumhverfisins.

# Persónukjör er ekki leiðin áfram

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR.

Persónukjör og einmenningskjördæmi virðist háværkrafa í hinu nýja Íslandi. Núverandi stjórnmálakerfi hafi brugðist, stjórnmálamennirnir og flokkarnir hafi brugðist og því verði að leita nýrra leiða til að velja stjórnmálafólk á hið háa Alþingi til að endurvekja traust á stjórnmálamönnum.

Nú er það eflaust rétt að einhverra leiða þarf að leita til að endurvekja traust til löggjafar- og framkvæmdavaldsins í endurreistu Íslandi. Það þarf nýja hugsun um ábyrgð meðal stjórnmálamanna og samband þeirra við kjósendur. Stjórnmálamenn þurfa að muna hvaðan vald þeirra kemur og í hvaða umboði þeir sitja. Persónukjör og einmenningskjördæmi eru samt varla rétta leiðin í því.

Það virðist gleymast í þessari kröfu um endurnýjun stjórnmálaumhverfisins að persónukjör er mjög ríkjandi hér á landi í gegnum prófkjörin. Flokkarnir bjóða upp á þessa leið til þess að velja frambjóðendur á sína lista til að „auka lýðræðið“. Það þarf ekki að líta lengra en aftur að Albert Guðmundssyni til að efast um að slík persónukjör hafi alltaf jákvæð áhrif á lýðræðið.

Ekki nóg með að stjórnmálaflokkar hafi reynt að efla lýðræðið með prófkjörum, heldur hefur það farið í aukana að prófkjörin séu galopin. Allir mega kjósa í þeim prófkjörum, líka þeir sem ekki eru í þeim flokki sem prófkjörið snýst um. Það má vissulega spyrja hversu lýðræðislegt það er að allir geti haft slík áhrif á innra starf stjórnmálaflokkanna.

Ef prófkjörin sjálf eru skoðuð hafa þau verið gagnrýnd harkalega fyrir þann gífurlega kostnað sem þeim fylgir. Ef aðgangurinn að stjórnmálaþátttöku er of dýr getur stórum hópum verið haldið frá Alþingi, vegna þess að þeir eru ekki nægjanlega tengdir fjármagninu. Kostnaðurinn við persónukjör til þings væri engu minni, sem er nokkuð sem gagnrýnendur núverandi kerfis ættu að hafa í huga þegar það er jafnframt gagnrýnt að stjórnmálamenn hafi verið of tengdir fjármagninu.

Annað sem gagnrýnendur núverandi kerfis ættu að hafa í huga er að í sömu andrá og kvartað er undan skorti á lýðræði með fáum röddum er ákall um einmenningskjördæmi. Eins og reynslan sýnir leiða einmenningskjördæmi ekki til aukinnar fjölbreytni á þingi heldur aukinnar fábreytni. Það þarf mun hærra hlutfall atkvæða til að koma manni að; aðeins sá sem fær flest atkvæði eða yfir helming atkvæða er kjörinn. Þetta þýðir að þröskuldurinn sem þarf að yfirstíga til að komast á þing er hærri en nú er. Smærri flokkar leggjast af. Það eru einmenningskjördæmi í Bandaríkjunum þar sem einungis tveir flokkar berjast raunverulega um völdin. Einnig eru einmenningskjördæmi í Bretlandi þar sem þrír flokkar berjast. Kerfið þýðir einnig að það er bara einn flokkur sem fer með framkvæmdavaldið, ekki alltaf í krafti meirihluta kjósenda þó hann hafi meirihluta þingmanna.

Hún mun eflaust lifa hugmyndin um endurskoðun stjórnmálanna. En hugmyndir um frekari persónukjör og einmenningskjördæmi er ekki rétta leiðin. Við skulum frekar vanda valið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Okkar maður á lista

Við Íslendingar erum ekki alveg hættir að skjóta erlendum mikilmennum ref fyrir rass eins og við gerðum í góðærinu þegar Björgólfur Thor var í hópi ríkustu manna. Nú hefur til dæmis Árni Mathiesen fjármálaráðherra komist í fyrsta sætið í netkosningu The Huffington Post um hver sé versti bankamaður heimsins. Hefur hann skotið ekki ómerkari mönnum en Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóra Bandaríkjanna, og Hank Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, aftur fyrir sig. Geri aðrir betur.



### Íslenskt fyrir sjónir

Eflaust hafa margir Norðmenn skemmt sér vel yfir þættinum um Jón Ásgeir Jóhannesson en við Íslendingar höfum líklega ekki haft jafn gaman af þegar hann var sýndur á RÚV nú á fimmtudagskvöldið var. Efnahagsbrotadeildin okkar sem er rekin fyrir brot af því sem Jón Ásgeir notaði til sinnar varnar í Baugsmálinu kemur þeim norsku eflaust spánskt fyrir sjónir … en okkur íslenskt.

### Þessi Lýður

Egill Helgason veltir síðan fyrir sér á bloggi sínu öðru sem kann að vera séríslenskt furðufyrirbæri í viðskiptalífinu. Þar segir hann: „Félagið Kvakk, sem er í eigu bræðranna Lýðs og Ágústs Guðmundssona, á í viðræðum við Existu, þar sem Lýður Guðmundsson er stjórnarformaður, um að Exista kaupi Kvakk.“ Er nema von að hann spyrji: „Hvernig fara svona viðræður nákvæmlega fram? Bara svona hreint fýsískt.“ Fór ekki Spaugstofan ofan í þau mál fyrir stuttu hvernig þetta fer fram. Einn leikara þurfti í það atriði og eitt gervi.



jse@frettabladid.is

# Brennandi brunabíll



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Ástandið

Fyrir mánuði mætti ég í laugardagsmótmælin í fyrsta sinn. Við gengum frá Hlemmi niður á Austurvöll. Sturla Jónsson fór fyrir göngunni á vörubíl og Snorri Ásmundsson hrópaði í gjallarhorn af palli hans: „Vík burt ríkisstjórn! Vík burt ríkisstjórn!“ Margir tóku undir. En ekki allir. Þar á meðal ég. Ég fann mig ekki í þessu ákalli. Ekki þá. Mitt fólk var í stjórn og stjórnin var í „björgunarstörfum miðjum“. Maður vildi gefa þeim séns. Á móti reyndi ég að fá fólkið til að hrópa: „Kjósa! Kjósa!“

Hálfum mánuði síðar var ég kominn á sterkari skoðun; afsagnir væru nauðsynlegar — SÍ, FME, Björgvin, Árni — og skrifaði grein um ábyrgð Samfylkingar. Maður fann það í kringum sig að fólk var orðið óþreyjufullt. Síðan hefur afsagnarkrafan aðeins færst ofar í bekkinn.

### Alþjóðleg gjaldeyrsifífl

Því skelfingarástandið verður sífellt skelfilegra. Davíð hélt sjúklega ræðu undir meðvirku aulaklappi á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs, þar sem seðlabankastjórinn tók vanhæfi sitt í áður óþekktar hæðir og gerði okkur endanlega að alþjóðlegum gjaldeyrisfíflum. Síðar um daginn var þingflokkur Samfó kallaður til krísufundar. Maður hélt að nú myndi eitthvað fara að gerast. En neiAfram var haldið í stjórn með Davíð Oddssyni.

Tröllalánið frá AGS var á leiðinni án sýnilegrar peningastefnu eða framtíðarsýnar. Gjaldeyrishöft fest í skjóli þingnætur og krónan á leiðinni á flot. Og allt undir stjórn stjórnlausa mannsins í Seðlabankanum sem þó hefur engan tíma til að sinna starfi sínu vegna undirbúnings á endurkomu í pólitík. Í þokkabót eru þau fáu orð hans sem snerta efnahagsmál fyrst og fremst hugsuð til að koma höggi á ríkisstjórnina. Undirmaður lumbrar stöðugt á yfirmönnum sínum sem eiga að stjórna landinu en hafa ekki einu sinni stjórn á einum manni. Útkoman er stjórnleysi á örlagastundu í sögu þjóðarinnar. Atkvæðið mitt fellur enn í verði, á hverja sem kominn er í 100 krónur á sekúndu.

### Tak ábyrgð þína og gakk

Og enn eykst fáránleikinn. Lánið og krónan á flot, annar hver maður á leið á hausinn og fjórði hver á atvinnuleysisbætur, en samt snýst önnur hver frétt um framboðsbrölt Davíðs. Sérhver dagur hefst með von um að Geir og Ingibjörg losi okkur við hann og meðvirkjana tvo. En allt kemur fyrir ekki. Davíð á sjálfsagt eftir að mæta á skjáinn á gamlárskvöld í sætið hans Geirs áður en eitthvað gerist. En jafnvel þá mun forsætisráðherra segja: „Nei, ég tek þetta ekkert til mín. Davíð hefur auðvitað fullan rétt til að ávarpa þjóðina ef hann telur sig þurfa þess.“

Af þeim sem þekkja Geir Haarde er hann talinn góður og heiðarlegur maður, sem vandar mjög verk sín. Meira þarf þó til í starf forsætisráðherra. Geir hefur á undanförnum vikum sýnt að hann veldur ekki starfi sínu. Áðvarðanafælnin sem hann stærði sig af á liðnu sumri hefur reynst okkur stórskaðleg. Hann átti nokkra samúð í frumrústum bankahrunsins en var fljótur að ganga á þann litla forða. Á frægum fundi í Háskólabíói birtist okkur enn og aftur þreyttur og pirraður maður sem gerði ekki minnstu tilraun til að sýna leiðtogahæfileika og mætti svo í viðtal að fundi loknum í hlutverki smástráks með aulabrandara. Eftir átta mótmælafundi í röð á Austurvelli skynjar hann ekki reiði þjóðarinnar og kall tímans sem er: Tími þinn er liðinn. Tak ábyrgð þína og gakk.

*Geir hefur á undanförnum vikum sýnt að hann veldur ekki starfi sínu. Áðvarðanafælnin sem hann stærði sig af á liðnu sumri hefur reynst okkur stórskaðleg í*

### Flokkskrísa – þjóðarkrísa

„Ástandið er viðkvæmt. Við þolum ekki kosningar. Við þurfum styrka stjórn,“ segir Geir skjálfhentur, með augun á Davíð Oddssyni, skipar nefnd til að kanna Evrópumálin og lofar kosningum um þau, en aðeins í eigin flokki. Sjálfstæðisflokkurinn þolir kosningar en þjóðin ekki. Hann hefur tíma til að sinna innanbúðarerjum þegar hann á að einbeita sér að því að koma landinu út úr erfiðleikum sem hann ber höfuðábyrgð á. Staðreyndin er hins vegar sú að landið þolir ekki Sjálfstæðisflokkinn á tímum sem þessum. Nú þarf styrka stjórn, annarra en hans. Forsætisráðherra er ekki einu sinni leiðtogi í eigin flokki; hefur enn ekki tekið afstöðu í Evrópuklemmunni. Hann ætlar ekki að leiða umræðuna heldur að láta hana leiða sig. Af öllum þessum sökum er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn er í engu standi til að stjórna landinu. Við höfum ekki tíma til að bíða eftir því að hann ákveði sig. Og nú eru fréttatímarnir farnir að snúast um gömul gemsasímtöl flokksforingjanna, hver sagði hvað og hvað ekki. Við höfum engan tíma fyrir flokkskrísu í miðri þjóðarkrísu. Burt með bláa liðið.

### Brennandi blokk

Ísland er brennandi blokk. Íbúarnir eru fastir inni og góna örvæntingarfullir út úr reykjarkófinu á slökkviliðið sem mætt er með tvo bíla á staðinn, annan merktan XD og hinn XS. Sá síðarnefndi reynir að sprauta vatni á bálið en fyrrnefndi bíllinn logar sjálfur.

Við þurfum nýja stjórn strax. Minnihlutastjórn XS, sem VG og XB myndu verja vantrausti fram að kosningum í vor, eða hreinlega utanþingsstjórn. Umfram allt STJÓRN.

### Heiglunum hent

Við treystum ekki ráðherrunum. Ekkert er gegnsætt, allt er loðið. „Sama liðið situr í bönkunum.“ Stjórnin skipar rannsóknarnefnd til að rannsaka hlut sinn í hruninu. Og nú er klíkukapphlapið hafið um bestu bitana eins og væntanlega „sala“ á Mogganum sýnir best. Það fer hrollur um mann. Hér hefur ekkert breyst, nema það að þjóðin treystir ekki þeim sem stjórna. Einmitt þegar hún þarf á því að halda.

Frænka mín seldi íbúðina sína fyrir ári og lagði í sjóð til elliára. Það fór allt á bálið. Maður einn lenti í bílslysi og lamaðist fyrir neðan mitti. Hann fékk eingreiðslulífeyri frá tryggingafélaginu og lagði í sjóð. Það fór allt á bálið. Foreldrar kunningja míns misstu 20 milljónir af ævisparnaðinum í Glitnishruninu.

Þetta fólk stendur ekki á Austurvelli á laugardögum. Það situr heima og grætur. Hvað er ein ráðherraafsögn á móti slíkum hremmingum?

Og svo getur stjórnin ekki einu sinni sýnt af sér þann manndóm að afnema allan eftirlaunaósómann heldur aðeins hluta hans.

Kæra fólk. Hættið nú að hugsa um eigin hag og gefið okkur stjórn sem fólk treystir. Þó ekki væri nema örlítið betur en þeirri sem nú situr. Kæra Samfylking. Við vitum að þú ert búin að reyna. En nú er morgunljóst að þú kemst ekki lengra með ónýtum erjuflokki í helgreipum hugsýki eins og heigulsháttar annars. Nú skal heiglunum hent.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Okkar stefna í framkvæmd: Að standa með fólkinu

**UMRÆÐAN**
Svandís Svavarsdóttir skrifar um aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar


SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Magnaðir eru tímarnir fyrir margra hluta sakir. Bankahrun og kollsteypur fjölskyldna og fyrirtækja. Við stjórnvölinn er svo ríkisstjórn sem hefur glatað öllu trausti kjósenda ef marka má skoðanakannanir. Stjórnarflokkarnir bera ábyrgðina, þeir báðir, ekki bara Sjálfstæðisflokkurinn. Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir?

Frést hefur af flötum niðurskurði, 10% á einum stað, 20% í utanríkisráðuneytinu þar sem Varnarmálastofnun er á sínum stað en skorin er niður þróunaraðstoð. Hver ákveður prósentin 10? Fjármálaráðherrann? Ráðuneytisstjórinn sem liggur undir ámæli fyrir að nýta sér innherjaupplýsingar í eigin þágu? Hvaðan kemur krafan? Frá fjárlaganefndinni, þinginu þar sem fjárveitingarvaldið er? Hver er stefnan? Á hverju eigum við von, þjóðin, sem er að reyna að botna í ástandinu? Þjóðin sem núna horfir á Egil, mætir á Austurvöll, hrópar úti, ber í borðið heima, fyllist reiði og vonleysi á víxl. Stundum meira að segja heift.

Hver er meginstefna ríkisstjórnarinnar við þessar aðstæður? Reykjavíkurborg hefur sammælst, þverpólitískt, um aðgerðaáætlun þar sem þrjár meginreglur voru kynntar strax í byrjun október.

1. Við stöndum vörð um grunnþjónustuna.

2. Við hækkum ekki gjaldskrárnar.

3. Við verjum störfin.

Þessar áherslur eru félagslegar, bera þess merki að vera lagðar fram í samstöðu, með aðild Vinstri grænna og Samfylkingar. Þetta eru félagslegar áherslur sem allir hafa fallist á. Þótt við séum í minnihluta. En framkvæmd stefnunnar væri að sjálfsögðu í öruggari í höndum meirihluta sem við ættum aðild að. En samt sýnir þessi niðurstaða árangur, mikilvægan árangur. Þessar áherslur snúast um að reyna að tryggja að borgaryfirvöld standi með borgarbúum.

Aðgerðaráætlun borgarinnar snýst um hagstjórn, um að standa með borgarbúum, um að verjast atvinnuleysi eins og unnt er, um að standa með starfsfólkinu. Með hverjum stendur ríkisstjórn Íslands þegar enn einn blaðamannafundurinn er haldinn og nú um atvinnumál á sama tíma og verið er að reka fólk frá Ríkisútvarpinu og ríkisstarfsmenn bíða milli vonar og ótta?

Þverpólitísk aðgerðaráætlun borgarstjórnar var hugsuð til þess að draga úr óvissu. Að starfsfólk borgarinnar vissi á hverju það ætti von en ekki síður borgarbúar allir. Grunnþjónustan verður varin, gjaldskrárnar ekki hækkaðar og starfsfólkið heldur störfunum. Á óvissutímum þarf að draga úr óvissu. Ríkisstjórn Íslands hefur brugðist á öllum sviðum og þar er einna alvarlegast að halda almenningi óupplýstum, hræddum og efins. Traustið er farið og verður ekki endurnýjað nema með kosningum og nýju umboði.

*Höfundur er borgarfulltrúi Vinstri grænna.*

# Við treystum ykkur ekki

**UMRÆÐAN**
Þórunn Ólafsdóttir skrifar um ríkisstjórnina


ÞÓRUNN ÓLAFSDÓTTIR

Vantrauststillaga stjórnarandstöðunnar á ríkisstjórnina var nýverið felld á Alþingi. Stjórnarliðar hristu hausinn yfir þessu áhlaupi minnihlutans, glottu út í annað og fóru svo heim og sofnuðu svefni hinna samviskulausu. En það kemur dagur eftir þennan dag.

Þrátt fyrir að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hafi ákveðið að fella vantrauststillögu á sig sjálfa, stendur vantraust þjóðarinnar enn. Krafan er skýr: Við viljum fá að kjósa!

Það er ljóst að fólkið í landinu vill ríkisstjórnina burt og fá eitthvað að segja um eigin framtíð. Viku eftir viku hafa þúsundir höfuðborgarbúa á Austurvöll og heimtað að lýðræðið verði lífgað við. Fólk á landsbyggðinni kemur einnig saman og krefst þess sama, þrátt fyrir að þeirra egg drífi kannski síður að Alþingishúsinu. Morðingjar lýðræðisins skjóta hins vegar skollaeyrum við þessum kröfum, hagræða sér í valdastólunum og þegja þunnu hljóði. Sama hversu langt þau ganga í að niðurlægja, svívirða, ræna og rupla, kemur fólkið að luktum dyrum, líkt og því komi eigin framtíð ekki við. Reyni fólk að komast inn fyrir, í von um svör, er það jafnvel barið niður af skósveinum valdsins.

Ríkisstjórn sem ber virðingu fyrir fólkinu í landinu lokar ekki dyrunum og skellir í lás þegar krafist er svara. Hún hlustar á kröfur fólksins og skoðanir. Óttinn við valdamissi virðist vera það eina sem knýr óstjórn Geirs Hilmars áfram, þó að skýringarnar sem þjóðin fær séu aðrar. Heyrst hefur að það þyki til dæmis óheppilegt að kjósa á aðventunni. Ef svo er, þá er kominn tími til að forgangsraða og fresta bara jólunum fram yfir kosningar. Kjósum okkur nýja ríkisstjórn sem fyrst og jöplum síðan á kapítalistasvíninu og lepjum jólaöl, örlítið sáttari við lífið og tilveruna.

*Höfundur er kjósandi.*

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



# Við höfum aldrei rifist

**Það var alltaf svo notalegt að hafa hana í kjallaranum segir Bryndís Schram um dóttur sína Kolfinnu Baldvinsdóttur.** *Sigríður Björg Tómasdóttir* mælti sér mót við mæðgurnar í Mosfellsbænum og ræddi við þær um nýja og gamla tíma.



**BRYNDÍS SCHRAM OG KOLFINNA BALDVINSDÓTTIR** Við húsið notalega í Mosfellsbænum þar sem þær búa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftir keyrslu lengst upp í Mosfellsbæ er loks komið að húsi sem einu sinni var lítill sumarbústaður en er nú orðinn að myndarlegu húsi, sem er umlukt hávöxnum trjám á alla vegu enda þau hálfrar aldar gömul. Þar hefur blaðamaður mælt sér mót við mæðgurnar Bryndísi Schram og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Húsið byggðu foreldrar Bryndísar og þar búa hjónin Bryndís Schram og Jón Baldvin Hannibalsson ásamt Kolfinnu og börnunum hennar tveimur, Starkaði og Magdalenu. Erindið er að ræða við mæðgurnar sem báðar hafa verið í sviðsljósinu undanfarið. Bryndís er nýbúin að gefa út bókina Í sól og skugga. Kolfinna hefur hins vegar staðið fyrir mótmælum gegn valdhöfum og heldur úti vikulegum þætti á sjónvarpsstöðinni ÍNN.

Eruð þið samrýmdar mæðgur?

**Bryndís:** „Við eigum langt samlíf að baki, en við höfum aldrei rifist, get ég sagt þér."

**Kolfinna:** „Okkur kemur mjög vel saman, ég varð ung móðir og mamma hjálpaði mér."

**Bryndís:** „Kolfinna er ólík mér að því leyti að hún skilaði sínum mönnum fljótlega heim og kom aftur til mömmu. Mér fannst alltaf notalegt að hafa hana í kjallaranum á Vesturgötunni og nú haga aðstæðurnar því þannig að hún, þetta mikla borgarbarn, er komin hingað upp í sveit. Þegar hún var lítill krakki þá sagði hún aldrei orð. Hékk bara í pilsfaldi móður sinnar. Þegar ég var leiðsögumaður með ferðamönnum á Ítalíu mörg sumur forðum daga, þá drakk hún í sig allt sem mamma sagði. Ætli hún kunni ekki bara ítölskuna frá þeim dögum. Svo fór hún að tala og nú er hún alveg óstöðvandi. En hún hefur ekki húsmóðurhæfileika fyrir fimm aura."

**Kolfinna:** „Nú kemur það."

**Bryndís:** „Ekki orð um það meir."

**Kolfinna:** „Svo hleyp ég í skarðið fyrir mömmu, ég hef farið að lesa upp fyrir hana úr bókinni á mannamótum, ef hún kemst ekki. Það hefur náttúrulega alltaf verið þannig að við höfum getað skipst á hlutverkum, ef hún kemst ekki þá fer ég.

**Bryndís:** „Veisluglaumurinn í Washington, t.d. var ekki beinlínis eiginmannsins „cup of tea", ég meina Jóns Baldvins. Hann bar því við að amerískar kvenraddir lægju svo hátt að það skæri í eyru. Við mæðgurnar erum hins vegar hvor annarri meiri félagsvera. Við hlupum því iðulega í skarðið og skemmtum okkur konunglega. Svona bætum við öll hvert annað upp."

**Kolfinna:** „Það birtist mjög vel þegar þau komu að heimsækja mig til Kosovó. Pabbi með sinn mikla stjórnmálaáhuga pældi í þjóðfélagsástandinu. Mamma var strax farin að skima í garðana, velta fyrir sér hvernig fólkið byggi. Hún var öll augu og eyru. Við það að fá þau saman var maður kominn með heilsteypta mynd af þjóðfélaginu."

### Þjóðfélagið gjörbreyttist

Kolfinna flutti heim frá Kosovó fyrir tveimur árum eftir tíu ára dvöl í útlöndum, í Bandaríkjunum, Belgíu og Kosovó. Bryndís bjó líka hátt í tíu ár í útlöndum, í Bandaríkjunum, Finnlandi og á Spáni. Mæðgurnar eru alveg sammála því að á þeim tíma sem þær voru úti hafi íslenskt þjóðfélagið breyst mjög mikið.

**Kolfinna:** „Ég bjó í þremur löndum, sem hvert var með sína þjóðfélagsgerð, og alltaf var ég að mæra kosti Íslands við útlendinga. Svo kom ég heim og komst að því að það var verið að sópa burt velferðakerfinu. Og allir farnir að vinna í banka og ekki nóg með það, það voru allir að tala um stýrivexti, sem enginn vissi reyndar hvað var.

**Bryndís:** Ég tók eftir breytingunum með ýmsum hætti, hún birtist til dæmis í umferðinni. Umferðin er spegilmynd af þjóðfélagsástandinu. Bílaflotinn var orðinn svo svakalegur og gassagangurinn mikill. Frekja og tillitsleysi keyrðu úr hófi. Í búðunum fylgdist ég með því hvernig fólk keypti í matinn. Mér blöskraði hvernig fólk bruðlaði í matarinnkaupum og sankaði að sér óþörfum hlutum. Það var líka allt orðið svo leiðinlegt, andlaust og forskrúfað. Fréttirnar snerust allar um kaup og sölu í Kauphöllinni, um verð á hlutabréfum og um dularfulla díla lánaháka í útlöndum. Mér fannst líka fáránlegt að geta ekki einu sinni farið á tónleika án þess að þurfa að þakka FL Group eða einhverjum slíkum fyrir í hvert sinn."

> Mér blöskraði hvernig fólk bruðlaði í matarinnkaupum og sankaði að sér óþörfum hlutum. Það var líka allt orðið svo leiðinlegt, andlaust og forskrúfað.

**Kolfinna:** „Við getum sagt sem svo að allir misstu vald sitt, verkalýðshreyfingin, þingmenn og ráðherrar, í hendur peningamanna."

Bryndís og Kolfinna eru báðar á því að hér á landi eigi að vera öflugt velferðakerfi og finnst skörð sem í það hafa verið höggvin skammarleg. Þær segja dvölina í Bandaríkjunum bara hafa styrkt þær í trúnni.

**Bryndís:** „Bandaríkin eru býsna brútalt samfélag. Ef þér hlekkist á í lífinu, og það hendir flesta einhvern tíma, þá er ekkert öryggisnet sem ver þig falli. Það var þetta sjálfhverfa samfélag sem fór fyrir brjóstið á mér þegar ég var þar, enda ólíkt því sem ég átti að venjast að heiman. Og sjokkið því kannski enn meira þegar ég kom heim úr útlegðinni og sá hversu hörkulegt, miskunnarlaust og amerikaníserað samfélagið var orðið hér."

**Kolfinna:** „Mamma er með marga góða punkta um þetta í bókinni sinni. Þar er hún að lýsa því hvernig hún upplifir mannlífið í mörgum ólíkum þjóðfélögum, Bandaríkjunum, Norðurlöndunum, Austur-Evrópu og í Miðjarðarhafsmenningunni. Frásagnir hennar eru oft með pólitísku ívafi."

### Allt snýst um peninga í Bandaríkjunum

Í umræddri bók segir Bryndís t.d. frá því hvernig hún upplifði Bandaríkin bæði sem sendiherrafrú og í gegnum skólagöngu barnanna hennar Kolfinnu.

**Bryndís:** „Það var ótrúlega spennandi að fá að upplifa aðra hlið samfélagsins, kynnast venjulegu fólki. Það var gaman að fara með börnin í skólann og fá að fylgjast með því hvernig kennaranum tókst að fá allan bekkinn til að tjá sig frá fyrsta degi. Þetta er ein góða hliðin á Ameríkönum, þeir geta alltaf staðið upp og talað frá eigin brjósti. Þessi stund í skólastofunni var kennslustund í lýðræði.

Þetta var í Washington D.C. sem er í vitund flestra höfuðborg heimsins og fæstir vita að 80% íbúanna eru blökkufólk. Meðal þeirra ríkir mikil fátækt og skólakerfi þeirra er í molum.

Börnin hennar Kolfinnu áttu t.d. að fara í hverfisskóla. Þar voru vopnaðir verðir á skólalóðinni og skilti sem á stóð „We don´t use drugs here". Þá mátti bóka það, að sögn þeirra sem til þekktu, að skólinn væri dópgreni. Litla drengnum, honum Starkaði, leist nú ekkert á umhverfið og okkur tókst að komast að í öðrum skóla, sem var líka ríkisskóli en alveg stórkostlegur.

**Kolfinna:** „Þetta var skóli sem auk framlaga frá ríkinu var rekinn af frjálsum framlögum foreldra og það má segja að mömmurnar hafi verið í fullri vinnu við að vera umboðsaðilar barna sinna, að safna peningum, ráða kennara og svo framvegis. Þá var nú gott að hafa mömmu því ég var auðvitað á fullu í mínu námi."

**Bryndís:** „Ég var farin að beita sömu brögðum til að safna pening fyrir skólann eins og til að hala inn pening handa menningarstofnunum borgarinnar. Ég hélt kvöldverðarboð, fólk borgaði aðgangseyri og peningarnir runnu til skólastarfsins."

**Kolfinna:** „Gallinn við Bandaríkin er hvað allt snýst mikið um peninga. Maður var skíthræddur um að börnin myndu veikjast því að það gat beinlínis kollvarpað fjárhagnum. Skólinn sem ég var í, American University, var algjör ríkra manna háskóli, fyrir utan styrkþega sem þar voru inni á milli."

**Bryndís:** „Ég get bætt því við að eftir heimkomuna var ég oft beðin um að segja frá Bandaríkjunum og reynslu minni af bandarísku þjóðlífi á fundum í allra handa klúbbum og félögum. Ég fann það fljótlega að ég talaði fyrir daufum eyrum, þegar ég lýsti hinu félagslega harðræði sem hinir efnaminni búa við í því þjóðfélagi."

**Kolfinna:** „Samt er fullt af fólki í Bandaríkjunum að segja hið sama. En Íslendingar hafa horft til Bandaríkjanna sem draumaþjóðfélags."

### Mótmæli eina úrræðið

Þá erum við komin aftur til Íslands í spjallinu og talið berst að nýjum og gömlum mótmælum. Kolfinna bendir á að í lokuðu klíkusamfélagi, þar sem það viðgengst að halda upplýsingum leyndum fyrir almenningi, eru mótmæli í krafti samtaka fólks oft einu úrræðin sem almenningur hefur til að veita valdhöfum aðhald. Mótmæli bandarískra stúdenta á sinni tíð gegn Víetnam-stríðinu náðu að lokum til almennings og gerðu valdhöfum ókleift að halda stríðinu áfram.

**Kolfinna:** „Mótmæli eru mikilvæg en það er líka mikilvægt að skilaboðin sem þau senda séu skýr. Og þau geta skilað árangri ef rétt er að málum staðið, eins og dæmin sanna."

Talið berst að mótmælunum sem Bryndís tók þátt í gegn veginum í gegnum Álafosskvos.

**Kolfinna:** „Þau mótmæli skiluðu árangri að því leyti að um þau var fjallað í blöðum og ráðamenn urðu þess vegna skelkaðir."

**Bryndís:** „Vegurinn er mistök og það sáum við strax. En kannski er Álafosskvosin dæmigerð fyrir ástandið sem hefur verið á Íslandi undanfarin ár. Ákvörðunin um veginn byggðist á hroka, ekki var hlustað á hinn almenna borgara, bara vaðið áfram í krafti peninga, alveg eins og í þjóðfélaginu öllu."

**Kolfinna:** „Það má segja að þetta hafi verið táknrænt, verktakarnir sem allt yfirtaka eru auðmennirnir, bæjarstjórnin er eins og ríkisstjórnin og Varmársamtökin fulltrúi fólksins sem heldur uppi mótmælum en enginn hlustar á."

Þar með berst talið að stjórnmálum og þjóðfélagsástandi samtímans sem bæði Bryndís og Kolfinna hafa mikla skoðun á. Þær vilja breytingar, nýtt fólk inn og nýtt kerfi og það strax.

**Kolfinna:** „Við höfum ekki tíma til þess að bíða eins og til dæmis Sjálfstæðisflokkurinn vill að við gerum. Íslenska þjóðin horfist í augu við hrun efnahagslífsins sem á eftir að kippa fótunum undan hversdagslegri tilveru fjölda fólks. Ekkert er eins og var. Það umboð sem stjórnarflokkarnir fengu í seinustu kosningum byggði á forsendum sem ekki eru lengur fyrir hendi. Hvernig þessi ríkisstjórn hagar sér er nóg sönnun þess hversu langt hún er komin frá kjósendum sínum, hversu illa þetta lýðræði okkar fúnkerar. Þau gríðarlegu vandamál sem við stöndum nú frammi fyrir verða ekki leyst í sátt við þjóðina nema með því að leggja málin í dóm þjóðarinnar. Ný ríkisstjórn þarf nýtt umboð til þess að ná árangri."

**Bryndís:** „Það fór ekki fram hjá mér um daginn að þingmenn eru sjálfir farnir að kvarta hástöfum undan upplýsingaskorti og áhrifaleysi. Hvað má þá segja um okkur hin? Bendir þetta ekki til þess að það séu alvarlegar veilur í okkar stjórnarfari, nefnilega að upplýst lýðræði hafi ekki náð að skjóta nægilega djúpum rótum? Eigum við ekki að láta þessa kreppu, sem við nú erum lent í, okkur að kenningu verða, nefnilega að taka stjórnarfarið – pólitíkina – til rækilegrar endurskoðunar?"



ithg
Consulting

**ITHG Consulting** er ráðgjafafyrirtæki í eigu Íslendinga í Osló, Noregi. Meðal viðskiptavina eru nokkur ráðningafyrirtæki í Noregi sem við aðstoðum við að leita eftir umsóknum frá Íslandi.



# Okkur vantar strax umsóknir fyrir störf í Noregi

Norskt fyrirtæki óskar eftir umsóknum fyrir störf í Osló. Um er að ræða verkefni hjá stóru alþjóðlegu IT fyrirtæki sem staðsett er í miðbæ Osló.

**Kröfur til umsækjenda:**

Þekking og reynsla af hluta eða öllu neðantöldu;

- **Citrix**
- **Cisco**
- **VmWare**
- **Microsoft**
- **Business Intelligence**
- **Database**
- **Java**
- **.net**
- **Sharepoint Portal Server**
- **Biztalk**
- **SAP**

**Við erum aðallega að leita að fólki með minnst 3 ára reynslu sem ráðgjafar eða verkefnastjórar innan IT geirans. Allar alþjóðlegar vottanir styrkja umsókn.**

Vegna mikillar eftirspurnar þá vantar okkur einnig verkfræðinga á skrá.

*Vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir til ithg@online.no og verður haft samband við viðkomandi í framhaldinu. Umsóknir þurfa að vera á ensku eða norðurlandamáli.*

**Mjög góð laun í boði**

CENTERPOINT™ www.centerpoint.no



**ÁST MILLI VAMPÍRU OG MENNSKRAR STÚLKU** Leikararnir Robert Pattinson og Kirsten Stewart í hlutverkum sínum sem Edward og Bella.

# Hugmyndin kom í draumi

Bandaríski rithöfundurinn **Stephenie Meyer** er sögð vera arftaki J.K. Rowling en bækur hennar um Ljósaskipti hafa eignast þúsundir aðdáenda um heim allan og kvikmynd byggð á fyrstu bókinni var frumsýnd hérlendis í vikunni. *Anna Margrét Björnsson* ræddi við konuna á bak við vampíruæðið mikla.

**Hvers vegna heldur þú að nútímafólk hrífist af rómantíkinni sem býr í vampírusögum?** Mannkynið hefur alltaf hrifist af skrímslum. Við eigum slatta af þeim, Frankenstein, uppvakninga og fleira en ég held að ástæða þess að vampírur eru vinsælastar sé sú að á meðan að önnur skrímsli eru einungis hræðileg og vekja hræðslu eru vampírur þau einu sem eru einnig heillandi. Vampírur geta verið fallegar og fágaðar, þær eru ungar að eilífu, sterkar og gáfaðar. Það eru tvær hliðar á vampírum sem önnur skrímsli hafa ekki. Ég held að fólk hrífist af þessari blöndu af góðu og illu.

**Varstu hissa á vinsældum „Ljósaskipta“-bókanna?** Algerlega. Ég skrifaði fyrstu bókina bara fyrir sjálfa mig. Mér finnst það alveg með ólíkindum að hún eigi sér svona marga aðdáendur um heim allan og stundum finnst mér erfitt að hugsa um það.

**Þú elst upp í mormónatrú. Stangast ekki svoleiðis bakgrunnur á við að upphefja myrkraverur eins og vampírur? Eða eru vampírur nútímans ekki eins illar og þær voru í bókmenntum 19 aldar?** Ég hef ekki lesið margar bækur um vampírur þannig að ég get eiginlega ekki borið vampírurnar mínar saman við þær. Ég var tiltölulega laus við staðalmyndir um vampírur þegar ég hóf að skrifa trílógíuna mína. Það eina trúarlega í skrifum mínum er að persónur bókanna hugsa um eilífðina. Mennskt fólk verður að hugsa um hvað gerist á eftir þessu lífi og lifa lífi sínu samkvæmt því. Persónurnar í bókunum hugsa líka á þann máta.Mér finnst þær verða raunverulegri og dýpri á þann hátt. En vampírurnar mínar eru alls ekki „illar“ eða „ógnvekjandi“. Meira að segja fjandsamlegu vampírurnar hafa sínar ástæður fyrir því.

**Hvenær fékkstu fyrst hugmyndina um að skrifa bók um vampíru og hafðir þú lengi hrifist af vampírusögum?** Ég valdi ekki að skrifa um vampírurnar, þær völdu mig. Ljósaskipti var innblásin af mjög sterkum draumi sem mig dreymdi í júní árið 2003 og þessum draumi er lýst þrettánda kafla bókarinnar. Ég var svo hugfangin af draumnum að ég festi hann strax á blað. Þegar ég var búin að því þá langaði mig til þess að vita hvað yrði um þessar mögnuðu persónur, og hélt bara áfram að skrifa.

**Hvers vegna heldur þú að konur séu sérstaklega hrifnar af hugmyndinni um ástmann sem er vampíra?** Ég get svo sem aðeins svarað hvers vegna konur eru svo hrifnar af vampírunni Edward í bókinni minni. Hann er í raun ástæðan fyrir vinsældum bókanna. Fólk heldur áfram að lesa vegna þess að það vill kynnast honum betur. Hann er séntilmaður og slíka menn er erfitt að finna nútildags. Það er líka eitthvað ómótstæðilegt við einhvern sem elskar þig meira en hann elskar sjálfan sig.

**Ófullnægð kynhvöt virðist krauma undir niðri í verkum þínum. Hvað ertu í raun að segja við ungmennin sem lesa bækurnar?** Ég er ekki að koma neinum sérstökum skilaboðum í sögurnar mínar, tilgangur þeirra er aðeins sá að skemmta lesendanum. Ég vona að unglingar sem lesa bækurnar njóti þeirra. En ég held hins vegar að fólk gleymi stundum hversu dásamleg ástarsambönd eru alveg í byrjun, litlir hlutir eins og þegar hann heldur í höndina á þér, fyrsti kossinn ... ég tel að margir missi af miklu ef þeir æða of fljótt í náið líkamlegt samband.

**Hverjar voru fyrirmyndir þínar að bókinni? Sóttir þú innblástur til vampíruhöfunda eins og Brams Stoker og Anne Rice?** Ég er enginn sérstakur aðdáandi hryllingsbókmennta og hef lítið lesið af vampírubókum. Það er hins vegar á dagskrá að lesa Bram Stoker þegar ég hef lokið öllum mínum eigin skrifum um vampírur.

**Hvers konar bækur last þú þegar þú varst ung?** Ég las aðallega fullorðinsbækur, stórar, þykkar bækur sem tók langan tíma að lesa. Meðal uppáhaldsverka voru Pride and Prejudice, Gone with the Wind, The Sword of Sahara, Jane Eyre og Rebecca. Ég er líka mikill aðdáandi Orsons Scotts Card, Shakespeares og Jane Austen.

**Hvaðan færðu hugmyndir þínar og hvenær dags ertu vön að skrifa?** Ég skrifa oftast á nóttunni þegar ég er ekki trufluð. Ég þarf aldrei að bíða eftir innblæstri. Það er alltaf eitthvað í höfðinu á mér sem þarf að komast á blað. Ég hins vegar verð að hafa tónlist í gangi á meðan ég skrifa til þess að ná réttum anda og réttum tilfinningum. Mér finnst best að skrifa við tónlist frá hljómsveitinni Muse. Það eru atburðir í bókunum sem hefðu aldrei átt sér stað ef ég hefði ekki hlustað í lögin hennar. Ég hlusta líka mikið á Arcade Fire, Linkin Park, Placebo, Interpol og Blue October. Mér finnst tónlist yndisleg og fæ aldrei nóg af henni.

**Hvaða ráðleggingar hefur þú handa ungum og upprennandi rithöfundum?** Ég myndi segja þeim að skrifa fyrir sjálfa sig fyrst. Það er ekki hægt að þóknast fólki því allir vilja lesa mismunandi hluti. Skrifaðu það sem þig myndi langa til að lesa. Og skrifaðu fyrir sjálfan þig alveg sama hvort einhver muni lesa skrif þín eða ekki.

> Vampírur eru einu skrímslin sem eru heillandi. Vampírur geta verið fallegar og fágaðar, þær eru ungar að eilífu, sterkar og gáfaðar.



**STEPHANIE MEYER** „ Ég hef aldrei hitt aðdáenda sem heldur í raun og veru að hann sé vampíra.“

**Bækur þínar eiga sér fjölda aðdáenda um heim allan. Hefur þú einhvern tíma áhyggjur af því að aðdáendur taki vampírurulluna of alvarlega?** Ég hef hitt þúsundir aðdáenda og þeir hafa allir verið yndislegir og alls ekki undarlegir. Ég hef enn ekki hitt nokkurn sem heldur í raun og veru að hann sé vampíra.

**Vampírur eru nú dálítið töff, alltaf í svörtum fötum og svalar. Sækir þú fatastíl til blóðsugna?** Nei, vegna þess að mínar vampírur eru ekki svona klassískar vampírur. Persónulega geng ég alltaf í litum, bláu, grænu og bleiku.

**Hversu nálægt bókinni finnst þér kvikmyndin vera og ertu ánægð með útkomuna?** Ég er virkilega ánægð með myndina. Hún er ekki alveg eins og bókin en hún gæti aldrei verið það. En hjarta Ljósaskipta er í myndinni. Robert Pattinson og Kirsten Stewart eru frábær í hlutverkum sínum og það gneistar á milli þeirra. Ástarsagan verður virkilega raunveruleg í þeirra höndum.

**Skammdegið á Íslandi ætti að vera kjörið umhverfi fyrir vampíru. Ert þú nokkuð væntanleg í heimsókn á næstunni?** Því miður, ég get það ekki. Ég varð að taka erfiða ákvörðun - að hætta við að ferðast um heiminn til að fylgja bókinni eftir til þess að geta verið heima hjá fjölskyldunni minni.

## ➜ Í LJÓSASKIPTUM

Bækurnar „Twilight“ eða Ljósaskipti á íslensku fjalla um stúlkuna Bellu sem flytur frá Arizona til þess að búa hjá föður sínum í Forks, Washington. Hún kynnist hinum dularfulla Edward Cullen í nýja skólanum en svo virðist sem hann þoli ekki að vera nálægt henni. Síðar kemst hún að því að Edward og fjölskylda hans eru blóðsugur sem eru hættar að drekka mennskt blóð og lifa á dýrablóði. Fljótlega fara þó Bella og Edward að fella saman hugi en vondar vampírur reyna að koma í veg fyrir hamingju þeirra.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL




45%
AFSLÁTTUR

**HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**
1869 kr./kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG




30%
AFSLÁTTUR

**ALI HAMBORGARHRYGGUR** M/BEINI
1329 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.




40%
AFSLÁTTUR

**KF LÆRI EINIBERJAKRYDDAÐ**
1455 kr./kg. MERKT VERÐ 2425 KR./KG.

BAUNIR EÐA MALAÐ




298
**BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR**
900g 298 kr

198
**BÓNUS SMÁBRAUÐ**
15 stk 198 kr.

498
**TE & KAFFI JÓLAKAFFI**
400g 498 kr.

179
**TRÓPÍ** 1 LTR.
179 kr.

698
**NF FROSIN ÝSUFLÖK**
MEÐ ROÐI BEINLAUS
698 kr./kg.




459
459

**PAPCO JÓLAELDHÚSRÚLLUR** 3 RÚLLUR 459 kr.
**PAPCO JÓLA WCPAPPÍR** 6 RÚLLUR 459 kr.




698
698

**PEPSI KIPPA & COKE LIGHT** 6 x 2 lítrar 698 kr

RAFRÆNA BÓNUS GJAFAKORTIÐ FÆST Á SKRIFSTOFU BÓNUS

BÓNUS GJAFAKORT

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUDAGA 12.00-18.00



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreiðar Jónsson**
Norðurbrú 5, Garðabæ,

lést miðvikudaginn 3. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Þórdís Jóna Sigurðardóttir**
**Sigurður Arnór Hreiðarsson** **Kristín Ragna Pálsdóttir**
**Guðrún Erna Hreiðarsdóttir**
**Valdimar Hreiðarsson** **Thanita Hreiðarsson**
**Birna Hreiðarsdóttir** **Pétur Gunnar Thorsteinsson**
**Guðlaug Dröfn Hreiðarsdóttir** **Ásgrímur Skarphéðinsson**
**Sólveig Sif Hreiðarsdóttir** **Ólafur Arnarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Oddur Gunnarsson**
bóndi, Dagverðareyri við Eyjafjörð,

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 30. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 9. desember kl. 13.30.

**Gígja Snædal**
**Fríða Oddsdóttir** **Indriði Þröstur Gunnlaugsson**
**Rannveig Oddsdóttir** **Svanlaugur Jónasson**
**Jóhanna María Oddsdóttir**
**Þórgunnur Oddsdóttir** **Birkir Baldvinsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Kristinn Óskarsson**
fyrrverandi lögreglumaður,
Hæðargarði 35,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 9. desember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á líknarstofnanir.

**Ágústa Jónsdóttir**
**Óskar Kristinsson** **Jarþrúður Williams**
**Anna K. Östmark** **Gunnar Östmark**
**Eyrún Kristinsdóttir** **Haraldur A. Haraldsson**
**Jón Gnarr** **Jóhanna Jóhannsdóttir**
**Guðmundur Óskarsson**
**Guðrún Óskarsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



*Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og jarðarför ástkærrar frænku okkar,*

**Þóru Helgadóttur**
frá Merkigarði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Sauðárkróks fyrir frábæra umönnun.

**Elín I. Karlsdóttir** **Arnþór Pálsson**
**Ólafur Guðmundsson** **Sigríður Sæmundsdóttir**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir** **Auðunn Ágústsson**
**Helgi Þór Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,*

**Sigurður Már A. Sigurgeirsson**
Fannafold 115,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 8. desember kl. 13.00.

**Hlíf Kristófersdóttir**
**Sigurgeir Már Sigurðsson** **Sæmunda Fjeldsted**
**Ólöf Vala Sigurðardóttir** **Einar Örn Einarsson**

**BANDARÍSKI TÓNLISTARMAÐURINN TOM WAITS ER 59 ÁRA.**

*„Píanóið hefur verið að drekka, ekki ég.“*

***Tom Waits hóf að gera plötur í byrjun áttunda áratugarins og er enn mikilvirkur í útgáfu. Hann hefur einnig samið tónlist fyrir kvikmyndir og leiksýningar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. DESEMBER 43 F. KR.

## Cíceró ráðinn af dögum

Marcus Tullíus Cíceró var rómverskur stjórnmálamaður, heimspekingur og rithöfundur, og er almennt talinn meðal bestu höfunda á latínu í óbundnu máli. Af 88 ræðum hans sem voru ritaðar niður hafa 58 varðveist. Hann skrifaði fjölmörg rit um heimspeki og mælskufræði og hafa tvö þeirra komið út á íslensku, Um vináttuna og Um ellina.



Cíceró var einn af helstu talsmönnum rómverska lýðveldisins en honum tókst ekki að koma í veg fyrir hnignun þess þegar ákveðnir menn hrifsuðu til sín meiri völd. Hann var andstæðingur Júlíusar Sesars en átti ekki þátt í morðinu á honum. Cíceró var fjandmaður Markúsar Antoníusar en þegar Antoníus tók saman við Oktavíanus, síðar Ágústus keisara, og Lepidus og þeir mynduðu þremenningasambandið síðara heimtaði Antoníus að nafn Cíceró yrði sett á lista yfir þá



*Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra,*

**Valdimars Jörgenssonar**
Laugarnesvegi 87, Reykjavík.

**Arndís Jónsdóttir**
**Jörgen H. Valdimarsson** **Björg Valsdóttir**
**Jórunn Valdimarsdóttir** **Sigurður Freysson**
**Gunnar Valdimarsson** **Lára Á. Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**



*Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,*

**Katrínar L. Hjaltested Hall**
ljósmóður.

Guð blessi ykkur öll.

**Frank Pétur Hall** **Guðlaug Magnúsdóttir**
**Sigurður Lárus Hall** **Svala Ólafsdóttir**
**Ragnheiður Kristín Hall** **Sigurður Rúnar Ragnarsson**
**Sigurveig Salvör Hall** **Gunnar Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Esther Jónsdóttir**
Gran Kanarí, áður til heimilis að Miklubraut 44, Reykjavík,

lést á kvennadeild Landspítalans miðvikudaginn 3. desember. Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 10. desember kl. 15.

**María Guðmundsdóttir** **Sigurður Hansen**
**Jón Guðmundsson** **Helga Guðmundsdóttir**
**Marteinn Reynir Guðmundsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Tómas Þorvaldsson**
Gnúpi, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 2. desember síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Grindavíkurkirkju þriðjudaginn 9. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík.

**Eiríkur Tómasson** **Katrín Sigurðardóttir**
**Gunnar Tómasson** **Rut Óskarsdóttir**
**Stefán Þorvaldur Tómasson** **Erla Jóhannsdóttir**
**Gerður Sigríður Tómasdóttir** **Jón Emil Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**HLUSTAÐ AF ÁHUGA** Erla Bjarnadóttir amma segir börnunum á Foldaborg frá jólunum í gamla daga og sýnir þeim jólaskraut og muni frá sínum bernsku jólum.

**SÖGUBÍLLINN:** MIÐLAR JÓLAMINNINGUM

# Amma segir frá b

Bryddað var upp á þeirri nýjung þetta árið í Sögubílnum Æringja að með honum ferðast ömmur milli leikskóla borgarinnar og segja leikskólabörnunum frá jólaminningum sínum. Erla Bjarnadóttir er ein þeirra.

„Mér leist nú ekkert á þetta fyrst og hélt að ég myndi ekkert muna til að segja frá,“ segir Erla hógvær. „Ég sá fyrir mér krakkahóp eins og í barnaafmælum þar sem þau hlaupa um og allt er í háa lofti og hélt að ég gæti ekki haft stjórn á neinu. En svo eru þau svo prúð og yndisleg og hafa svo gaman af að hlusta. Mörg þeirra koma og faðma mig eftir sögustundina.“

Erla hefur með sér gamla muni og jólaskraut úr bernsku sem hún sýnir krökkunum meðan hún segir frá. Óhætt er að segja að leikskólabörn dagsins í dag kannist lítið við þá jólasiði sem Erla segir þeim frá. „Þá var nú hvorki kominn ísskápur né hrærivél. Við fengum aldrei



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðlaug Einarsdóttir**
Víghólastíg 14, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 28. nóvember, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 10. desember kl. 15.00.

**Sveinbjörn Björnsson**
**Björn Már Sveinbjörnsson**
**Einar Örn Sveinbjörnsson** **Guðrún Karlsdóttir**
**Hólmfríður Frostadóttir**
**Ísak Helgi Einarsson**
**Þorvaldur Bragason** **Guðrún Jóhannsdóttir**
**Birna Þorvaldsdóttir**
**Bragi Þorvaldsson**



# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]
Desember 2008

Forréttir með fyrirheit um góðar stundir

## Þjóðlegt, hollt og gott

Hvalkjöt og sykurbrúnaðar kartöflur

## Ljúffeng tilbreyting

Jón Þór Finnbogason eldar rjúpur um jólin

## Veislukrásir veiðimannsins

# *Hátíð í bæ*

Gómsætir aðventu- og jólaréttir

YESMIN OLSSON KÝS KRYDDAÐAN MAT LOSTÆTI ÚR LÍFRÆNA GEIRANUM
GLEYMUM EKKI GÆLUDÝRUNUM APPELSÍNUILMUR UM JÓLIN

## HELGUSTU MÁLTÍÐIR ÁRSINS

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

Lífið er ljúft í desember. Þá verður loks viðeigandi að vera annálaður sælkeri og leyfi fengið, án innprentunar sektarkenndar, til að hafa konfekt og sætabrauð á matseðli hvers einasta dags.

Eftir daglega, dísæta súkkulaðifígúru í jóladagatali dimmra desembermorgna þykir fátt sjálfsagðara en mjúkbakaðar mömmukökur með ískaldri mjólk í morgunmat, glitrandi súkkulaðitrufflur í millimál, heimalagaður konfektís í hádeginu, hálfmánar og lakkrísmarengs með síðdegiskaffinu og sérrífrómas sem lystauki meðan hugað er að dásemdum pottanna um kvöldmatarleytið. Í blikandi jólaljósum desemberkvölda er svo blátt áfram aðkallandi að maula nýbakaða lagtertu með heittsötruðu súkkulaði yfir jólakortaskrifum og tilheyrandi jólarómantík.

Angan í andrúmslofti jólamánaðarins gefur einnig fögur fyrirheit og vekur hjá flestum ljúfar minningar um hamingjujól æskunnar og yndislegar samverustundir stórfjölskyldunnar yfir jólaborðum hátíðanna. Þegar kryddaðan ilm af bakstri leggur yfir þök húsanna meðan himinninn skartar bleikum og bláum skýjaslæðum, unaðslega þjóðlegt hangikjöt er soðið í hverju skreyttu koti og kæst skata ýfir vitin á Þorláksmessu. Þá er gaman að lifa og láta sig hlakka til þess sem koma skal; þessa undurs og kraftaverks sem sækir okkur heim á ári hverju og meyrir hjörtun um leið og safaríkar steikur og sjálfan boðskap hátíðanna, sem er fegurstur allra.

Þessi jól verða eflaust íburðarminni í veisluhaldi en gengin jól á undan. Líklega munu flestir kjósa að gefa ívið minna af veraldlegu ríkidæmi, en útdeila þeim mun örlátar af hjarta sínu, kærleik og manngæsku. Setja fleiri krónur í sæta munnbita jólanna en yfirdrifnar gjafir, svo allir geti notið samveru, gestrisni og allsnægta við jólaborðið, sem ávallt hefur verið kappkostað á íslenskum jólum. Hefðirnar verða vitaskuld á sínum stað en alltaf er skemmtun fólgin í því fyrir bragðlaukana að prófa eitthvað nýtt í bland, eins og finna má í uppskriftum hér í blaðinu, þar sem hvalkjöt, bleikja og annað framandi er borið fram í félagi við rjúpur, hamborgarhrygg og hefðbundinn jólamat.

Verum nægjusöm, lífsglöð og þakklát fyrir það sem við eigum, fáum og njótum um jólin. Sælla er að gefa en þiggja. Gefum því í botn af sjálfum okkur því hvert og eitt okkar er það dýrmætasta sem hin okkar í lífinu eiga, og einmitt kærleikur Jesúbarnsins, fólkið okkar og maturinn sem skapar fegurstu minningarnar jólanna og gerir sjálf jólin að jólum.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

F Forréttur · A Aðalréttur · M Meðlæti · Hvunndags/til hátíðabrigða · Til hátíðabrigða · Fuglakjöt · Annað kjöt en fuglakjöt · Fiskur · Grænmeti

**matur** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örlygsdóttir og Roald Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

Matsveinanám
Náðu þér í starfsréttindi!



Á vorönn 2009 býður Menntaskólinn í Kópavogi upp á matsveinanám
Námið er eitt ár og veitir matsveinaréttindi

Kennt er frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 18:00

Menntaskólinn í Kópavogi
Baldur Sæmundsson • s.5944000 • baldur.saemundsson@mk.is



Ingimar fékk Þóri Bergsson hjá Manni lifandi til að aðstoða sig við eldamennskuna. MYND/ÚR EINKASAFNI

# INDÆL STEIK



Ingimar Ingimarsson, framkvæmdastjóri hjá Bio-vörum, hefur hollan mat í hávegum og kýs lífrænt lambakjöt um jólin.

Hollt og gott!

Lambakjöt klikkar aldrei enda á ferðinni okkar elsti þjóðarréttur. Margir setja reyndar jafnaðarmerki milli þess og sunnudagssteikarinnar en með vissri meðhöndlun má hæglega matreiða úr því öndvegis jólamat," segir Ingimar Ingimarsson, framkvæmdastjóri hjá Biovörum. Hann ætlar að hafa lífrænt fullmeyrnað lambakjöt í jólamatinn og segir það að auki fremur ódýrt í innkaupum.

„Svo er mjög auðvelt að elda lambakjötið. Því er einfaldlega skellt inn ofninn og látið steikjast eftir því hvernig menn vilja hafa það, léttsteikt og bleikt eða moðsteikt eins og mér finnst langbest. Þá er soðið af kjötinu svo gott að engin aukaefni þarf."

Ingimar hefur enn ekki ákveðið hvað hann ætlar að hafa með jólasteikinni, en segir þó nokkra möguleika í stöðunni. „Það fer allt eftir því hvernig kjötið er eldað. Rauðkál, grænar baunir og rabarbarasulta væru tilvalin með sunnudagssteikinni; þá er hægt að láta grænmeti eins og tómata, papriku og hvítlauk steikjast með; eplasalat, sulta og blaðlaukur ýta undir villibráðarbragð og rjómaostasósa og maís passa svo vel við grillsteik." - rve

## LAMBALÆRI FRÁ HIMNESKRI HOLLUSTU

*Kryddið lamb með salti og pipar. Stingið rósmarínstönglum í það. Dreifið 8 söxuðum hvítlauksgeirum yfir. Hellið ólívuolíu yfir. Bakið í eldföstu móti í ofni á 160°C í 1–1,5 klukkutíma.*

**RÓSMARÍNKRYDDUÐ VILLISVEPPASÓSA**

**2 pakkar sveppir**
**100 g villisveppir**
**½ hnefi rósmarín**
**2 stk. laukar**
**1 stk. hvítlauksgeiri**
**1 tsk. Dijon-sinnep**
**Örlítið karrý**
**Örlítill lamba- eða Grænmetiskraftur**
**2-3 dósir kókosmjólk**

*Steikið lauk þar til hann er meyr; næst hvítlauk og sveppi. Bætið hinu hráefninu við og blandið við kókosmjólk. Má þykkja með maizena.*

**WALDORFSALAT**

**1 stilkur vínber**
**100 g valhnetukjarnar**
**2-3 græn epli**
**1 sellerý**
**Tæpur peli af þeyttum rjóma**
**2 msk. sýrður rjómi**
**2 msk. agavesíróp**

*Skerið niður og blandið saman.*

**HEIMATILBÚIÐ RAUÐKÁL**

**1 dl agavesíróp**
**2 dl eplaedik**
**Örlítið salt**
**1 rauðkálshaus**

*Saxið rauðkál niður eftir smekk. Setjið í fremur stóran pott ásamt sírópi, eplaediki og salti. Látið malla við vægan hita í um 3 klukkutíma.*

VERSLUN SÆLKERANS

## Ostaverslunin Búrið



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ostaverslunin Búrið opnaði í Nóatúni 17 nú á haustmánuðum en þar er boðið upp á gott úrval af íslenskum og erlendum ostum. Auk þess er þar að finna ýmislegt tilheyrandi eins og sultur, kex, kæfur, ólívur og fleira.

„Upphaflega hugmyndin var að bjóða að mestu upp á sérvalda erlenda og innlenda osta, handgerða osta og býlisosta en í ljósi aðstæðna höfum við þurft að taka einhverja hliðarsveiflu," segir Eirný Sigurðardóttir, eigandi verslunarinnar.

Hún hefur verið búsett í Edinborg í tæplega tuttugu ár og eru áhrif frá Bretlandseyjum auðsjáanleg í versluninni. „Ég er mjög hrifin af breskum ostum en ostamenning Breta er jafn gömul ostamenningu Frakka. Franskir ostar eru auðvitað dýrlegir en þar sem bestu ostarnir eru ógerilsneiddir er lítið um innflutta franska osta."

Eirný horfir því mikið til Bretlands og er meðal annars með úrval osta frá Neal's Yard Dairy en fyrirtækið hefur getið sér frægðar fyrir handgerða osta og býlisosta og hefur í fjölmörg ár stutt fjárhagslega við bakið á breskum bændum og ostaframleiðslu þeirra. Nú er von á jólapöntun frá þeim og býður Eirný upp á hina ýmsu ostabakka og gjafaöskjur sem henta yfir hátíðarnar.

# Ilmurinn úr eldhúsinu...

## Alvöru jólakrydd frá Sonnentor

Fjölbreytt úrval kryddtegunda

*Lífrænu gæðakryddin frá Sonnentor gera gott betra*







## Jólagjafir sem ylja um hjartarætur

Vandaðar tevörur í jólapakkann

*Te í lausu og í pokum, hunang, tekönnur, tekatlar o.m.fl.*

## Panettone jólakakan

Á aðventunni og jólunum

*Girnilegar ítalskar jólakökur í fjölbreyttum umbúðum.*







## Maldon salt & pipar

Ómissandi um hátíðarnar

*Uppáhald matreiðslumeistara og sælkera um víða veröld.*



heilsa
–hafðu það gott

heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi & Akureyri

## LEYNIVOPNIÐ



Yesmin er ófeimin við að nota framandi kryddtegundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Krydd í tilveruna

Matgæðingurinn og listakokkurinn Yesmin Olsson hefur hollustu og einfaldleika í fyrirrúmi í sinni matargerð og er óhrædd við að prófa nýjungar. Hún segist eiga ýmis leynivopn í eldhúsinu sem hafa reynst henni vel í gegnum tíðina, þar á meðal alls kyns krydd sem hún telur nauðsynlegt að eiga í góðu úrvali og þá ekki síst um jólin.

„Sum leynivopnin eru árstíðarbundin en önnur nota ég síðan allt árið um kring, svo sem krydd og mortél. Kryddið hentar vel til að bragðbæta kjötið á pönnunni og svo er gott að setja negul, kanil eða kardimommur á pönnuna til að fá góðan ilm yfir jólin.“

Yesmin segist prófa sig áfram með alls konar krydd, sem gætu sumhver virst landsmönnum framandi eins og fram kemur í bók hennar Framandi & freistandi 2 - indversk & arabísk matreiðsla.

„Í þessari bók kenni ég fólki meðal annars að nota krydd í uppskriftum sem ég hef einfaldað mjög mikið. Hafirðu keypt grunnkryddin á annað borð á einfaldlega að vera hægt að nota þau. Þetta er í raun spurning um að nota krydd sem við þekkjum og þora svo að taka smá áhættu,“ segir hún og bætir við að ekki eigi að vera neitt tiltökumál að verða sér úti um kryddin sem notuð eru í bókinni.

Blandari er annað leynivopn sem Yesmin nefnir til sögunnar en að hennar sögn fer í hann ógrynni af grænmeti, ávöxtum, salti og svo kryddi. En hvað skyldi hún ætla að hafa í matinn um jólin?

„Oftast hef ég verið með kalkún um jólin og fer þá pínulítið amerísku leiðina með hann,“ viðurkennir hún og bætir við að lambakjöt sé líka tilvalið að hafa í jólasteikina. „Ég ætla svo að reyna að hafa matinn í hollari kantinum, nota sojarjóma sem er hollari en sá venjulegi og hefur komið verulega á óvart. Hann grípur svo vel í kryddið.“

- rve

## margt smátt



**RJÚKANDI JÓLAGLÖGG** Skemmtilegur siður er að hóa saman vinum og kunningjum og súpa á heitri jólaglögg og gæða sér á piparkökum. Hér er uppskrift að auðveldri jólaglögg sem allir ættu að geta búið til: 1 flaska rauðvín, 1 appelsína, 15 til 20 negulnaglar, ½ vanillustöng og 1 dl sykur. Hellið víninu í pott. Stingið negulnöglunum í appelsínuna og leggið í pottinn og látið malla um stund. Bragðbætið með vanillu og sykri. Glöggin er best rjúkandi heit.

**GLEYMUM EKKI DÝRUNUM** Jólin eru tími allsnægta í mat og drykk. Hvort sem fjölskyldan gæðir sér á rjúpum, hamborgarhrygg eða hangikjöti á aðfangadag má ekki gleyma minnstu meðlimunum, gæludýrunum. Þau þurfa ekki mikið og eru ánægð með flest. Bæði má kaupa dós af góðgæti úti í búð en fyrir þá sem vilja vera sérstaklega góðir er hægt að taka frá örlítið af jólamatnum fyrir hina fjórfættu vini. Þó er ekki mælt með því að gæludýr fái mjög saltan eða kryddaðan mat. Þá má einnig benda á að þó að okkur mannfólkinu þyki súkkulaði gott þá getur það verið beinlínis hættulegt fyrir hunda. Harðfiskur eða þurrkuð lifur eru þá skárri kostur.



1




3



2



1. Trönuber má nota í bland við önnur ber í kökur. 2. Í Bandaríkjunum eru trönuber vinsæl í sósu á Þakkargjörðardag. 3. Trönuber hafa lengi verið notuð í matargerð. 4. Úr berjunum má búa til hlaup.

4



HRÁEFNIÐ: **Trönuber**

# Gleðja skilningarvitin

Tilteknar tegundir trönuberja hafa um langt skeið verið vinsælar í matargerð og í Bandaríkjunum er til dæmis rík hefð fyrir því að sjóða þau í sósu sem borin er fram með kalkúni á þakkargjörðarhátíð.

Sósuna má hæglega nota við önnur hátíðleg tilefni, eins og um jólin eða áramót og bragðast hún einnig vel með villibráð, lambakjöti, sumum fisk og jafn vel út á ís.

Þá er til siðs að nota trönuber í ýmsa eftirrétti, kökur, bökur og sultur. Berin eru til dæmis alveg tilvalin í hafrakökur og heimagerðar ískökur og sultu úr þeim má síðan smyrja ofan á snittur.



Þá er hægt að búa til úr trönuberjum ljúffengan og hollan safa, enda eru berin bæði C-vítamínrík og innihalda efni sem af sumum eru talin virka mjög vel gegn blöðurbólgu.

Þess utan er hægt að nota trönuber í borð- og jólaskreytingar, svo sem í kransa, með greniskreytingum eða einfaldlega með því að dreifa þeim yfir hátíðarhlaðborð.

- rve

# UNAÐSLEGUR APPELSÍNUILMUR

Appelsínur skreyttar negulnöglum bera jólailminn á heimilið auk þess sem þær fegra og bæta umhverfið. Hér eru leiðbeiningar um hvernig á að bera sig að við að búa til slíkt öndvegis skraut.

Þú þarft: Appelsínu, málaralímband, lítinn nagla eða tannstöngul, heila negulnagla og borða.

Það sem þú gerir:

1. Fyrst skiptir þú appelsínunni í fjóra jafna hluta með límbandinu.
2. Ákveður hvers konar mynstur þú vilt búa til á appelsínuna.
3. Gerir göt með naglanum í börkinn á appelsínunni til að stinga negulnöglunum í. Ekki skal búa til göt á börkinn sem límbandið hylur.
4. Þegar búið er að búa til mynstrið skal taka límbandið af. Klippið tvo 70 cm langa borða.
5. Bittu annan bútinn utan um appelsínuna og búðu til hnút efst.
6. Hinn borðinn er einnig bundinn um appelsínuna og slaufa hnýtt efst.
7. Nú er hægt að binda saman enda fyrsta borðans til að búa til lykkju svo hægt sé að hengja appelsínuna upp.

- sg



**Appelsínur skreyttar negulnöglum bera jólailminn um heimilið og fegra og kæta.** NORDICPHOTS/GETTY




# SÚKKULAÐIÁST

## – uppskriftir fyrir alla súkkulaðiaðdáendur

Nói Síríus hefur verið í fararbroddi í framleiðslu á gæðasúkkulaði á Íslandi áratugum saman. Síðustu fjórtán ár hefur Nói Síríus gefið út uppskriftabæklinga til að koma til móts við þann stóra hóp sem hefur gaman af að baka og gera konfekt. Að þessu sinni ræðst Nói Síríus í útgáfu bókar með girnilegum uppskriftum. Bókin heitir *Súkkulaðiást* og er í senn glæsileg og vönduð, fallega myndskreytt fróðleiksnáma um súkkulaði, eiginleika þess og áhrif. *Súkkulaðiást* er óskabók í eldhúsið þitt – og sannkölluð draumagjöf.




NÓI SÍRÍUS

## Í ELDHÚSKRÓKNUM



**HNOTUBRJÓTUR**
Klassískur hnotubrjótur úr versluninni Duka á 1.450 krónur.



**RIFJÁRN MEÐ STÍL**
Þetta skemmtilega píramídalaga rifjárn úr stáli er hægt að fá í þremur stærðum. Það minnsta hentar til dæmis vel fyrir engifer og hvítlauk og það stærsta fyrir kartöflur og grænmeti. Fæst í Tékk kristal á 2.700 krónur.



**FRUMLEG MÆLISKEIÐ** Þessi skeið leysir allar hinar mæliskeiðarnar af hólmi. Hægt er að stilla skeiðina á allt frá 1/8 úr teskeið upp í tvær matskeiðar eða 30 ml. Skeiðin er vatnsheld og er hægt að fá svipað tæki með bollastærðum. Kostar 1.990 krónur í Duka.



**SALT OG PIPAR**
Það er stæll yfir þessum salt- og piparkvörnum frá merkinu Carl Mertens. Saltkvörnin er með silfurlita sveif en piparkvörnin svarta. Þær fást í Villeroy & Boch og kosta 9.100 krónur stykkið.

A

### HVALSTEIK MEÐ PIPARSÓSU

*Aðalréttur fyrir 4*

**800 g hrefnukjöt, kjötið þarf að þiðna áður en það er steikt**
**Grill- og steikarolía**
**Sítrónupipar**

*Skerið hvalkjötið í eins sentímetra þykkar sneiðar. Dýfið sneiðunum í steikarolíu og setjið síðan á þurra og snarpheita pönnuna. Steikið í 37 sekúndur á fyrri hlið og 36 sekúndur á seinni hlið. Kryddið með sítrónupipar.*

**PIPARSÓSA**
**250 ml mjólk**
**250 ml rjómi**
**Smjörbolla eða sósuþykkir í pakka**
**4 steiktir sveppir, settir út í sósuna**
**2 tsk. kjötkraftur**
**2 dl sérrí**
**1 tsk. sítrónupipar**
**1 tsk. svartur pipar, malaður**















Léttsteikt hrefnukjöt með sykurbrúnuðum kartöflum og piparsósu væri ljúffeng tilbreyting á jólaborðið.



Hefðbundið villibráðarmeðlæti fylgir hvalkjötinu en sojasósan hentar því hráu.



Hvalkjötið er fitulítið og mjúkt undir tönn. Stefán segir það bragðast vel hrátt. Engin aukaefni eru í hvalkjötinu þar sem hvalurinn syndir óháður í sjónum.



Wasabi, fersk engiferrót og sojasósa eiga vel við hvalkjötið og þá er það ljúffengur forréttur á hátíðarborðið á undan villibráðinni.

# Sjávarfang með sykurbrúnuðum

Margir eru fastheldnir á hefðir þegar kemur að jólamatnum og vinsældir hamborgarhryggsins dvína seint. Hvalkjöt á hátíðarborðið er þó spennandi og bragðgóður kostur fyrir þá sem vilja reyna eitthvað nýtt og spennandi í jólamatinn.

Fólk þarf nú að vera svolítið opið fyrir því sem er framandi til að hafa hvalsteik í jólamatinn, en það er kannski oftar til í eitthvað nýtt um áramótin," segir Stefán Úlfarsson, matreiðslumaður á veitingahúsinu Þremur frökkum. Stefán hefur matreitt hvalkjöt í tuttugu ár og segir það tilvalið í hátíðarmatinn.

„Hvalkjöt er í rauninni bara villibráð og getur hanterast sem slíkt. Þetta er ódýrt og mjög gott kjöt ef rétt er með farið. Aðalmálið er að ofsteikja það ekki, nota góða bita og skera tvo millimetra utan af kjötinu til að losna við lýsisbragð. Það er bæði hægt að steikja hvalkjötið eins og mínútusteik en líka eins og þykka nautasteik. Láta það þá bara aðeins jafna sig í ofninum."

Meðlætið segir Stefán geta verið hefðbundið meðlæti með villibráð, sykurbrúnaðar kartöflur, waldorfsalat og piparsósa. Einnig segir hann hvalkjöt tilvalið hrátt sem forréttur.



Stefán matreiðslumaður á Þremur frökkum matreiðir hvalkjöt sem hátíðarmat og segir hvalkjötið mjúkt og bragðgott.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er mjúkt kjöt og lítil sem engin fita í því. Það er mjög gott að borða það hrátt eins og Japanirnir gera, með sojasósu og wasabi. Þetta er líka svo heilbrigt kjöt því ólíkt nautakjötinu eru náttúrulega engin aukaefni í hvalnum."

- rat



# Glæsilegar
## jóla- og áramóta
## gjafakörfur

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

### Ómótstæðilegar sælkeravörur fyrir þá sem skipta þig máli...

Bjóðum upp á margar gerðir af **sælkeragjafakörfum** til að gleðja viðskiptavini og starfsfólk.

Hafðu samband í síma **511 4466** eða skoðaðu heimasíðuna okkar **www.kokkarnir.is** og fáðu upplýsingar um verð og hvaða körfur henta þér.




KORTER.IS

Kokkarnir veisluþjónusta - sími 511 4466 - kokkarnir@kokkarnir.is - www.kokkarnir.is

Bollaleggingar



» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA






Hrefna Rós skreytir réttinn meðal annars með gúrku en hún passar vel með þar sem hún er fersk. Pikkluðu rauðrófurnar eru síðan skornar í hring.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Nýstárleg matreiðsla á sígildum forrétti

**Graflax er algeng fæða á íslenskum heimilum yfir hátíðarnar. Hægt er að bregða frá venjunni og grafa sinn eigin fisk en Hrefna Rós Sætran, yfirkokkur og eigandi Fiskmarkaðarins, útbjó fyrir okkur grafna bleikju með nýmóðins graflaxsósu.**

Þetta er frekar klassískur forréttur með smá tvisti þannig að hann kemur líka á óvart," segir Hrefna Rós Sætran, yfirkokkur og eigandi veitingastaðarins Fiskmarkaðurinn.

„Rétturinn er í raun frekar einfaldur en þó þarf að gefa sér tíma til að grafa fiskinn. Í raun má grafa alls konar fisk. Það getur verið lúða, lax eða skötuselur en í þetta sinn notaði ég bleikju sem ég svo steikti," útskýrir hún og bætir við að það sé smekksatriði hversu mikið grafinn fiskurinn er.

Kryddblandan sem Hrefna útbjó er fremur nýstárleg með kardimommum og stjörnuanís og kanillinn gefur hátíðlegan blæ. Sósan er líka ný af nálinni. „Hún er frekar mild og passar mjög vel með þessum fiski. Það myndi ekki virka að vera með venjulega graflaxsósu," segir Hrefna áhugasöm og nefnir að réttinn standi til boða á matseðli Fiskmarkaðsins. „Þar er rétturinn reyndar aðalréttur. Við bjóðum upp á níu rétta jólaborðsseðil þar sem réttirnir eru bornir fram á borðið til fólksins. Við erum ekki með þetta týpíska en erum samt með jólalegt hráefni," segir hún um matseðilinn þar sem velja má um ferska og holla rétti. „Við erum töluvert í asískri matreiðslu úr íslensku hráefni."

- hs



Hrefna Rós Sætran útbýr ferska og gómsæta rétti á Fiskmarkaðnum og nú fyrir jól er þar boðið upp á níu rétta jólaborðseðil.

## LÉTTGRAFIN BLEIKJA með pikkluðum rauðrófum, agúrkum og blómkáli

**BLEIKJA**

**1 stk. bleikjuflak**
**50 g Himalajasalt (má nota hvaða salt sem er)**
**50 g sykur**
**2 stk. stjörnuanís**
**4 stk. kardimommur**
**1 stk. kanilstöng**
**1 stk. rautt greip**

*Beinhreinsið bleikjuflakið. Takið þurrkryddin og merjið í mortéli. Bætið saltinu og sykrinum í. Setjið kryddblönduna í mót, bleikjuna þar ofan á og síðan meiri kryddblöndu yfir. Grafið í 3 klukkustundir í kæli. Hitið olíu á pönnu. Steikið bleikjuna á roðhliðinni í um 3 mínútur. Þar sem bleikjan er grafin er mjög gott að hafa hana létt eldaða.*

**PIKKLAÐAR RAUÐRÓFUR**

**2 stk. rauðrófur**
**50 ml hrísgrjónaedik**
**50 g sykur**
**1 msk. hunang**

*Skerið rauðrófurnar niður. Blandið edikinu, sykrinum og hunanginu saman. Leggið grænmetið í löginn yfir nótt eða eftir smekk.*

**NÝMÓÐINS GRAFLAXSÓSA**

**100 g majónes**
**2 msk. púðursykur**
**2 msk. sojasósa**
**½ stk. rautt chili fínt saxað**
**Ferskt dill eftir smekk**

*Blandið öllu hráefninu saman í skál. Saxið dillið og bætið út í.*



## Bókhald

Innflutningsfyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmann til bókhaldsstarfa.

Starfið felur í sér: fjárhagsbókhald, viðskiptamannabókhald, laun, tollskýrslugerð, ásamt almennum skrifstofustörfum.

Þekking og reynsla í bókhaldi eru skilyrði. Reynsla í notkun á Navision er æskileg.

Um heilsdags og framtíðar starf er að ræða.

Upplýsingar um menntun og fyrri störf sendist á FBL merkt: Bókhald á box@frett.is fyrir 11. des.

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords
www.hsvest.is



## Tækifæri á Ísafirði

Háskólasetur Vestfjarða óskar eftir stundakennurum í frumgreinanám skólaárið 2008-2009

Um er að ræða kennslu í eftirfarandi greinum:

- Stærðfræði
- Efnafræði

Gerð er krafa um háskólamenntun

Nánari upplýsingar veitir Martha Lilja M. Olsen, kennslustjóri í síma 450 30 41 eða í netpósti á netfangið marthalilja@hsvest.is

TRYGGINGASTOFNUN

## Framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs

**Tryggingastofnun óskar að ráða í starf framkvæmdastjóra Fjármála- og rekstrarsviðs. Meginviðfangsefni sviðsins er yfirumsjón með stjórnun fjármála fyrir rekstur TR og bótaflokka. Fjármála- og rekstrarsvið hefur umsjón með gerð áætlana, færslu bókhalds fyrir rekstur TR og bótaflokka, innheimtu og gerð ársreikninga. Sviðið framkvæmir kostnaðar- og fráviksgreiningu á einstökum sviðum og verkefnum. Sviðið annast einnig daglegan rekstur TR s.s. almenn innkaup, greiðslubókhald, rekstur húsnæðis og mötuneytis og annast skráningu og utanumhald um eignir stofnunarinnar.**

### Starfssvið:

- Stjórnun Fjármála- og rekstrarsviðs.
- Situr í framkvæmdastjórn TR.
- Yfirumsjón með fjármálum og bókhaldi TR.
- Umsjón með greiðslum bóta og innheimtu.
- Annast undirbúning og gerð fjárhags- og greiðsluáætlana.
- Ber ábyrgð á kostnaðareftirliti með rekstri og framkvæmdum.
- Annast ráðgjöf í tengslum við skipulag fjárfestinga og ákvarðanatöku.
- Gerð ársreikninga.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði/rekstrarhagfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af fjármálastjórn er skilyrði.
- Þekking á reikningsskilum og bókhaldskerfum er nauðsynleg.
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og fjárlagagerð er æskileg.
- Greiningarhæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Færni í mannlegum samskiptum og reynsla af mannaforráðum.
- Gott vald á íslenskri tungu og góð tölvukunnátta.
- Gott vald á norðurlandatungumáli og ensku, töluðu sem rituðu máli.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri og Guðjón Skúlason, starfsmannastjóri, sími 560 4400. Senda má upplýsingar rafrænt eða í pósti til starfsmannaþjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík, tölvupóstfang starf@tr.is.

**Umsóknarfrestur er til 8. desember 2008.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Stefna Tryggingastofnunar er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og greiða réttar tryggingabætur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem TR eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.

Umsækjendum er einnig bent á upplýsingar á heimasíðu Tryggingastofnunar: http://www.tr.is

SEXTANT CAPITAL MANAGEMENT

Sextant Capital Management is a successful and well known alternative asset management company specializing in institutional and private client stockbroking and hedge funds.

**Sextant Capital Management is currently seeking individuals or teams with a rich experience in the following profession**

- **Group CFO**
- **Portfolio Management**
- **Company Analysis**
- **Private Client/Discretionary Management**
- **Corporate Broking**
- **Institutional Sales**
- **Hedge Fund Sales**
- **Executive assistant**
- **Accountant**

All positions will be based in Reykjavik.
Further job descriptions and application forms to be found at:
http://application.sextantcapital.is
For further information or questions, email us at careers@sextantcapital.com

iGW
ANCIENT PURITY UNCHANGED™

## MARITIME SHIPPING MANAGER

An international privately owned water supply company is seeking an experienced Maritime Broker who will be responsible for the growth of its international water shipping business. The position is as part of the company's international sales team.

**Further job description and application form to be found at: http://application.sextantcapital.is**

**For further information or questions, email us at info@iglobalwater.com**

iGW
ANCIENT PURITY UNCHANGED



VINNUMÁLASTOFNUN HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

## Á meðal lausra starfa í boði:

- Forritari/fjárhagshugbúnaður
- Sjálfstætt starfandi sölumaður
- Starfsmaður í verslun og veitingastað
- Markaðsstjóri
- Starfsmaður í mötuneyti - LSH, geðsvið
- Sérfræðingur - Umhverfisstofnun
- Sjúkraliðar og sjúkraliðanemar
- Framhaldsskólakennarar - MH
- Rannsóknarlögreglumaður
- Framkvæmdastjóri lækninga - LSH
- Framkvæmdastjóri - Tryggingastofnun
- Skrifstofustjóri - Fjármálaráðuneytið
- Læknar í starfsnámi - LSH, slysa og bráðasvið
- Rannsóknarsérfræðingur - Miðstöð í lýðheilsuvísindum
- Hjúkrunarfræðingar
- Starfskraftur til sauma
- Sölumaður í heildsölu
- Stundakennari - Borgarholtsskóli
- Matráður matráðskona eða matselja
- Faglærðir trésmiðir
- Störf við eggjabú
- Sölumaður tæknibúnaðar
- Grafískur hönnuður
- Aðstoðarsaksóknari
- Löglærður fulltrúi
- Forstöðumaður - Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra
- Enskukennari - framhaldsskólakennari
- Fiskþurrkun ósérhæf fiskvinnslukona/maður
- Lögreglufulltrúi - Ríkislögreglustjórinn
- Afgreiðsla í kaffihúsi
- Starfsmaður í blómaverslun
- Starfsmaður á búðarkassa
- Viðhaldsmaður - Vélvirki
- Öryggisverðir
- Sölu/markaðsstörf
- Laghentir lagermenn/smiðir
- Bakari
- Ráðgjafastarfssemi á sviði upplýsingatækni
- Skrifstofustjóri - Háskólaútgáfa Háskóla Íslands
- Tanntæknir - Tannlæknadeild Háskóla Íslands
- Lyfjafræðingur og sérfræðingur - Lyfjastofnun
- Þroskaþjálfar, félagsliðar og stuðningsfulltrúar
- Aðhlynning og félagsleg aðstoð í heimahúsum
- Lögreglumenn

Fleiri störf og ítarlegri upplýsingar á www.vinnumalastofnun.is

Áhugasamir fylli út umsókn á www.vinnumalastofnun.is/svmhb/umsokn

VINNUMÁLASTOFNUN HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
Engjateig 11 - 105 Reykjavík - sími 515 4850 - hofudborgarsvaedid@vmst.is



Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Störf í grunnskólum
## vegna forfalla

**Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, sími 411 7450**
- Sérkennari, þarf að geta hafið störf í janúar 2009

**Engjaskóli, Vallengi 14, sími 411 7600**
- Umsjónarkennari á yngsta stig, þarf að geta hafið störf 1. janúar 2009

**Foldaskóli, Logafold 1, sími 540 7600 / 664 8180**
- Skólaliði í afleysingar, 70% starf í þrjá mánuði frá 1.janúar 2009

**Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553 3188**
- Starfsmaður til að hafa umsjón með kaffistofu starfsmanna

**Ölduselsskóli, Ölduseli 17, sími 411 7470**
- Kennari á miðstigi, frá 1.janúar og út skólaárið

Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.reykjavik.is/storf. Þar er að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Þar er einnig hægt að sækja um.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



# VIÐ LEITUM AÐ ÁRANGURSDRIFNUM EINSTAKLINGUM MEÐ MIKLA SAMSKIPTAHÆFNI

1912

## NATHAN & OLSEN LEITAR AÐ VÖRUMERKJASTJÓRA

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ
- Uppbygging, þróun og markaðssetning vörumerkja
- Greining, gerð og eftirfylgni áætlana
- Samskipti við erlenda birgja
- Samskipti við söludeild og innkaupadeild
- Þátttakandi í markaðsteymi

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi skilyrði
- Reynsla og þekking á sölu- og markaðsmálum
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Jákvætt viðhorf og vilji til að byggja upp þekkingu á vörum fyrirtækisins
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði

Starfið felur í sér mikil samskipti bæði innan og utan fyrirtækisins. Upplýsingar um starfið veitir Hörður Rúnarsson í síma 530-8419 eða 821-8419.

## EKRAN LEITAR AÐ SÖLUMANNI

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ
- Kynning á vörum fyrirtækisins
- Uppbygging tengsla við viðskiptavini
- Greining viðskiptatækifæra
- Þátttakandi í söluteymi

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
- Stúdentspróf
- Reynsla af sölustörfum skilyrði
- Áhugi á mat og matargerð
- Geta til að vinna undir álagi
- Skipulagshæfni og snyrtimennska
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði

Starfið felur í sér heimsóknir til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess. Bílpróf er því skilyrði. Upplýsingar um starfið veitir Jón Ingi Einarsson í síma 530-8596 eða 824-8596.

1912 er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru. Í gegnum dótturfélög sín, Nathan & Olsen og Ekruna, býr félagið yfir öflugum dreifileiðum til smásöluaðila, stóreldhúsa, iðnaðar og fríverslunar með kost. Starfsfólk samsteypunnar er í kringum 80 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík. Fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Umsækjendur verða að geta hafið störf fljótlega. Umsóknarfrestur er til og með 15. desember. Tekið skal fram að störfin henta bæði konum og körlum. 1912 og dótturfyrirtæki þess leggja áherslu á reyklausan vinnustað.

Umsjón með ráðningu og mótttaka umsókna: Inga Guðrún Birgisdóttir, mannauðsstjóri, inga.birgisdóttir@1912.is
Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við undanfarin ár og telur að muni gagnast í starfinu.

Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | Sími 530 8500 | Fax 530 8501 | www.1912.is

ÍSLENSKA / SIA.IS / NAT 44393 12/2008

LANDSNET

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti.

# RAFORKUKERFI

## VERKFRÆÐINGUR/TÆKNIFRÆÐINGUR

Landsnet hf. leitar að rafmagnsverkfræðingi/-tæknifræðingi til starfa í stjórnstöð kerfisstjórnar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Meginhlutverk kerfisstjórnar** er að stjórna rekstri raforkukerfisins frá stjórnstöð. Auk þess gerir kerfisstjórn þær áætlanir sem þarf vegna reksturs kerfisins og sér um viðhald þeirra kerfa sem tilheyra starfseminni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði á sterkstraumssviði
- Frumkvæði
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Samstarfshæfileikar
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfileiki til að tjá sig í töluðu og rituðu máli

**Helstu starfsþættir**
- Þátttaka í fjargæslu og stjórnun raforkukerfis
- Áætlanagerð vegna reksturs raforkukerfis
- Kerfisgreining með notkun reiknilíkana
- Tæknilegar úttektir o.fl.

**Í boði er:**
- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænt starfsumhverfi

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Calidris

Calidris er íslenskt fyrirtæki sem selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, á stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Okkar sterka liðsheild telur nú 35 manns. Viðskiptavinir Calidris eru stór og smá flugfélög um allan heim.

# FLJÚGÐU HÆRRA...

Calidris leitar að öflugum einstaklingum sem hafa reynslu af og áhuga á að vinna í hugbúnaðarteymi. Reynsla úr flugheiminum er kostur.

## Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

**Starfssvið**
- Viðmótsprófanir á lausnum Calidris
- Prófanir á server lausnum Calidris
- Ritun prófunarskjala
- Uppbygging og endurbætur á prófunarferli

**Hæfniskröfur og eiginleikar**
- B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði
- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði
- Reynsla af viðmóts- og serverprófunum
- Þekking og reynsla af skipulagningu prófana og ritun prófunarskjala
- Góð enskukunnátta
- Góð tæknileg reynsla og þekking á Java, XML / XSD/ XSLT, WebServices (SOAP) og/eða SQL (Oracle)

## ScrumMaster – Verkefnastjóri – Forritari

**Starfssvið**
- Umsjón með hugbúnaðarteymi – ScrumMaster
- Samskipti við viðskiptavini – verkefnastýring
- Þarfagreining
- Forritunarvinna sem hluti af hugbúnaðarteymi

**Hæfniskröfur og eiginleikar**
- B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði
- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði
- Reynsla af verkefnastjórnun hugbúnaðarverkefna
- Reynsla af þarfagreiningu
- Góð enskukunnátta
- Góð tæknileg reynsla og þekking á Java XML / XSD/ XSLT, WebServices (SOAP) og SQL (Oracle)

## Vefviðmótsforritari

**Starfssvið**
- Þróun og hönnun vefviðmóts á lausnir Calidris
- Forritunarvinna sem hluti af hugbúnaðarteymi
- Þarfagreining

**Hæfniskröfur og eiginleikar**
- B.Sc. / M.Sc. í tölvunar- eða verkfræði
- Reynsla af Agile/Scrum aðferðafræði
- Reynsla af og áhugi á þróun notendaviðmóts
- Reynsla af þarfagreiningu
- Góð enskukunnátta
- Góð tæknileg reynsla og þekking á Java, Javascript (fyrir AJAX), HTML / CSS, XML / XSD/ XSLT, WebServices (SOAP), SQL (Oracle) og/eða Web Security (HTTP, WebServices)

## Tæknihöfundur

**Starfssvið**
- Umsjón með og ritun notendahandbóka
- Umsjón með og ritun annarra tæknilegra skjala
- Mótun og þróun handbókaviðmóts
- Mótun og skipulagning innra skjalavinnslukerfis

**Hæfniskröfur og eiginleikar**
- Framúrskarandi enskukunnátta
- Áhugi á og reynsla af handbókagerð og/eða annarri tæknilegri skjölun er kostur
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til að tileinka sér tækninýjungar
- Kennara- og/eða enskumenntun er kostur

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Hafnsögumaður óskast

**Auglýst er laust til umsóknar starf hafnsögumanns við Fjarðabyggðarhafnir. Um er að ræða fullt starf.**

Starfið felur í sér leiðsögn skipa að og frá Fjarðabyggðarhöfnum, þar sem farmannsréttindi á 3. stigi eru æskileg, auk annarra hafnarstarfa hjá ört vaxandi höfn. Starfið er lifandi og kallar á mikil samskipti við fólk og fyrirtæki. Nánari lýsingu á starfinu og hæfniskröfum er að finna á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélag og viðkomandi stéttarfélags.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og afriti af réttindaskírteinum skulu berast skrifstofu Fjarðabyggðar eigi síðar en **mánudaginn 22. desember 2008** merkt „Hafnsögumaður".



Upplýsingar um starfið veitir Steinþór Pétursson, framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna í síma 470-9000, netfang steinthor.petursson@fjardabyggd.is.

*Starfið hæfir jafnt konum sem körlum og eru konur hvattar til að sækja um.*

FJARÐABYGGÐ | *þú ert á góðum stað* fjardabyggd.is

Mjóifjörður | Neskaupstaður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður

---

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra

# Mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar

**Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir stöðu mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar lausa til umsóknar**

**Hlutverk og ábyrgðarsvið:**
Mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar gegnir forystuhlutverki á sviði mannauðsmála hjá Reykjavíkurborg. Mannauðsstjóri hefur ríka frumkvæðisskyldu gagnvart stjórnendum Reykjavíkurborgar við stjórnun og stefnumótun í mannauðsmálum þar sem þekking, færni og viðhorf starfsmanna auk árangursríkra stjórnarhátta eru höfð að leiðarljósi. Mannauðsstjóri stýrir Mannauðsskrifstofu Reykjavíkurborgar. Meðal helstu verkefna skrifstofunnar eru vinnustaðagreiningar, launaafgreiðsla, stjórnendafræðsla, kjarasamningar og túlkun vinnuréttar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála æskileg.
- Víðtæk þekking og reynsla á sviði mannauðsmála, þ.m.t. gerð kjarasamninga og túlkun vinnuréttar.
- Stjórnunarreynsla, leiðtogahæfileikar og skipulagshæfni.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu öðru norrænu tungumáli.

Borgarstjóri er næsti yfirmaður mannauðsstjóra. Um laun og starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Umsóknir skal færa inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf fyrir 28. desember nk.

Upplýsingar um starfið veitir Regína Ásvaldsdóttir skrifstofustjóri borgarstjóra í síma 411 4500, regina.asvaldsdottir@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

*Borgarstjórinn í Reykjavík,*
*Hanna Birna Kristjánsdóttir*

Símaver Reykjavíkurborgar 4 11 11 11
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

---

# Pipar auglýsir 3 störf laus til umsóknar

## Grafískur hönnuður

Einungis reyndir hönnuðir með mikla starfsreynslu koma til greina.

## Tengill/hugmyndasmiður

Einungis frjóir tenglar með mikla starfsreynslu koma til greina.

## Blaðamaður

Einungis fólk með reynslu, helst af skrifum um viðskiptalífið, kemur til greina.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@pipar.is fyrir 15. desember. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Við hjá Pipar leitum sífellt nýrra leiða og fetum óhrædd ótroðnar slóðir til að auka hróður viðskiptavina okkar á hagkvæman hátt. Stofan hefur vaxið jafnt og þétt allan líftíma sinn og er enn að vaxa.

PIPAR

**Pipar auglýsingastofa**
**Tryggvagötu 17 / Hafnarhúsinu / 101 Reykjavík**
**sími 552 9900 / www.pipar.is**

---

# Komdu í lið með okkur

## Microsoft Dynamics AX forritari

Annata óskar eftir að ráða öfluga forritara í Microsoft Dynamics AX. Verkefnin eru af ýmsum toga og fyrir viðskiptavini um allan heim. Annata vinnur eftir bestu forritunarvenjum og mikilvægustu lausnir félagsins eru gæðavottaðar "Certified for Microsoft Dynamics". Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af forritun í Dynamics AX (X++).

Áhugasamir sendi umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu á netfangið johann@annata.is. Nánari upplýsingar veitir Jóhann Jónsson í sama netfangi. Fullum trúnaði heitið.

Annata veitir þjónustu til viðskiptavina hér á landi og í fjölmörgum löndum utan Íslands. Skrifstofur okkar eru á Íslandi, Bretlandseyjum, Svíþjóð og Danmörku og eru starfsmenn ríflega 60 talsins. Við störfum náið með samstarfsaðilum víða um Evrópu, Bandaríkjunum, Mið-Austurlöndum, Suður-Afríku, Suður-Ameríku og Ástralíu. Starfsumhverfið er óþvingað og afslappað. Umbunin er fyllilega í takt við framlag og mjög samkeppnishæf. Mikil áhersla er lögð á þjálfun starfsmanna og faglegur aðbúnaður er fyrsta flokks. Þótt vinnan sé tekin alvarlega, skemmtum við okkur reglulega og starfsmannafélagið er mjög virkt.



Hugbúnaður | Ráðgjöf
Mörkinni 4 108 Reykjavík Sími 412 1000 Fax 568 4201

Ísland | Bretland | Svíþjóð | Danmörk

annata
www.annata.is

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi

Vegna forfalla vantar okkur dönskukennara á unglingastig frá miðjum janúar nk. og út skólaárið. Starfshlutfall er 90 - 100%. Laun samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga. Umsóknir sendist á netföngin johannam@lagafellsskoli.is eða efemia@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur er til 21. desember.**

Upplýsingar veita: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525-9200/8968230 eða Efemía Gísladóttir skólastjóri í síma 5259200/6185149.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til þess að sækja um.

**Vertu með!**

# Störf í nýjum leikskóla

Nýr leikskóli tekur til starfa við Aðalþing í Kópavogi í febrúar á næsta ári. Leikskólastjóri skólans verður Guðrún Alda Harðardóttir. Við leitum að leikskólakennurum og öðru starfsfólki sem hefur brennandi áhuga á skapandi og gefandi starfi með börnum. Allar frekari upplýsingar er að finna á **www.sigalda.is**

sigalda ehf.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu FAS

## Náttúrufræði og stærðfræði

Kennara vantar við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu.

**Kennslugreinar:**
Náttúrufræði og stærðfræði, ein staða

**Umsóknarfrestur til 21. desember**

Nánari upplýsingar í síma 4708070 eða skolameistari@fas.is.

*Skólameistari*

Frá Menntaskólanum í Kópavogi

## Kennsla í matreiðslu

**Menntaskólinn í Kópavogi** auglýsir eftir matreiðslumeistara til fagkennslu í matreiðslu til sveinsprófs. Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar n.k. og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og KÍ. Umsóknir skulu sendar til Menntaskólans í Kópavogi v/Digranesveg, 200 Kópavogi. Ekki er nauðsynlegt að sækja um á sérstöku eyðublaði, en í umsókn þarf að greina frá menntun og fyrri störfum.

Umsóknarfrestur er til 18. desember. Öllum umsóknum verður svarað skriflega.

Nánari upplýsingar veita Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Helgi Kristjánsson aðstoðarskólameistari og Ragnar Wessman fagstjóri matreiðslu í síma 594 4000.

Upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðunni http://www.mk.is.

**Skólameistari**

Styrkir

## NÝSKÖPUNARSJÓÐUR TÓNLISTAR - MUSICA NOVA

### STYRKIR VEGNA STARFSÁRS 2009

Sjóðurinn auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til nýsköpunar í tónlist.

Flytjendur og tónleikahaldarar geta sótt um styrk úr sjóðnum til pöntunar á tónverki og skal styrkurinn aðeins notaður til þess.

Umsækjendur ábyrgjast frumflutning verksins.

**Umsókn skal greina frá:**
- Höfundi tónverks
- Tímalengd verksins
- Hljóðfæraskipan
- Áætlaðri tímasetningu frumflutnings
- Fjárhagsáætlun verkefnis.

Ekki er úthlutað vegna verka sem þegar hafa verið samin eða flutt.

Sjóðurinn fer fram á að tekið sé fram í efnisskrá að þau séu styrkt af Nýsköpunarsjóði tónlistar - Musica Nova

Nýsköpunarsjóður tónlistar - Musica Nova
Laufásvegi 40
101 Reykjavík

**Umsóknarfrestur rennur út 29. desember 2008.**




## Til Leigu í Ármúla

Til leigu 144 fm skrifstofuhúsnæði á 3 hæð, vestur hluti.
Húsnæðið er snyrtilegt og full innréttað.
5 skrifstofuherbergi, fundarherbergi, eldhús og wc.
Laust um áramót.

**Upplýsingar í síma 5852800 á skrifstofutíma**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

# Nú er tíminn!

## Netinnritun er hafin

## 140 áfangar

# Kvöldskóli FB

## WWW.fb.is

Útboð

EFF FASTEIGN HF

## ÚTBOÐ VEGGKLÆÐNINGAR OG GLUGGASYLLUR

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.
óskar hér með eftir tilboðum í verkið:
**Háskólinn í Reykjavík**
Innanhúsfrágangur - Veggklæðningar og gluggasyllur

Verkið felst í útvegun og uppsetningu á veggklæðningum og gluggasyllum í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni.

Aðalverktaki verksins er ÍSTAK hf. Væntanlegur undirverktaki vegna útboðs þessa verður undir stjórn aðalverktaka.

**Helstu magntölur eru:**
Veggklæðningar 120 m2
Gluggasyllur 1000 lm

**Verkinu verður skilað í tveimur áföngum.**
Fyrri áfanga skal lokið í júní 2009.
Seinni áfanga skal lokið í maí 2010.

Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu EFLU hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík frá og með fimmtudeginum 11. desember 2008.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf., Bildshöfða 9, miðvikudaginn 14.janúar 2009, kl. 14:00.

Útboð

## EXPO 2010 – Útfærsla á sýningu
## Útboð nr. 14628

Ákveðið hefur verið að Ísland taki þátt í Heimssýningunni í Shanghai í Kína árið 2010. Þátttaka Íslands er samstarfsverkefni fyrirtækja og hins opinbera. Tekinn hefur verið á leigu 500 fermetra sýningarskáli sem verður á svæði með hinum Norðurlöndunum.

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. utanríkisráðuneytisins, óskar eftir hugmyndum um útfærslu á innanhússkipulagi og sýningu í skálanum, með áherslu á sýningarhlutann. Lögð er áhersla á að þeir sem leggja inn tillögur hafi víðtæka reynslu af hönnun sýninga og með tillögunum fylgi ítarleg lýsing á þessari reynslu. Við mat tillagna verður bæði tekið tillit til innsendra lausna og reynslu tillöguhöfunda af sýningarhönnun. Gert er ráð fyrir að sá aðili sem fyrir valinu verður vinni með framkvæmdastjórn EXPO 2010 að nánari útfærslu tillögunnar.

Nánari upplýsingar um verkefnið verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is frá og með þriðjudeginum 9. desember 2008. Tillögum ásamt upplýsingum um reynslu tillöguhöfunda skal skilað til Ríkiskaupa eigi síðar en mánudaginn 12. janúar 2009, kl. 16:00.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Skipun Æskulýðsráðs

Menntamálaráðuneyti leitar hér með eftir tilnefningum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka sbr. reglugerð nr. 1088/2007 um skipan fulltrúa í Æskulýðsráð. Tilnefna skal konu og karl til setu í Æskulýðsráði til tveggja ára.

Í tilnefningunni skal koma fram vilji tilnefndra einstaklinga til að taka að sér setu í Æskulýðsráði. Með tilnefningu skal fylgja yfirlit yfir reynslu og þekkingu tilnefndra á starfi æskulýðsfélaga eða æskulýðssamtaka og yfirlýsing um að viðkomandi uppfylli ákvæði 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Tilnefningar þurfa að berast menntamálaráðuneyti Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, bréflega í síðasta lagi miðviku-daginn 17. desember 2008.

Menntamálaráðuneyti, 4. desember 2008.
menntamálaráðuneyti.is

## BÍLAR & FARATÆKI




Dodge Charger R/T Daytona, árg.2006, ek.37þús.km, 340 hö, Sjálfsk, leður, lúga, Sport sæti,cd, omfl.Ásett verð 5200þús.kr, Tilboð 3990þús.kr!!!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Toyota Rav 4 árgerð '02. 2,0 bensín. Ek. 104 þús. Sjálfskiptur. Verð 1.380.000. Uppl. í s. 896 4527.



Toyota Corolla '99 5d., ssk. Verð 380þ. Uppl. í s. 894 1477.



Nissan Patrol '00 3.0L. Óbreyttur. Stærri vatnskassi. Leður, álf. Ek. 151þ. V. 1200þ. stgr. S. 661 8086.



Jólin koma ! Fjarstýrðir bílar fyrir stóra stráka Motocross fatnaður á alla fjölskylduna Láttu þetta ekki vanta í pakkana til ástvina þinna. VDO Borgartúni 36, s. 588 9747, www.vdo.is

Alfa Romeo 156 selespeed árg. '00. Ek. 70 þ. Leðurinnrétting. Ný tímareim. Nýskráður V. 499 þ. S. 849 9807.

Til sölu Volvo 850 gle árg. '93. Ekinn 217 þús. verð 160 þús. uppl. s. 862 0043

### 0-250 þús.



**!!! TILBOÐ 85ÞÚSUND !!**
Ford Eskort Station 99" skoðaður 09", ekinn 142þ ,bsk ,nýtt í bremsum , uppls 894-7066

Hyundai Accent '95, 5 dyra, ekinn 156 þús. Góður bíll. Nýr rafgeymir og altanator, nýjir demparar og gormar, ný tímareim. Nýleg sumardekk og vetrardekk á felgum. Skoðaður 09. V.150 þ. S. 848 9228.

### 250-499 þús.



**Flott verð á smábíl!!!**
Peugeot 306 H/B nýskr 3/2000 ekinn 122 þ km vetrar- og sumardekk sk 09 5 gíra verð 390.000- Tilboð 220.000- upplí síma 863-0149



**4x4 diesel á 270þ**
Musso 2.9 TDi árg 98 ek 197 þ km 5 gíra krókur sk 09 verð 440.000- Tilboð 270.000- upplí síma 861-7600

Toyota Corolla árg. '98. Ek. 165þ. Sjálfs. Smurbók. Ný skoðaður og í toppstandi. Verð 295þ. S. 897-8895

### Jeppar



Landcrusier 100 1998 bensín breittur 35" grænn ekin 200 þús skoða öll skipti upl Benni 8927687

### Sendibílar

Vel með farin Transporter árg 2002, ek. 88 þús. Sumar og vetrardekk á felgum. Verð 950 þús. Uppl. í s. 698 1100.

### Fjórhjól



Suzuki King Quad 450Axi camo '08 ek. 520km. Hátt & lágt drif 100% læsingar létt & meðfærilegt hjól. Fullt af aukahlutum Ekkert áhv. v. ca. 1150þ. Sk. skipti á Hippa +1100cc. 2 fjórhjóla kerra getur fylgt. S. 856 3505 eða binnia@hive.is.

til sölu nýr ál pallur fyrir fjórhjól eða vélsleða á pikkup verð 250.000 ksími 8927687

### Vinnuvélar



Hjólaskófla IH-Dresser '89 Fleygar Komac 3600 '05 og Rammer 100 '99 uppl. 8697296

Dráttarvélardekk til sölu 2 stk.stærð 14x9x28 . 2 stk. 12x4x32 af felgum. 2 stk. 750x16. Uppl. í s 8439729

Óska eftir Bobkast hjólavél á verðbilinu 400 - millj. Uppl. í s. 849 7965.

Óska eftir notuðum vinnuvélum, verkfærum og bílum gegn staðgr. Sendið póst á noregur@gmail.com

### Hjólbarðar




## ÞJÓNUSTA

### Jólaskemmtanir

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu**
rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.
Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar



Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is




Förum að koma til byggða, viltu að við komum við hjá þér? 20% rennur til Hjálparst. kirkjunnar. Þjónustum fyrirt., hópa, félög og einstakl. Skyrgamur.is - þessi með stóra hjartað! Uppl. í s. 587 1097 & skyrgamur@skyrgamur.is

### Hreingerningar




Fyrirtækja, sameigna og heimilisræstingar. Geri föst verðtilboð , vönduð vinnubrögð áralöng reynsla Box ehf 893-1461

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Simi 512 4010. www.vy.is

### Ræstingar

**Ræsta**
Regluleg ræsting sameigna og fyrirtækja. Hreingerningar, teppahreinsun, gólfbónun. Föst verðtilboð. Simi 533 1515. www.raesta.is

### Málarar

**Sandspörtlun og málun**
Mála stigahús, íbúðir eða nýsmíði. Uppl. í s. 893 5537 Arnar málarameistari.

### Garðyrkja







**jólaskreytingar.is jólaskreytingar.is jólaskreytingar.is jólaskreytingar.is**

### Bókhald

Bókhald - Skattskýrslur - Laun - Stofnun Ehf - ofl. S. 699 7371, Bónusbókhald ehf.

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

### Fjármál

Ertu með spurningar? Vantar þig svör? Endurskipuleggja fjármálin? Gera greiðsluáætlun? Aðstoðum einstaklinga og minni fyrirtæki. S. 896 1449

### Búslóðaflutningar

**Búslóðaflutningar S. 555 6363**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla. Uppl. í síma 555 6363 & 899 7188.

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

### Húsaviðhald

**Viðhaldsþjónusta**
**Tökum að okkur almennt viðhald, t.d pípulagnir, smíðar, rafvirkjun og múrviðgerðir.**
**Vanir menn, vönduð vinna.**
**Upplýsingar í síma 892 1524.**

**A - Ö smíðar ehf.**
**Fyrirtæki, húsfélög, einstaklingar, sumarhúsaeigendur. Nýsmíði og öll almenn viðhaldsþjónusta. Uppl. í s. 847 1430, Júlíus. atilosmidar@hotmail.com**




**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Húsasmíðameistari**
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

### Tölvur




### Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

### Spádómar

**Spásímar Daddýar 901 5001 & 846 6364.**
**Opið alla daga 12.00 - 24.00 næstu viku.**
**Tarot lestur, bein miðlun.**




Símaspá-draumráðningar: 908 6414, 553 5395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

### Rafvirkjun




### Trésmíði

**Athafnasmiðir ehf.**
2 íslenskir smiðir. Getum bætt við okkur verkefnum, uppsetningar á innréttinugm, alhliða innanhússmíði, gluggasmíði og ísetningar og ahliða viðhald. Símar 892 7120 & 847 1448.

### Önnur þjónusta

**Pípulagnir**
**Tek að mér viðhald á pípulögnum, skólplögnum, drenlögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum.**
**S. 663 2572.**

## KEYPT & SELT

### Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Glæsilegir nuddstólar á frábæru verði Verð aðeins kr. 290.000 Sími 553 7230/864 1130 Lúkas D. Karlsson ehf.



**Kreppuútsala!!!**
Sendum um allt land! Frábært verð á gamla genginu. Takmarkað magn. Rafbíll á 15.000 kr. Infrarex, Lampi á tilboði 3250.-kr Pantanir á póstverslun netlagerinn.is og í s. 865 4015. Er m/ lager í Hafnafirði.

**ICEBIKE auglýsir**
**Opið á laugardögum í desember.**
**Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur.**
**Mikið úrval : Mótorhjól - Fjórhjól - Hlífðarfatnaðaur - Skór - Hjálmar - Hanskar**
**Aukahlutir frá Kuryakyn.**
**Gjafakort**
**Icebike.is**
**Iðavöllum 10 , sími 421 5452**
**230. Keflavík**

**Evrur og dollarar til sölu!**
**Evrur og dollarar til sölu, takmarkað magn til afhendingar hérlendis og erlendis. Uppl. í s. 618 7001**
**Uppl. í s. 618 7001**

## HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050

Til leigu/sölu:
## Lundur 3, Kópavogi



Ný, fullbúin 159,5 fm þakíbúð á 10. hæð ásamt tveimur stæðum í bílageymslu og 84 fm svölum á frábærum útsýnisstað í Fossvogsdalnum. Stofa, borðstofa, sjónvarpshol, eldhús, svefnherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Parket og flísar á gólfum. Fallegar innréttingar. Laus frá áramótum.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Höfða í síma 565-8000 eða gustaf@hofdi.is.**

Til leigu/sölu:
## Blikahjalli 6, Kópavogi



Tæplega 250 fm fullbúið endaraðhús með innbyggðum bílskúr á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað í Kópavogsdalnum. Fjögur svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Fallegar innréttingar. Garður í góðri rækt með fallegum veröndum og góðum svölum. Aðkoman er góð og næg bílastæði. Laus strax.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Höfða í síma 565-8000 eða gustaf@hofdi.is.**

## Rauðavað 3, Reykjavík
**Opið hús sunnudaginn 7. des frá kl. 14-15.**





Gullfalleg og vel umgengin 108 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í litlu fjölbýli ásamt 27,6 fm stæði í bílageymslu á eftirsóttum stað í Norðlingaholtinu. Parket og flísar á gólfum. Fallegar og vandaðar innréttingar. Verð 26,9. Laus strax.

**Berglind og Emil (868-6331) taka vel á móti öllum áhugasömum**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast




**Kvíslartunga 51** **Kvíslartunga 53**

Flott parhús í einstöku hverfi í Mosfellsbænum og er stórkostlegt útsýni til allra átta úr báðum húsum. Húsin henta stórum fjölskyldum og þeim sem vilja hafa rúmt um sig. Örstutt í skóla og leikskóla. Mislæg gatnamót við Vesturlandsveg og ný vegtenging neðan hverfis væntanleg við Skeiðholt/Varmárskólasvæðið. Fyrirhugaður ævintýragarður bæjarins innan seilingar og göngufæri í veiði í Köldukvísl og við Tungubakkasvæðið. Sannkallaður draumastaður að búa á.

Sjá nánar um hverfið á www.leirvogstunga.is

Yfirtakanlegt 29 m.kr. lífeyrissjóðslán á 4,9% vöxtum án uppgreiðslugjalds; sparar stórar upphæðir í lántöku- og stimpilgjöld! Öll skipti skoðuð.

**Berg fasteignasala, Bolholt 4** Sími: 588 5530 • Netfang: berg@berg.is
Pétur Pétursson lögg. fasteignasali Grétar J. Stephensen lögg. fasteignasali

## Laufengi 118 – 112 Reykjavík



Mjög falleg og björt 4-5 herbergja 114,3 fm íbúð á 2. hæð með sérinngang af svölum. Rúmgóðar suðursvalir. Íbúðin hefur verið mikið standsett, nýtt baðherbergi og eldhús. Mjög góð íbúð á frábærum stað, stutt í alla þjónustu. **Lækkað verð!**

**Mjög hagstætt verð 23,9m.**

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL 14:00 TIL 15:00 Í LAUFENGI 118. Inga Dögg 892-7752. 118 Á BJÖLLU**

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ
Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • fax 586 8081
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is • Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali

## Klapparhlíð 3
**50 ára og eldri**




90,5 fm, 2ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4ra hæða fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Þetta er vönduð lyftublokk með bílakjallara. Íbúðin er björt og rúmgóð, eikarparket og flísar á gólfum og fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergi. Stór stofa og borðstofa. Svalir eru yfirbyggðar og með glerhurðum sem hægt er að opna. Bílastæði í bílageymslu fylgir. Einnig er möguleiki á leigu. **V. 29,9 m.**

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL. 14:00 TIL 15:00 Í KLAPPARHLÍÐ 3, MOSFELLSBÆ. 043 Á BJÖLLU.**

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ
Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • fax 586 8081
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is • Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali

## LYNGVÍK FASTEIGNASALA
Sigrún Gissurardóttir, löggiltur fasteignasali
SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.
SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790
WWW.LYNGVIK.IS
LYNGVIK@LYNGVIK.IS

## 100 % FJÁRMÖGNUN.
Eftirtaldar eignir eru til sölu með 100% fjármögnun.

**Kleppsvegur: 47 fm 2ja herbergja íbúð.**
Áhv. 14,7 m Íbúðalánasjóður grb.
Ca.70,000.- fæst gegn yfirtöku.

**Þrastargata: lítið einbýlishús**
Verð 18.9, 80% lán frá ÍLS kr. 15.120.000.
Áætluð greiðslubyrði 71.985
20% lán frá seljanda, vaxtalaust og óverðtryggt lán til 10 ára
kr. 3.780.000.- 1. gjalddagi í janúar 2010.

**Kleppsvegur: 40 fm íbúð á 7.hæð í lyftuhúsi.**
Áhv. 14,7 m Íbúðalánasjóður grb. Ca.70,000.- fæst gegn yfirtöku.

**Hallveigarstígur: 60 fm 3ja herbergja íbúð.**
Verð 20.9, 80% lán frá ÍLS kr. 16.720.000.
Áætluð greiðslubyrði kr. 79.594
20% lán frá seljanda, vaxtalaust og óverðtryggt til 10 ára
kr. 4.180.000.- 1. gjalddagi í janúar 2010.

**Stúfholt: 36 fm studio íbúð í nýlegu húsi.**
Verð 15.9, 80% lán frá ÍLS kr. 12.720.000.
Áætluð greiðslubyrði kr. 60.570
20% lán frá seljanda, vaxtalaust og óverðtryggt til 10 ára
kr. 3.180.000.- 1. gjalddagi í janúar 2010.

**Allar nánari uppls. Veitir Steinar S. Jónsson á Lyngvík S: 588-9490 / 898-5254.**

## Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur M. Sandholt, lögfræðingur og lögg. fasteignasali

# Stór hæð í Vesturbænum óskast

**Erum með kaupanda að stórri hæð í vesturbæ Reykjavíkur með skiptum á minni hæð uppí.**

**Upplýsingar gefur Páll Þórólfsson s. 535-1007**

# Stórt einbýli í Miðbænum óskast

**Erum með kaupanda að 100-120 millj kr einbýlishúsi í miðbænum. Skipti á minni eign uppí.**

**Upplýsingar gefur Magnús G. Helgason s. 535-100**

**Lágmúli 7, sími 535_1000** Stakfell.is

ÞARFTU AÐ LEIGJA ?

## husaleiga.is

**Einbýlishús á höfuðborgarsvæðinu óskast til leigu**
- 450 fm, þarf að vera með þjónustuíbúð og með góðum móttökuherbergjum.
- 3 ára leigusamningur

**Glæsileg íbúð/ hús í miðbæ Reykjavíkur óskast til leigu**
- Lágmark 3 svefnherbergi
- Gott aðgengi
- 150- 400 fm
- 2 ára leigusamningur

Okkur vantar allar gerðir af atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði fyrir viðskiptavini okkar.

LÖGGILD LEIGUMIÐLUN. SÍMI 471 1000

ÞARFTU AÐ LEIGJA ?

## husaleiga.is

**Atvinnuhúsnæði óskast til leigu**

- 100-150fm iðnaðarhúsnæði fyrir matvælaframleiðslu
- Góð gólfefni, niðurföll og iðnaðarrafmagn
- Staðsetning á höfuðborgarsvæðinu
- Snyrtilegt húsnæði og góð aðkoma
- Til greina kemur að skoða óinnréttað húsnæði

**Nánari upplýsingar veitir Sigrún í síma 864 2599**

LÖGGILD LEIGUMIÐLUN. SÍMI 471 1000



FORRÉTTIR FYRIR JÓLIN

# Sælkeramatur

## SÍLDARSALAT, ÍS, RAUÐRÓFUR OG HVERABRAUÐ

### SÍLDARSALAT

**1 krukka, veljið ykkar uppáhalds lauksíld**
**1 stk. grænt epli skorið í teninga**
**2 meðalstórar kartöflur skrældar, skornar í jafna teninga og soðnar**
**3 greinar dill, saxað**
**½ saxaður shallotlaukur**
**Sinneps- og rjómaosta-sósa**
**Hverabakað rúgbrauð í sneiðum**
**Íslenskt smjör. þetta eina sem not eru af með síldinni.**

*Skerið síldina í litla bita og blandið öllu varlega saman með skeið ásamt hæfilegu magni af sinnepssósunni. Munið svo að smakka salatið til áður en það er borið fram, til dæmis með sítrónusafa, salti og pipar. Smyrjið rúgbrauðið með lystuglegu magni af smjöri og skerið út kökur með útstungunarformi. Setjið svo salatið ofan í formið og þrýstið léttilega ofan á. Þetta er hægt að undirbúa áður en gestir koma og ýta svo öllu saman bara úr formunum þegar bera á réttinn fram.*

### SINNEPS- OG RJÓMAOSTASÓSA

**100 g rjómaostur**
**50 g sýrður rjómi**
**2 msk. gott sterkt sinnep, til dæmis Kofoed's sinnep**
**1 tsk. fljótandi hunang**
**Salt og sítróna**

*Setjið allt í hrærivélaskál og þeytið þar til sósan er silkimjúk. Smakkið til með salti og sítrónu. Sósuna er svo hægt að geyma í kæli og nota aftur daginn eftir.*

### SÍLDARÍS

**200 ml rjómi**
**1 stk. eggjahvíta**
**50 g sykur**
**110 g lauksíld með leginum, lauknum, kryddinu og öllu**
**1 matarlímsblað**

*Matarlím er sett í kalt vatn til að mýkja það upp. Egg og sykur er hitað saman í potti að 55°C og matarlími brætt út í. Því næst er það þeytt í hrærivél uns það er orðið kalt aftur. Lauksíldin er sett í matvinnsluvél með safanum, lauknum, kryddinu og öllu gúmmelaðinu og unnið þar til það er eins og þunnt mauk, þá er það sigtað í gegnum fínt sigti. Rjóminn er léttþeyttur og hafður í skál yfir ísbaði til að halda honum köldum. Þá er síldinni og eggjablöndunni velt saman með sleikju. Þá er léttþeytta rjómanum blandað varlega saman við með sleikjunni og ísblandan er klár. Svo er hægt að frysta ísinn í stóru formi og skera hann niður eða frysta í litlum formum.*

**Rauðrófuteningar, mauk og gljái**
**2 stk. stórar rauðrófur**
**2 dl eplaedik frá Claus Meyer eða annað gott edik**
**2 dl rauðrófusafi ferskur eða úr flösku (fæst í Heilsuhúsinu)**
**1 dl sykur**
**1 rósmaríngrein**
**1 lárviðarlauf**
**1 msk. Bornholm-rapsolía**

*Skrælið rófurnar og skerið úr annarri þeirra jafna og fallega kubba og setjið til hliðar. Notið endana og afskurðinn af þeirri rófu og skerið hina rófuna niður í bita og setjið í pott ásamt edikinu, safanum, sykrinum og lárviðarlaufi. Sjóðið þar til það er meyrt og fullsoðið. Sigtið þá rauðrófusafann frá í annan pott. Maukið soðnu rófurnar í matvinnsluvél, vinnið þar til þær eru orðnar að fínu mauki og smakkið til með smá salti og örlítilli kornolíu. Kælið.*

*Sjóðið fallegu teningana í sama safanum en passið að mauksjóða þá ekki. Sigtið þá frá og kælið. Sjóðið nú safann þar til hann er orðinn að hæfilega þykkum gljáa til að geta hjúpað teningana, setjið rósmaríngreinina út í gljáann og látið pottinn standa með loki í 10 mínútur, veiðið þá greinina og lárviðarlaufið upp úr. Athugið þykktina með því að setja smá dropa á kaldan disk því gljáinn er þykkari þegar hann er kaldur.*

*Svo er gott að skreyta réttinn með nokkrum sólseljutoppum (dill). Ekki skemmir að gæða sér á svo sem einu litlu staupi af frosnu brennivíni með, sem er jafnvel hægt að krydda með nokkrum hráum rauðrófubitum og dillgreinum kannski nokkrum dögum áður en það er drukkið. Það er gert með því að troða því ofan í flöskuna.*





Rúgbrauð, síld og rauðrófur eru frábært tríó og hér borið fram á ferskan hátt .

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þjóðlegt holt og ljúffengt

Síldin er sælkeramatur sem passar vel sem forréttur á jólaborð enda er hún allt í senn auðfengin, holl og ljúffeng. Þetta vita kokkarnir á Vox restaurant sem eru lagnir við að framreiða forláta síldarrétti.

Þótt Íslendingar hafi veitt síld í stórum stíl um árin þá voru nágrannaþjóðir okkar í norðrinu talsvert á undan okkur að kunna með hana að fara, til dæmis Svíar, Danir og Finnar. Þjóðsagan segir að finnskar stúlkur hafi þurft að kunna 25 til 30 síldarrétti til að teljast gjaldgengar sem húsfreyjur. Langt er nú síðan við komumst á bragðið.

Kokkarnir á Vox-restaurant á Hilton-hóteli eru í fremstu röð þegar kemur að því að viðhalda norrænum matarhefðum og vinna úr heimafengnu hráefni. Sigurður Rúnar Ragnarsson lét okkur í té stórgóða útgáfu af síldarsalati og síldarís bornu fram með rauðrófum, sólselju og hverabökuðu rúgbrauði. -gun



Sigurður Rúnar Ragnarsson leggur lokahönd á forréttinn sem ljósmyndarinn fékk síðan að gæða sér á að lokinni myndatöku.







fyrir jólin

Mundu að panta!

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhöfða 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

AGA Gasol®

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.




Þú sérð innihaldið!

Alla daga frá kl. 10 til 22

800 5555

Heimsendingarþjónusta

Linde Gas | AGA




Sverrir segir mikilvægt að vita hvernig hamborgarahryggurinn hefur verið meðhöndlaður. Hann hefur haldið sig við hamborgarhrygg frá SS síðustu ár þar sem hann veit að hverju hann gengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sinnepsgljái á sænska vísu

Sverrir Þór Halldórsson matreiðslumeistari ætlar að gæða sér á hamborgarahrygg á annan í jólum og mælir með að landsmenn fari eftir sænsku forskriftinni í ár.

Mér finnst alltaf gaman að koma með einhvern nýjan vinkil inn í þann sæg af uppskriftum sem fyrir er. Í ár ætla ég að fara sænsku leiðina, sem er minna þekkt hérlendis, en þá er hamborgarahryggurinn gljáður með sinnepi, sykri og brauðraspi sem gefur honum einstaklega ljúffengt bragð. Hann myndar stökka skel í stað loðnu áferðarinnar sem hér er algeng.“

Sverrir ætlar að búa til sinnepssósu með kjötinu og segir henni engan veginn ofaukið, þar sem alltaf sé hægt að draga úr sinnepsbragðinu með því að bæta meiri rjóma í. „Sinnepssósan er mjög sniðug þar sem hún inniheldur hvorki hveiti né mjöl heldur bara rjóma og svo sinnepið sem gerir hana þykkari.“

Til að vega frekar upp á móti sinnepsbragðinu útbýr Sverrir síðan eplasalat og rauðkál með matnum. „Það þarf eitthvað sætt á móti hjúpnum og sósunni og ákveðinn frískleiki kemur með eplunum og sýrða rjómanum. Hvort tveggja gefur máltíðinni léttara yfirbragð. Svo er algjört skilyrði að gera rauðkálið frá grunni.“

Hann segir einfalt að matreiða hamborgarhrygginn. „Nóg er að halda sig við uppskriftirnar. Ég er lítið fyrir uppskriftir þar sem kaupa þarf hálfa verslun. Þetta á að vera aðgengilegt fyrir fólkið. Einfaldleikinn sigrar alltaf.“ - rve

## SÆNSKUR HAMBORGARAHRYGGUR ásamt meðlæti

*Fyrir 6*

### HAMBORGARHRYGGUR

**1,5 kg hamborgarhryggur**

*Setjið kjötið í plastinu í pott með köldu vatni. Látið suðu koma upp. Sjóðið við vægan hita í 30 mínútur. Dragið til hliðar. Látið standa í potti í hálftíma. Takið úr potti og plasti og þerrið. Setjið í ofnskúffu smurt með sinnepshjúpi. Stráið möndluflögum yfir. Bakið í forhituðum ofni við 180°C í 15 mínútur. Takið úr ofni. Látið standa í 6 til 8 mínútur, skerið svo; safinn helst þá betur.*

### SINNEPSHJÚPUR

**4 msk. Dijon-sinnep**
**4 msk. púðursykur**
**1 msk. hunang**
**8 msk. brauðrasp**

*Blandið öllu saman.*

### EPLASALAT

**2 stk. græn epli**
**2 msk. flórsykur**
**2 msk. hnetusmjör (crunchy)**
**½ bolli sýrður rjómi**
**½ bolli þeyttur rjómi**
**Valhnetur til skrauts**

*Blandið saman sýrðum rjóma, hnetusmjöri og flórsykri. Bætið við þeyttum rjóma og kjarnahreinsuðum, niðurskornum eplum. Setjið í skál og skreytið með valhnetum.*

### FYLLTAR KARTÖFLUR

**6 stk. bökunarkartöflur**
**25 g smjör**
**2 msk. saxaður ferskur graslaukur**
**2 msk. saxað ferskt kóríander**
**1 tómatur, saxaður fínt**
**1 dl rjómi**
**Mozzarella, rifinn ostur eftir smekk**

*Bakið kartöflur í ofni í um 40 mínútur. Takið út; skerið hálfkældar í tvennt, takið innan úr þeim og setjið í skál. Setjið smjör í pott, léttsteikið kryddjurtir, bætið tómati, rjóma og kartöflumauki út í og blandið saman. Kryddið til með salti og pipar. Sprautið með sprautupoka aftur í kartöfluskeljarnar. Stráið mozzarella-osti yfir. Bakið í ofni þar til kartöflur eru gullinbrúnar.*

### RAUÐKÁL

**½ rauðkálshaus, skerið stilkinn frá og blöðin í strimla**
**½ l vatn**
**1 dl epladedik**
**4 msk. sykur**
**½ tsk. salt**

### DIJON-SINNEPSSÓSA

**1 peli rjómi**
**4-6 msk. Dijon-sinnep**
**Salt og pipar**

*Setjið rjóma í pott. Látið suðu koma upp. Bætið sinnepi út í. Smakkið til með salti og pipar. Hitið sósu í gegn. Athugið að sinnep gerir hana þykka.*



Nýtt frá HIMNESK HOLLUSTA

# FULLMEYRNAÐ

## lífrænt lambakjöt




www.biovorur.is

Frá Mælifellsá í Skagafirði

Þú færð lífræna lambakjötið í eftirfarandi verslunum:

FK FJARÐARKAUP — Melabúðin — Þín verslun

LÍFRÆNT — VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN — EES-ESB vottun IS-1

MIRALE

# TILBOÐ

40% afsláttur
af jólavörum
alla helgina



NÝTT
kortatímabil

OPIÐ Í DAG
frá kl. 13–16
Verið velkomin
í FÁKAFEN 9
(við hliðina á ísbúðinni)

MIRALE
Fákafeni 9
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–18
sunnudag 13–16
www.mirale.is



Rjúpur eru séríslenskur jólamatur, upphaflega fátækrakrásir líkt og laufabrauðið en eru nú eftirsótt lostæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vinsælar veislu

Jón Þór Finnbogason ólst upp við rjúpu í matinn á aðfangadag og hefur haldið í þá hefð. Þessa vinsælu bráð veiðir hann sér nú til matar, verkar og býr til úr henni hreinasta lostæti og vílar ekki fyrir sér að víkja frá hefðbundnum eldunaraðferðum.

Gott á jólunum!

Fátt jafnast á við ilminn sem leggur frá rjúpunni sem hefur þetta einstaka, íslenska villibráðarbragð og er að auki ótrúlega mjúk undir tönn. Flestir sem neyta rjúpu á annað borð, tengja lyktina við jólin eða eitthvað gott. Í mínu tilfellitengistilmurinnbernskunni, þessu áhyggjulausa skeiði þegar maður sat heima í foreldraranni og opnaði pakka eftir að hafa gætt sér á þessu sælgæti,“ segir Jón Þór Finnbogason sem finnst engin jól vera nema rjúpa sé í boði á aðfangadag.

Jón Þór segist snemma hafa fengið áhuga á eldamennsku. Hann lauk námi frá Pacific Institue of Culinary Arts í Vancouver í Canada árið 2006 og hefur á síðustu árum fengið útrás fyrir áhugann meðal annars á rjúpnaveiðum í samfylgd föður síns. Hann nýtur þess að veiða og verka bráðina og gerir úr henni dýrindismáltíð þar sem hefðbundnum aðferðum er varpað fyrir róða.

„Maður fer með bráðina heim og lætur hana yfirleitt hanga í eina til tvær vikur, það fer þó eftir



Veiðimennskan getur verið tímafrek en er þó hverrar mínútu virði að sögn Jóns Þórs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

A

## LÉTTELDAÐAR RJÚPUBRINGUR MEÐ SOÐSÓSU

*Fyrir 4*

### SOÐ – UM 1/2 - 1 LÍTRI

**4 stk. rjúpur**
**1 stk. laukur**
**2 stk. gulrætur**
**2 stk. sellerístönglar**
**5 greinar af blóðbergi**
**10 stk. steinseljustilkar**
**2 stk. lárviðarlauf**
**10 piparkorn**
**5 einiber**
**(Hvítvín)**

*Búið fyrst til soð og notið hentugan pott. Skerið bringur af og geymið. Skiptið beinum hverrar rjúpu í fernt. Takið innmat frá. Notið fóarn í soð; eins hjörtu. Hitið olíu í potti og brúnið bein (sem verða við það bragðmeiri) og innmat. Henti pottur illa eða brúna þarf stærri skammt má nota pönnu eða ofnskúffu. Skerið lauk, gulrætur og sellerí í 1 til 2 sentimetra kubba/sneiðar meðan bein brúnast og eldið svo með þeim. Bætið ½ glasi af hvítvíni út í þegar þau hafa brúnast og hrærið í svo ekkert festist við botn. Bætið vatni út í svo bein fari rétt á kaf. Svo kryddi. Látið suðu koma upp og malla á eins lágum hita og hægt er í 2 til 3 klukkutíma. Sigtið soð frá rjúpum, setjið í pott og sjóðið niður í um 10 til 20 mínútur svo það verði nógu bragðsterkt. Saltið en gætið hófs; sósa er sölt. Setjið soð til hliðar. Hugið að meðlæti.*

### EPLASALAT

**2 stk. græn epli**
**½ dl rjómi**
**½ dl sýrður rjómi**
**2 tsk. sykur**
**½ sítróna**
**8 stk. valhnetukjarnar**
**Salt**

*Afhýðið epli, hreinsið burt kjarna og skerið í bita. Blandið saman þeyttum og sýrðum rjóma, sykri, 2 teskeiðum af sítrónusafa og saltið. Grófsaxið helming af valhnetum, blandið við epli og rjómablöndu og notið rest af hnetum í skraut.*

### SYKRAÐIR GULRÓTASTRIMLAR

**6 stk. gulrætur**
**50 g smjör**
**2 msk. sykur**
**1 dl vatn m/kjúklingakrafti**
**Salt**

*Afhýðið gulrætur, skerið í fernt langsum og skiptið strimlum í tvennt. Bræðið smjör í potti, bætið gulrótum og sykri við og eldið við miðlungshita í nokkrar mínútur. Bætið við vatni og smá salti eftir að gulrætur hafa linast aðeins. Setjið lok á pott og í ofn í 175°C í minnst 25 mínútur.*

### RJÚPUBRINGUR OG SÓSA

**8 stk. rjúpubringur**
**1 dl rjúpusoð**



Jóni Þór finnst best að léttsteikja bringurnar til að fyrirbyggja að kjötið verði of þurrt.



# krásir

hitastiginu. Svo er hún fryst fram að jólum og hamflett nánast deginum áður en hún er elduð. Jólarjúpan er oftast soðin í potti í einn til tvo tíma og soðið svo notað í sósuna, sem verður mjög kraftmikil. Þetta er oft á kostnað kjötsins sem verður þurrt, enda tæki maður ekki kjúklingabringur og syði í tvo tíma. Ég losa því bringurnar af og nota restina af fuglinum og grænmeti í soðið sem verður bragðmeira. Svo léttsteiki ég bringurnar. Þetta er tiltölulega einfalt.“

Með þessari veislumáltíð finnst Jóni Þór tilvalið að bera fram gulrætur, sem hafa verið steiktar upp úr smjöri og sykri og svo bakaðar af fullum krafti inni í ofni. „Waldorfsalat er líka gott. Aðalatriðið er að hafa meðlætið í sætari kantinum.“ - rve

**1 dl rjómi**
**25 g smjör**
**1 msk. rifsberjahlaup**
**Púrtvín**
**Salt og pipar**

*Saltið og piprið bringur. Bræðið smjör á pönnu og brúnið þær í um 20 sekúndur á hvorri hlið. Hellið slurk af púrtvíni út á og veltið bringum upp úr. Setjið í eldfast mót í ofn við 175°C í 8 til 12 mínútur (háð stærð). Potið í bringur til að prófa sig áfram með eldunartíma. Setjið pönnu aftur á hellu og bætið soði, rjóma og sultu út á. Hrærið og sjóðið þar til sósa þykknar. Saltið og piprið að vild.*

*Takið bringur úr ofni og skerið hverja í tvennt. Berið fram ásamt sósu, sultu, gulrótum og salati.*



## HNETUR OG MÖNDLUR MAULAÐAR Á AÐVENTUNNI



Jafnan fylgir það aðventunni að maula hnetur við kertaljós á kvöldin. Hnetur eru hollt snakk og þær eru fullar af næringarefnum. Hnetur og möndlur eru prótínríkar og þær innihalda meðal annars E-vítamín, fólínsýru og trefjar. Það er því fyrirhafnarinnar virði að brjóta þær úr skelinni en þó ber að hafa í huga að hnetur eru hitaeiningaríkar. Þær eru líka tilvaldar í hvers kyns salöt, bæði í fersk hrásalöt og í rjómalöguð ávaxtasalöt. Gott er að rista þær á pönnu en til að fá ekta jólailm um húsið má velta möndlum upp úr hunangi og rista þær í ofninum. Hunangsristaðar möndlur eru mun hollara snakk en konfekt og líka sniðugar sem fylling í heimagerða jólakonfektið.







Öðruvísi Jólahlaðborð

Upplifðu öðruvísi jólahlaðborð í öððruvísi umhverfi.

Sjávarréttahlaðborð í bland við hina hefðbundnu jólahlaðborðsrétti.

Tökum á móti smærri sem stærri hópum,
allt að 150 manns.

HUMARSKIPIÐ LOBSTER BOAT

Humarskipið - Sími: 562 2300 - www.humarskipið.is








Rauðrófusalat. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TÍNT AF AKRINUM

Stöðugt fjölgar þeim sem snúa sér að grænmetisfæði og matreiðslu úr lífrænum afurðum. Þeir þurfa sitt um hátíðarnar eins og Helga Mogensen þekkir, en hún lumar á uppskriftum að réttum sem gott er að hafa með jólasteikinni.

Helga Mogensen er einn af frumkvöðlum í gerð hollra grænmetisrétta hér á landi. Hún starfar í Krúsku á Suðurlandsbraut 12 sem er endurvakin matstofa Náttúrulækningafélags Íslands og sérhæfir sig í hollustu úr lífræna geiranum.

Hér gefur Helga okkur uppskrift að tveimur réttum sem passa vel sem meðlæti með jólasteik eða öðrum aðalréttum. Hefð er fyrir rauðrófum á jólaborði víða en styttra er síðan sætar kartöflur náðu fótfestu í íslenskri matargerð. - gun



## LÍFRÆNA MEÐLÆTIÐ HENNAR HELGU

### RAUÐBEÐUSALAT

**20 stk. rauðrófur soðnar, afhýddar og skornar í munnbita**
**2 stk. græn epli afhýdd og skorin í munnbita**
**Smátt söxuð steinselja**
**Muldar hnetur til að skreyta með (má sleppa)**

**SALATSÓSA**
**1/4 bolli ólívuolía**
**1/2 msk. gróft sinnep**
**1 msk. mirin**
**Salt og grófur pipar eftir smekk**
**1/2 msk. balsamik**

*Þeytið sósuna vel og stráið yfir salatið.*

*Þetta salat er best ef það fær að standa í sólarhring.*

### SÆTAR KARTÖFLUR MEÐ SÍRÓPI OG HNETUM

**4 stk. stórar, sætar kartöflur**
**Smá steinselja**
**1/2 bolli agavesíróp**
**1/2 bolli ólívuolía**
**Smá sítrónusafi**
**Smá salt**
**Handfylli af söxuðum pecanhnetum.**

*Skrælið kartöflurnar og raðið þeim í eldfast form. Þeytið sósuna og saltið og stráið yfir.*

*Bakið í ofninum í 30-40 mínútur við 200°C.*

*Gott er að snúa kartöflunum við eftir 20 mínútur. Þá er hnetunum stráð yfir og þær bakaðar með síðustu mínúturnar.*


Helga Mogensen. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Sætar kartöflur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# Gjafakörfur

fyrir fyrirtæki og heimili í öllum verðflokkum.
Ítalskar kaffibaunir og malað kaffi, fylgihlutir og fleira gott.



Kaffi Félagið

Skólavörðustíg 10, 101 R. s. 520 8420 Opið mán.-fös. 7:30-18:00 og lau. 10:00-16:00.



JÓL 2008
JÓLAHLAÐBORÐ
Pálmar Ólason mun koma gestum í jólaskap með sínum alrómaða píanóleik
Opið miðvikudaga til sunnudaga
Verð
Föstudaga og Laugardag Kr. 6.900,-
Fimmtudaga og Sunnudaga 2 fyrir 1
Fyrir hópa 20 og fl. í Hótelsal 10% afsl.
Pantið borð í síma 562 6766 eða raudara@simnet.is
RAUÐARÁ
RESTAURANT
Rauðarárstíg 37 | 105 Reykjavík
sími: 562 6766 | raudara@simnet.is

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

OBH NORDICA

**OBHNordica 6643**
300w blandari með 0,8 lítra glerskál, 2 hraðastillingum og púls. Auðvelt að taka hnífa frá til að hreinsa.

VERÐ **7.995** FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

**Melissa 635070**
Sléttujárn með keramik plötum.

VERÐ **2.495** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa 635092**
2200w HÁRBLÁSARI með afrafmögnun (ionization), köldum blæstri, ofhitunarvörn, 2 hausum.

VERÐ **2.995** FRÁBÆRT VERÐ

ide line

**Ideline 746087**
175w Handþeytari með 5 hraðastillingum og Turbo.

VERÐ **2.995** FRÁBÆRT VERÐ

**Exido 246021**
ELDHÚSVOG úr áli. Slekkur sjálfvirkt á sér eftir 1 mín. Mælir allt að 2kg.

VERÐ **3.995** FRÁBÆRT VERÐ

**OBHNordica 2232**
2ja sneiða BRAUÐRIST með mylsnubakka. Burstað stál.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa 631039**
BAÐVOG úr gleri með skjá sem sýnir allt að 150kg, 100g kvarði, +/- 0.5% nákvæmni.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ

OBH NORDICA

**OBH 4006**
Vandaður stór HITAPÚÐI úr flísefni með 3 hitastillingum sem slekkur sjálfur á sér eftir 90 mínútur. 32x40 sm.

VERÐ **6.995** FRÁBÆRT VERÐ

**Philips HD4646HV**
Vandaður 2400w HRAÐSUÐU-KETILL sem tekur 1,5 lítra.

VERÐ **6.995** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa 630013**
BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR með LCD skjá sem mælir efri og neðri mörk ásamt púls, 2x50 mælingar í minni.

VERÐ **7.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips FC6140**
Einföld og góð HANDRYKSUGA.

VERÐ **8.495** FRÁBÆRT VERÐ

**Philips HR1364**
Kröftugur 600w TÖFRASPROTI með þeytara og skál.

VERÐ **8.995** FRÁBÆRT VERÐ

2000 WÖTT

**OBHNordica 6534**
HELLUBORÐ með 1 hellu. 2000w. 18.7sm.

VERÐ **8.995** FRÁBÆRT VERÐ

**Exido 244002**
700w SAFAPRESSA sem tekur hart grænmeti og heila ávexti. 2 hraðar. 1,8l matari. Auðvelt að hreinsa.

VERÐ **9.995** FRÁBÆRT VERÐ

exido

**Exido 243019**
2300w DJÚPSTEIKINGAR-POTTUR sem tekur allt að 4 lítra. Má setja í uppþvottavél. Stál.

VERÐ **14.995** FRÁBÆRT VERÐ

**Philips HD5405**
1300w Café Gourmet KAFFIVÉL sem sýður vatnið. Glerkanna fyrir 8-12 bolla og dropastoppari.

VERÐ **19.995** FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD

**Kenwood FP250**
MATVINNSLUVÉL og BLANDARI með 750w Dual Drive System, 2 hröðum og púls, 2,1 lítra skál. Stál.

TILBOÐ **19.995** FULLT VERÐ 24.995

**OBH 6088**
Vönduð NUDDSESSA sem auðvelt er að festa við stól. Shiatsu og víbringsnudd. 6 mismunandi kerfi. Ótrúleg upplifun.

VERÐ **39.995** FRÁBÆRT VERÐ

DēLonghi

**DeLonghi ESAM4000**
Fullkomin 1,8l Espresso KAFFIVÉL með kaffikvörn, Cappucino System - blandar saman gufu, lofti og mjólk. Malar kaffibaunir og býr til kaffið.

VERÐ **72.995** FRÁBÆRT VERÐ

## PHILIPS Senseo

*kaffikönnurnar vinsælu*

VÖNDUÐ GJAFA ASKJA FYLGIR

KENWOOD

**Kenwood KM266**
Öflug 900w 4,3l hrærivél með 4,3l skál úr ryðfríu stáli, breytilegum hraðastilli, blandara, safapressu, sítruspressu, hakkavél, þeytara, hnoðara og hrærara. CD diskur með 90 uppskriftum fylgir.

TILBOÐ **49.995** FULLT VERÐ 59.995

**LANDSINS MESTA ÚRVAL**

*MARGIR LITIR - MARGAR GERÐIR*

**Heimilistæki** ht.is

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700 GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600 GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380 SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500

# Alþýðleg listaverk í Landnámssetrinu

Alþýðulistafólk heldur sýningu á verkum sínum í Landsnámssetrinu í Borgarnesi í dag sunnudaginn 7. desember.

Sýningin hefst klukkan 15 en meðal verka eru mósaíkverk, glerverk og akrýlmyndir. Listaverk þessi hafa verið unnin í listasmiðjunni í Gallerý Brák á síðustu mánuðum.



**ALÞÝÐULISTAMENN** Hér eru þeir Guðmundur Ingi og Guðmundur Stefán, við verk sín.

Nánari upplýsingar um listamennina er að finna á vefslóðinni http://outsidersart.blogspot.com



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# ernskujólum sínum

ís nema á jólunum, þá bjó mamma til ís heima. Sækja þurfti klaka í Íshúsið niðri við Reykjavíkurtjörn og mamma hrærði eggin og rjómann í höndunum. Ég lýsi þessu öllu fyrir krökkunum og segi þeim frá hreingerningunum fyrir jólin og heimatilbúnum jólagjöfum og jólakortum og hvernig við bjuggum til kramarhús og skraut. Við fengum alltaf heimagerðar jólagjafir í þá daga og amma mín prjónaði alltaf sitthvora klukkuna handa okkur systrunum.“

Erla bjó um tíma í Danmörku sem barn og átti hálf danska ömmu í aðra ættina. Hún upplifði því líka dönsk jól og danska jólasálma. Hún bjó einnig um tveggja ára skeið í Ameríku sem ritari í sendiráðinu svo hún á safn minninga sem hún segir krökkunum frá. „Inn á milli syngjum við jólalög svo þau verði ekki of þreytt á að hlusta á mig. Ég er búin að bóka mig alveg til jóla og er búin að segja fólkinu mínu að reikna ekkert með mér í desember, ég verð bara í þessu. Mér finnst þetta svo gaman að rifja þetta upp fyrir krakkana. Þau eru líka svo þæg og góð að hlusta.“

**heida@frettabladid.is**

# Framlag Íslands

Sesseljuhús, umhverfissetur á Sólheimum í Grímsnesi, var nýlega valið sem framlag Íslands á heimsráðstefnu UNESCO sem haldin verður í mars á næsta ári. Húsið er allt úr náttúrulegu og umhverfisvænu efni og starfsemi þess miðar öll að fræðslu um sjálfbæra þróun. „Þetta er mikill heiður og viðurkenning,“ segir Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir, forstöðumaður Sesseljuhúss, sem sér fyrir sér stóraukin tækifæri til að kynna starfsemi þess á erlendum vettvangi.

Mörg hundruð tilnefningar um verkefni bárust skipuleggjendum ráðstefnunnar, frá öllum heimshornum og voru 25 þeirra valin til kynningar á ráðstefnunni. Sesseljuhús var ekki í þeim hópi.



**VIÐ SESSELJUHÚS** Bandarískir háskólanemar ásamt forstöðumanninum, Bergþóru Hlíðkvist Skúladóttur.

Hins vegar býðst forsvarsmönnum þess tækifæri á að taka þátt í ráðstefnunni og miðla af reynslu sinni auk þess að kynna starfsemi hússins á vefsíðu hennar.








LÝST ER EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI Í MENNTAÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS

Menntaáætlun Evrópusambandsins styrkir menntun og þjálfun á öllum stigum, frá leikskóla til háskóla auk fullorðinsfræðslu:

COMENÍUS - leik-, grunn- og framhaldsskólastig
LEONARDÓ - starfsmenntun
ERASMUS - háskólastig
GRUNDTVIG - fullorðinsfræðsla

UMSÓKNARFRESTIR ÁRIÐ 2009 ERU EFTIRFARANDI:

| ÁÆTLUN | UMSÓKNAFRESTUR |
|---|---|
| **Comeníus og Grundtvig -** endurmenntun | 16. janúar 2009 |
| **Comeníus -** aðstoðarkennarar | 30. janúar 2009 |
| **Leonardó -** mannaskiptaverkefni | 6. febrúar 2009 |
| **Jean Monnet áætlunin** | 13. febrúar 2009 |
| **Comeníus, Grundtvig og Leonardó -** samstarfsverkefni | 20. febrúar 2009 |
| **Comeníus, Erasmus, Grundtvig og Leonardó** – miðstýrð fjölþjóðleg tilrauna-, net- og stoðverkefni | 27. febrúar 2009 |
| **Leonardó –** fjölþjóðleg yfirfærsluverkefni | 27. febrúar 2009 |
| **Erasmus –** stúdenta- og starfsmannaskipti og hraðnámskeið (frestur háskóla) | 13. mars 2009 |
| **Þveráætlanir –** rannsóknir, tungumál, upplýsingatækni, stefnumótun og dreifing | 31.mars 2009 |
| **Námsheimsóknir -** stefnumótun fræðslumála | 9. apríl 2009 |

Séríslensk forgangsatriði eru í gildi fyrir umsóknir um Leonardó yfirfærsluverkefni. Umsóknir sem falla að þessum forgangsatriðum fá viðbótarstig í mati. Þau eru:

- Gegnsæi í iðn- og verknámi, raunfærnimat og viðurkenning á færni einstaklinga
- Efling starfshæfni og færni hópa sem eru í hættu á að detta út af vinnumarkaði

Allar nánari upplýsingar um umsóknarferlið og umsóknarfresti fyrir árið 2009 eru á heimasíðu Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB, **www.lme.is.**

Áhugasamir eru eindregið hvattir til að hafa samband við starfsfólk Landskrifstofunnar til að fá ráðgjöf við undirbúning umsókna.

Education and Culture

**LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB.**
**Leonardó áætlunin:** Dunhaga 5 | 107 Reykjavík | Sími: 525 4900
**Erasmus, Comenius, Grundtvig:** Háskólatorg | 101 Reykjavík | Sími: 525 4311

# Jólakaffi Hringsins

Árlegt jólakaffi og happdrætti Hringsins verður haldið á Broadway í dag 7. desember kl: 13.30.

Að vanda verður boðið uppá girnilegt kaffihlaðborð með heimabökuðu brauði að hætti Hringskvenna, happdrætti með glæsilegum vinningum og síðast en ekki síst frábærum skemmtiatriðum úr ýmsum áttum.

*Allur ágóði rennur í Barnaspítalasjóð Hringsins sem styrkir veik börn á Íslandi.*







STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

# Sjóðfélagafundur

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs boðar til kynningarfundar fyrir sjóðfélaga á Grand Hotel, Sigtúni 38 í Reykjavík (sal Gullteig B), fimmtudagskvöldið **11. desember** nk. **kl. 20:30.**

Þar verður fjallað um rekstur og afkomu sjóðsins í ljósi tíðinda haustsins á fjármálamörkuðum heima og heiman.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta!

Stjórnin

stofa108

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | Sími 569 3000 | Fax 569 3001 | stafir@stafir.is | stafir.is



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





# Lífsgleði og speki Hljóma



NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir



Sjaldan aura ég sé, sama er mér um fé, já, það má jafnvel ske að þig undri." Það er engin tilviljun að síðustu mánuði hefur lagið Lífsgleði með Hljómum fengið að hljóma nokkuð oft í spilaranum. Tónlist er svo tilvalin til þess að lyfta andanum ef þess þarf, og þess hefur svo sannarlega verið þörf. Skammdegisþunglyndið, sem var nógu slæmt eitt og sér, hefur fengið kreppuna í lið með sér og dregið þjóðfélagið enn lengra niður.

Lag þeirra Hljóma um lífsgleðina hefur lengi verið í uppáhaldi hjá mér. Þó að engin sé kreppan og bjart sé úti þurfum við stundum að minna okkur á að við fengum lífið til þess að lifa því, og við ættum að reyna að einbeita okkur oftar að því að eiga ánægju, ást og hamingjuþrá, eins og segir í laginu. Sama hverjar aðstæðurnar eru er gott að minna sig á þetta. Nokkurn veginn sami boðskapur birtist okkur í Pollýönnu, sem hefur líka verið í uppáhaldi lengi og seldist víst upp í vikunni. Það þurfti nefnilega engar nýldarsjálfshjálparbækur í formi einhvers „leyndarmáls" til þess að minna á mátt jákvæðrar hugsunar. Ég held að þar sé ekkert að finna sem ekki er í tæplega hundrað ára gamalli barnabók og fjörutíu ára gömlu lagi. Þetta snýst um að finna ánægju og hamingju, „þótt ég sigli um sjá, þótt ég slái með ljá, þó að allt sé á tjá og tundri."

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Förðunarbók vinsælust í Eyjum

„Þegar fólk uppgötvaði þetta fór bókin að seljast rosalega vel,“ segir Erla Halldórsdóttir, verslunarstjóri Eymundsson í Vestmanneyjum, um bókina Förðun - Þín stund. Þrátt fyrir vinsældir um allt land hefur bókin hlutfallslega selst best í Vestmanneyjum og má eflaust rekja þær vinsældir til Eyjameyjarinnar Önnu Esterar Óttarsdóttur sem prýðir forsíðuna. „Fólkið hérna var svolitla stund að átta sig á að þetta var Anna Ester sem var framan á bókinni og þegar maður fer til Reykjavíkur upplifir maður bara Sex and the city við að sjá hana í strætóskýlum borgarinnar,“ segir Erla og hlær, en Anna Ester var kjörin sumarstúlka Vestmanneyja 2007. „Þetta er bók sem hefur vantað á markaðinn lengi og verður án efa ein vinsælasta jólagjöfin til stelpna og kvenna á öllum aldri í Vestmanneyjum,“ bætir hún við og segist viss um að bækur verði ein aðalgjöfin í ár þar sem sala hafi aukist gífurlega.

Anna Ester segir sér hafa brugðið töluvert þegar hún sá andlit sitt á stórum auglýsingum. „Mér brá svo fyrst þegar ég sá auglýsinguna í strætóskýli að ég var næsum því búin að klessa á, ég bjóst ekki við að þetta yrði svona stórt,“ segir Anna sem er nú búsett í Reykjavík og stundar nám í hársnyrtiiðn við Tækniskólann í Reykjavík. „Ég er gjarnan spurð hvort ég eigi dökkhærða systur því ég er ljóshærð í dag, en það eru margir búnir að hrósa myndinni og það er mjög gaman að hafa tekið þátt í þessu,“ segir Anna. - ag



**BRÁ Í BRÚN** Eyjamærin Anna Ester segist næstum því hafa klesst á þegar hún sá andlit sitt á stórri auglýsingu í strætóskýli. Hún er ánægð með þær góðu viðtökur sem bókin hefur fengið.

# Dylan túrar Evrópu

Meistari Bob Dylan heldur áfram linnulausu tónleikaferðalagi sínu. Næst ætlar hann í umfangsmikið tónleikaferðalag um Evrópu sem hefst í Svíþjóð í mars. Einnig spilar hann í Noregi, Danmörku, Þýskalandi, Frakklandi og í Bretlandi.

Ísland er ekki á dagskránni í þetta sinn, enda stutt síðan hann hélt eftirminnilega tónleika í nýju Laugardalshöllinni í maí síðastliðnum.

Dylan er þekktur fyrir stíft tónleikahald. Síðasta áratug og það sem af er þessum hefur hann spilað á rúmlega hundrað tónleikum á ári, sem er einstakur árangur miðað við það hversu lengi hann hefur verið í bransanum.



**BOB DYLAN** Dylan er á leiðinni í umfangsmikla tónleikaferð um Evrópu.



**MADONNA** Er stödd í Suður-Ameríku og vekur að vonum mikla athygli.

# Hætti við í Argentínu

Madonna hefur hætt við fyrstu tónleika sína af fernum sem hún ætlaði að halda í Argentínu, aðeins viku eftir að hún hóf tónleikaferð sína um Suður-Ameríku.

Madonna átti að stíga á svið í Buenos Aires á miðvikudagskvöld en hætti við allt saman á síðustu stundu. Svo virðist sem hljóðblöndunargræjur hafi ekki borist til borgarinnar í tæka tíð fyrir tónleikana og því var þeim frestað til mánudags.

Madonna hefur vakið mikla athygli í Suður-Ameríku og virðist ekki láta skilnaðinn við Guy Ritchie hafa nein áhrif á sig. Hitti hún meðal annars forseta Argentínu, Christinu Kirchner, á þriðjudag og fór vel á með þeim.




MEISTARANÁM VIÐ
TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

Tækni- og verkfræðideild HR býður meistaranám í

- Byggingarverkfræði
  - Framkvæmdastjórnun
  - Umferðar- og skipulagsfræðum
  - Steinsteyputækni
  - Mannvirkjahönnun
- Fjármálaverkfræði
- Véla- og rafmagnsverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Líf- og heilbrigðisvísindum
- Ákvarðanaverkfræði

Námið er einkum ætlað þeim sem hafa lokið BSc-prófi í verkfræði eða tæknifræði með góðum árangri. Nemendur sem hafa annan bakgrunn úr BSc-námi sínu geta útskrifast með meistaraprófi á tilteknum sérsviðum verkfræðinnar, s.s. meistarapróf í framkvæmdastjórnun, umferðar- og skipulagsfræðum, heilbrigðisvísindum o.fl.

Umsóknarfrestur er til 15. desember
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

512 50 50
Auglýsingasími
Mest lesið

Mikilvægt skref í átt að þínum frama

challenge & innovation



BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST
AP Degree & Bachelor Programme
- we offer you the following programmes:

**Marketing Management**
*Möguleg störf: Markaðsstjórnun, auglýsingaráðgjöf, viðskiptastjórnun, innkaupastjórnun og m.fl.*
*Námsstaður: Esbjerg eða Sønderborg - Tungumál: Enska eða danska.*

**Computer Science**
*Möguleg störf: Kerfishönnun, forritun, hugbúnaðarráðgjöf, verkefnastjórnun, kerfisstjórnun*
*Námsstaður: Esbjerg eða Sønderborg - Tungumál: Enska*

**Multimedia Design & Communication**
*Möguleg störf: Vefsíðuhönnun, vefþróun, margmiðlunarráðgjöf, skipulagning auglýsingamála, ráðstefnustjórnun*
*Námsstaður: Esbjerg - Tungumál: Enska.*

**Fashion Design**
*Möguleg störf: Skipulagning og eftirfylgni verkferla og verkefna í fata og tauefnaiðnaði, með hönnun, framleiðslu og kaup & sölu.*
*Námsstaður: Sønderborg - Tungumál: Enska.*

**Technical Manager Offshore**
*Vertu með til að byggja upp íslenskan olíuiðnað.*
*3ja ára bachelornám sem gerir þig hæfan til að vinna með Stjórnun og hönnun, ásamt daglegri starfsemi og viðhaldi tækni og tækjamála.*
*Námsstaður: Esbjerg - Tungumál: Danska*

Nánari uppl. www.easv.dk

ntv: Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn er okkar samstarfsaðili á Íslandi. Sjá nánar á www.ntv.is

International education

STUDY IN DENMARK



ESBJERG
SØNDERBORG

NYTT!
Esbjerg og Sønderborg hafa sameinast, fleiri möguleikar, nýtt logo og netfang - www.easv.dk

BUSINESS ACADEMY SOUTHWEST

ESBJERG
Sp. Kirkevej 103
DK-6700 Esbjerg
Tel + 45 7613 3200

SØNDERBORG
Grundtvigs Alle 88
DK-6400 Sønderborg
Tel + 45 7412 4141

# Einn fyndinn

Fyndnasti maður Kópavogs eftir Þorstein Guðmundsson verður flutt á Ríkisútvarpinu rás 1 kl. 14 í dag. Þar fer Björn Hlynur Haraldsson með hlutverk hins fyndna, Barða, uppistandara sem þarf að leysa sín mál. Helga Braga Jónsdóttir er móðir hans, Ásta, og Júlíus Brjánsson er Ármann faðir hans.

Það er ekki svo einfalt mál að taka þátt í Íslandsmeistarakeppninni í uppistandi. Það getur nefnilega reynst býsna flókið; ekki síst þegar maður hefur ákveðið að gera grín að foreldrum sínum. Launfyndið útvarpsleikrit um listrænt frelsi, fortíðarvanda og tillitssemi í Kópavoginum.

Upptakan er frá 2003 og leikstjóri er Óskar Jónasson en upptöku annaðist Grétar Ævarsson. Verkið má líka heyra á vef leiklistardeildarinnar - Útvarpsleikhússins á vef ruv: www.ruv.is. næstu vikur. **- pbb**

Jóladagatal Norræna hússins
alla dagaklukkan 12:34
í gær var Sjón
Hver verður í dag?


AÐVENTUTÓNLEIKAR
Kvennakór Reykjavíkur í dag!
kl. 16 í Kristskirkju, Landakoti



Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
Aðventusýning Þjóðleikhússins
sun. 7/12 þrjár sýningar, uppselt
**Uppselt í desember, aukasýningar í sölu**

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
**Sýningum lýkur 13 .desember!**
**Aðeins þrjár sýningar eftir**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
**Sala hafin á sýningar í janúar**



Gefum góðar stundir
Gjafakort Þjóðleikhússins er sígild gjöf sem gleður alla. Einfalt og þægilegt, þau kaupir á www.leikhusid.is og færð kortið sent heim í fallegu hulstri.

Kardemommubærinn
Sértilboð á gjafakortum til áramóta.

www.leikhusid.is


# Uppboð á morgun

Galleri Fold stendur fyrir uppboði á málverkum og skúlptúrum á morgun. Að venju verða boðin upp fjölmörg verk, meðal annars mörg verk eftir gömlu meistarana. Er uppboðsskráin svo stór að uppboðinu verður haldið áfram á þriðjudag en það er haldið í húsnæði Foldar við Rauðarárstíg. Hefjast uppboðin báða dagana kl. 18 en í dag verða uppboðsgriðirnir til sýnis í Gallerí Fold frá 12 - 18.




**MYNDLIST** Aumingja Ísland eftir Sigurð Guðmundsson MYND GALLERÍ BORG

Margt eigulegra verka er á uppboðinu en framboð er nú tekið að aukast en að sama skapi bíða menn þeirrar þróunar að verð taki að læakka eins og raunin hefur verið beggja vegna Atlandshafsins á liðnum uppboðum haustsins. Verðmesta verk á þessu uppboði er olíumálverk eftir Svavar Guðnason frá 1965, Tröllskessa (160 x 104) merkt og er verðmæti þess talið 5 til 6 milljónir. Það er frá tímabili í lífi listamannsins sem var býsna fjörlegt í kraftmiklum átökum við liti og form og voru mörg verka hans á þessum tíma sýnd á áhrifamikilli sýningu hans í sýningarsal Ragnars í Smára við Veghúsastíg.

Meðal annarra verka á uppboðinu má nefna stór verk eftir Gunnlaug Blöndal og Jóhannes S. Kjarval. Einnig eru verk eftir Karl Kvaran, Jón Engilberts, Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur. Þá verður „Aumingja Ísland“ eftir Sigður Guðmundsson boðið upp og eins verk eftir Sossu, Soffíu Sæmundsdóttur, Tolla, Óla G. Jóhannsson og Erró. Þá er á uppboðinu umtalsvert magn grænlenskra útskurðargripa „tupilakar“ eftir óþekkta grænlenska handverksmenn, einnig talsvert magn af leir úr smiðju Guðmundar frá Miðdal frá ýmsum tímabilum, meðal annars stytta af mink sem er fáséð. Útskorinn askur eftir Ríkarð Jónsson sem metinn er á annað hundrað þúsund. **- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Sunnudagur 07. desember

**Tónleikar**

**15.00** **Gilligill** Tónleikar í tilefni af nýútkominni barnaplötu með lögum og textum eftir Braga Valdimar Skúlason í **Salnum**, Hamraborg 6, Kópavogi. Þetta eru síðustu tónleikarnir.

**15.15** Katie Buckley hörpuleikari og Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari flytja fjölbreytta dagskrá í **Norræna húsinu** við Sturlugötu.

**16.00** Kvennakór Reykjavíkur verður með tónleika í **Kristskirkju** við Hávallagötu.

**20.00** Kór Hjallakirkju í **Kópavogi** heldur aðventutónleika þar sem flutt verður fjölbreytt úrval af aðventu- og jólalögum. **Aðgangur er ókeypis**.

**20.00** Óperukór Hafnarfjarðar verður með jólatónleika í **Víðistaðakirkju** við Hraunbrún í Hafnarfirði.

**21.00** Tómas R. Einarsson og hljómsveit verða með tónleika ásamt **Ragnheiði Gröndal** á **Cafe Rosenberg** við Klapparstíg.



**Dans**

Tangóævintýrafélagið stendur fyrir síðdegistangó á **Café Rót**, Hafnarstræti 17, kl. 16-19. Allir velkomnir.

**Leiklist**

**20.00** GRAL Grindvíska atvinnuleikhúsið sýnir leikverkið 21 manns saknað í **Saltfiskisetrinu**, Hafnargötu 12a, Grindavík. Nánari upplýsingar á www.gral.blog.is.

**Brúðuleikhús**

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði verður með skemmtun í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**14.00** Brúðuleikurinn um **Dimmalimm** prinsessu og prinsinn hennar í álögum.

**16.00** Jólasveinar Grýlusynir. **Íslensku jólasveinarnir** eins og þeir gerast bestir.

**Listamannsspjall**

**15.00** Ásgrímur Friðriksson og Eygló Margrét Lárusdóttir verða með spjall um verk sín og sýninguna **Jólakjólar** í Listasafni ASÍ við Freyjugötu.

**Uppákomur**

**14.00** Þjóðminjasafnið við **Suðurgötu verður** með fjölbreytta fjölskyldudagskrá þar sem m.a. **Grýla og Leppalúði** koma í heimsókn, kveikt verður á jólatrénu og farið í ratleik. Aðgangur ókeypis.

**Í Árbæjarsafni** við Kistuhyl verður hægt að fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga alla sunnudaga fram að jólum. Opið kl. 13-17.

Á minjasafni Akureyrar gefst gestum og gangandi kostur á að fylgjast með undirbúningi **jólanna** eins og hann var í gamla sveitasamfélaginu. **Minjasafninu á Akureyri**, Aðalstræti 58. Opið 13.30-16.

**Myndlist**

Jóna Bergdal Jakobsdóttir hefur opnað sýningu í **Café Karólínu** við Kaupvangsstræti á **Akureyri**. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14-01.

Kolbrá Braga hefur opnað sýningu í Listasal Iðu við Lækjargötu, 2. hæð. Sýningin er opin alla daga frá kl. 10-22.

**Bækur**



**16.00** Lesið verður úr nýjum bókum á **Gljúfrasteini**, húsi skáldsins. Auður Jónsdóttir, Hallgrímur Helgason, Kristín Ómarsdóttir og Einar Kárason kynna bækur sýnar.

**Leiðsögn**

**14.00** Helgi Þorgils Friðjónsson verður með leiðsögn um sýninguna **Ást við fyrstu sýn** í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


Traustur íslenskur ferðafélagi



JÓLAGJÖFIN SEM FLÝGUR ÚT
JÓLAPAKKAR ICELANDAIR
VERÐ FRÁ 26.900 KR.

EF ÞÚ BORGAR JÓLAPAKKANN MEÐ VILDARKORTI VISA OG ICELANDAIR FÆRÐU 5.000 AUKA VILDARPUNKTA.
ATHUGIÐ AÐ HÆGT ER AÐ GREIÐA FYRIR HÓTELGISTINGU MEÐ VILDARPUNKTUM, FRÁ 14.000 PUNKTUM Á NÓTT FYRIR TVO.

+ Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 31. mars 2009.
+ Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld með Icelandair.
+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is

WWW.ICELANDAIR.IS
Safnaðu Vildarpunktum VISA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 44391 11/08

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2008 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 23. jan. 2009. Jólapakkatilboð gildir til Boston, New York, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, London, Manchester, Frankfurt, Parísar og Amsterdam. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–11.200 Vildarpunkta.



GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
Dantax
Dantax Casino1SV
„Gamaldags“ FM útvarp með Aux inngangi og heyrnartólstengi.
VERÐ 9.990
FRÁBÆRT VERÐ
Philips AJ210
ÚTVARPSVEKJARI með VEÐURSTÖÐ sem sýnir veðurspá með myndum. Inni hitamælir. Stafrænt útvarp með minnum. Tveir vekjarar. Skjár með baklýsingu.
VERÐ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ
SanDisk
SanDisk FUZE4GB
4GB Sansa Fuze MP3 SPILARI með 1.9" LCD litaskjá, FM útvarpi, Diktafóni með innb. míkrafóni. Tekur microSD kort. Spilar Videó, tónlist og ljósmyndir.
VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ
FÆST EINNIG MEÐ 8GB MINNI Á KR. 29.990
PHILIPS
Philips DVP3120
Fjölkerfa DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi ofl.
VERÐ 13.990
FRÁBÆRT VERÐ
Lenco
Lenco DF711W
7" LCD STAFRÆNN MYNDARAMMI með 480x234 upplausn, USB tengi og SD, MMC, MS og XD kortalesara.
VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ
Laus framhlið og hulstur fylgir!
Panasonic
Panasonic CQC1465
4x50w BÍLTÆKI með MP3/WMA CD spilara, FM/AM/LW RDS útvarpi með 24 stöðva minni, tengi fyrir MP-3 spilara, Fader-, Balance-, bassa- og diskantstilli og 1xRCA útg.
TILBOÐ 14.990
FULLT VERÐ kr. 16.990
OLYMPUS
Olympus FE20
Digital myndavél með 8 milljóna punkta uppl., 3x Optical Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5 LCD skjá, Face Detection, Digital Image Stabilisation, hreyfimyndatöku með hljóði, USB 2.0 ofl. Tekur xD og MicroSD kort.
VERÐ 22.990
FRÁBÆRT VERÐ
27"
Panasonic
Panasonic NVGS80
Digital TÖKUVÉL með 2,7" skjá, 1/6" upptökuflögu, 800.000 punkta uppl., 32x Optical og 1000x Digital Zoom, Color Night view, Pure Colour Engine, MEGA O.I.S titringsdeyfi, Snapshot, DV útg., vefmyndavél ofl.
VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ
JBL
JBL RadialBlk
HÁTALARAR með innb. 2x15w og 1x30w magnara, 4 Odyssey hátölurum og 1 Neodynium fyrir djúptóna, snertitökkum, vöggu fyrir iPod, 3.5mm jack tengi ofl. Fyrir iPod, MP3, CD ofl. Ath. iPod fylgir ekki.
VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Blu-ray Disc
Philips BDP7100
Fjölkerfa Blu-Ray SPILARI með DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíóhljóm, High Definition 1080p @ 24fps, DVD uppskölun í 1080p í gegnum HDMI. Digital Coax út. 8 rása analogue útg. ofl.
TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990
EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100
Philips HTS8100
HEIMABÍÓKERFI með Ambisound Surround, fjölkerfa DVD SPILARA með Progressive Scan, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, DCDI sem skerpir mynd og liti, Soft dome tweeters - ótrúlega tær hljómur, DoubleBASS, Smart Surround, útv. með minnum,1 hát. og bassaboxi,ofl. Má hengja á vegg.
TILBOÐ 169.990
FULLT VERÐ kr. 199.990
20"
TOSHIBA
Toshiba 20W300PG
20" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, 20w Nicam Stereó, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.
TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 84.990
32"
Panasonic TX32LM70F
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereó með V-Audio, Backlight Control, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, textavarpi ofl.
VERÐ 129.990
FRÁBÆRT VERÐ
Full HD 37"
Panasonic
Panasonic TX37LZD70F
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p.uppl., V-Real Pro 2 Engine, IPS Alpha skjá, Advanced 3D Colour, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortal., 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, textav. ofl.
TILBOÐ 219.990
FULLT VERÐ kr. 249.990
42"
PIXEL PLUS HD
PHILIPS
Philips 42PFL5603D
42" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALD með full HD 1080, 1920x1080 punkta uppl., 30.000:1 skerpu, Pixel Plus HD, Progressive Scan, stafr. DVBT móttakara, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó, textav. ofl.
TILBOÐ 279.990
FULLT VERÐ kr. 299.990
OPIÐ Í DAG KL. 13–18
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# Hljómsveit hins eilífa tilstands



**20 ÁRA FARSÆLL FERILL** Sálin hans Jóns míns á afmælistónleikum í Laugardalshöll fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að Sálin hans Jóns míns fagnar tuttugu ára starfsafmæli í ár. Hljómsveitin endurútgaf í vor allar plöturnar sínar í tveimur veglegum kössum og hélt 20 ára afmælistónleika fyrir fullri Laugardalshöll 14. mars. Þetta hefði flestum þótt nokkuð vel í lagt miðað við tilefnið, en afmælistilstand Sálarinnar endaði ekki þar. Ó, nei. Fyrir nokkrum dögum kom út ný ferilsútgáfa, Hér er draumurinn, sem fáanleg er í þremur mismunandi útfærslum. Í fyrsta lagi er það þreföld 45 laga safnplata með þremur nýjum lögum. Í öðru lagi er það tvöfaldur DVD-pakki með nýrri heimildarmynd um sveitina á öðrum disknum og 25 myndböndum á hinum og í þriðja lagi er það svo stóri pakkinn sem er til umfjöllunar hér.

## Nóg af smellum

Í viðhafnarútgáfunni af Hér er draumurinn eru sjö diskar, fjórir hljóðdiskar og þrír mynddiskar. Þrefalda safnplatan er í pakkanum og að auki tónleikadiskur með 15 hljóðritunum frá ferlinum. Á DVD-diskunum þremur eru myndböndin 25, lengri útgáfa af heimildarmyndinni og svo sérstakur tónleikadiskur með 25 lögum. Diskarnir sjö eru í pappavösum sem eru ásamt 90 bls. bók bundnir inn í harða kápu sem er rennt inn í ösku. Mjög glæsileg hönnun. Í bókinni er saga sveitarinnar rakin í máli og myndum auk mjög ítarlegra upplýsinga um allar upptökurnar og þá sem að þeim komu.

Og það verður að segjast eins og er að þetta er býsna vel heppnaður pakki. „Best of“-diskarnir þrír eru hlaðnir smellum sem allir þekkja og nýju lögin eru ágæt líka. Heimildarmyndin er skemmtileg og nokkuð ítarleg. Það er til mikið myndefni með sveitinni sem nýtist vel í mynd af þessu tagi. Ég hef persónulega takmarkaða þolinmæði þegar kemur að tónlistarmyndböndum, en það er fínt að hafa þau með upp á heildarmyndina. Svo eru það tónleikadiskarnir. Það er mikill fengur að þeim. Sálin hefur lengi verið mjög vel spilandi band. Þetta eru 40 lög sem við fáum hér af tónleikum. Fimmtán á hljóðdisknum og 25 á mynddisknum. Og mörg eru í breyttum útsetningum. Ég varð reyndar fyrir vonbrigðum með valið á DVD-tónleikadisknum. Það er of mikið af áður útgefnu efni af sparitónleikum sem margir aðdáendur eiga fyrir og of lítið efni frá fyrri hluta ferilsins. Hvað með allar upptökurnar sem voru gerðar fyrir Garg-myndina? Það vantar alveg eitt sveitt sveitaballagigg þarna inn til að fá heildarmyndina. Það eru samt margir hápunktar. Ég nefni sérstaklega framgang saxófónleikarans Jens Hansonar sem sýnir oft snilldartakta.



**TÓNLIST**

**Hér er draumurinn**

Sálin hans Jóns míns

★★★★★

Viðhafnarútgáfan af 20 ára ferilsútgáfu Sálarinnar hans Jóns míns er sannkallað útgáfustórvirki. Sjö diskar og bók sem sýna sögu sveitarinnar frá öllum hliðum.

## Sannkallað útgáfustórvirki

Því að vera í hljómsveit er stundum líkt við hjónaband. Til að halda sambandinu lifandi og fersku þarf maður að vera duglegur að gera sér dagamun og brjóta upp þetta hversdagslega. Eitt af því sem gerir Sálina hans Jóns míns jafn farsæla og stóra hljómsveit í sögunni og raun ber vitni er einmitt þetta eilífa tilstand. Þeir Sálarmenn eru ólatir við að reyna nýja hluti (órafmögnuðu tónleikarnir, Sálin og Gospel og Sálin og Sinfó eru ágæt dæmi) og Sálin kann svo sannarlega að gera sér dagamun.

Hér er draumurinn er útgáfustórvirki. Það er nógu viðamikið til þess að það er nánast óhugsandi að nokkur önnur íslensk hljómsveit gæti ráðist í slíkt. Sálin á nóg af góðu efni til að ráða við svona pakka, hún á nóg af aðdáendum til að það sé fjárhagslega framkvæmanlegt og hún hefur nógan metnað til að gera þetta almennilega. Auðvitað eru smáatriði í sambandi við lagaval sem menn geta deilt um, en þetta er samt virkilega flottur pakki sem verður ekki auðveldlega toppaður.

**Trausti Júlíusson**


SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:30D - 2 - 3:30D - 4 - 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| HOW TO LOSE FRIENDS.. | kl. 5:50 - 8:10 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:40 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 6D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2D - 4D - 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30D | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:30 | 16 |
| W | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:50 Síð sýn | L |
| SEX DRIVE | kl. 6 Síð sýn | 12 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| IGOR m/ísl. tali (KR. 500) | kl. 2 - 3:50 | L |
| NICK AND NORAH´S... | kl. 8 | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| PASSENGERS | kl. 10:20 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| IGOR m/ísl. tali (KR. 500) | kl. 2 - 3:50 | L |
| RESCUE DAWN | kl. 8 | 16 |
| QUARANTINE | kl. 10:20 | 16 |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES LÚXUS | kl. 1 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| NICK AND NORAH´S ... | kl. 1 - 8 - 10.10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 1 - 3.30 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 10 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 3.30 - 5.40 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| NICK AND NORAH´S ... | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 - 6 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10.15 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RELIGULOUS | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.30 - 5.40 | 14 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.30 | |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 - 10 | 7 |
| PRIDE & GLORY | kl. 10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |
| TRAITOR | kl. 8 | 12 |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN 500 kr. | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 2, 3, 4, 5 og 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 8 og 10 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 7.45 og 10.15 | 16 |

SparBíó laugardag og sunnudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN




*MADAGASCAR 2*
kl. 1:30í Álfabakka með íslensku tali. kl. 2 með ensku tali
kl. 2 í Kringlunni, Akureyri, Keflavík og á Selfossi með íslensku tali.

*HIGH SCHOOL MUSICAL 3*
kl. 1.30 í Álfabakka,
kl. 3.50 í Kringlunni
kl. 2 á Akureyri

*GEIMAPARNIR* ísl tal
kl. 1.30 í Álfabakka
kl. 2 í Kringlunni

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó




LAUGARÁSBÍÓ 500 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ




KL.1 SMÁRABÍÓ | KL.1 SMÁRABÍÓ | KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 HÁSKÓLABÍÓ | KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ | KL. 4 BORGARBÍÓ KL.1 - 3.30 SMÁRABÍÓ KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ

50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG



**TRAUST VINÁTTA** Alex og Madonna eru bara vinir og ekkert annað ef marka má orð Alex í People.

# Erum bara góðir vinir

**Hafnaboltahetjan Alex Rodriguez hefur loksins slegið á allar kjaftasögur að eitthvað sé á milli hans og söngkonunnar Madonnu. Í samtali við People-tímaritið segir Alex að þau séu einungis vinir. „Ég hef farið á tvenna tónleika með henni. Einhvers staðar las ég að þeir væru tuttugu. Við vorum sögð hafa keypt okkur íbúð saman en það er náttúrulega algjört bull. Maður verður samt að hafa húmor fyrir svona hlutum,“ segir Alex.**

**Samband Alex og Madonnu komst í hámæli þegar eiginkona hafnaboltakappans lýsti því yfir að hann ætti í platónsku ástarsambandi við söngkonuna. Nokkru síðar skildi Madonna við breska kvikmyndaleikstjórann Guy Ritchie og þá fóru gróusögurnar af stað.**

# Gunnar biður Guð að blessa Davíð

Davíð Oddsson seðlabankastjóri virðist ekki eiga marga hauka í horni um þessar mundir. Ekki þora margir að stíga fram og lýsa yfir stuðningi við forsætisráðherrann fyrrverandi sem hefur eignast ófáa óvildarmenn í gegnum tíðina. Nú hefur Davíð hins vegar eignast einn vin sem stígur fram og lýsir yfir stuðningi við hann. Og sá heitir Gunnar Þorsteinsson, eldklerkurinn í Krossinum.

Gunnar skrifar nokkuð ítarlega stuðningsyfirlýsingu við Davíð á bloggsíðu sinni sem er að finna á heimasíðu Krossins. „Mikil umræða fer fram þessa dagana um persónu Davíðs Oddssonar. Margir hafa fundið í honum upphaf og endi allra ófara Íslendinga í efnahagsmálum Við höfum séð á skjánum hvernig Davíð hefur verið úthrópaður á götum og torgum. Það jaðrar við múgæsingu og hatur,“ skrifar Gunnar sem lætur ekki þar við sitja og spyr lesendur hvort Davíð sé virkilega syndahafur íslensku þjóðarinnar. „Ég undrast þessa framgöngu og fæ ekki með nokkru móti séð hvaða forsendur eru þarna að baki,“ er svar Gunnars við þessari spurningu.



**ÓVÆNTIR FÉLAGAR** Gunnar í Krossinum lýsir yfir stuðningi við Davíð Oddsson og biður þjóðina að hætta að gera Seðlabankastjóra að syndahafi þjóðarinnar.

Gunnar viðurkennir síðan að hann meti Davíð mikils og að honum hafi alltaf þótt innlegg hans í umræðuna markvert. „Hann er að sjálfsögðu ekki óskeikull og vísast hefur honum skjöplast sem öðrum. Ég vona að þessu taki að linna og við fáum að njóta krafta hans um langan aldur. Það má ekki verða að fjöldinn persónugeri ófarir sínar í einni persónu að ósekju,“ segir Gunnar og biður fólk síðan að líta sér nær. Að endingu biður Gunnar Guð að blessa Davíð og lesandann.

**- fgg**






## > Snorri Steinn fór á kostum

Landsliðsmaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson var potturinn og pannan í 33-32 sigri GOG Svendborg gegn Bjerringbro-Silkeborg í undanúrslitum dönsku bikarkeppninnar í handbolta í gær. Snorri spilaði þrátt fyrir meiðsli á hné sem hafa verið að plaga hann undanfarið en hann fer í aðgerð strax í byrjun næstu viku. Snorri Steinn beit á jaxlinn og dró vagninn fyrir GOG og skoraði tíu mörk í gær. GOG leikur svo gegn Tvis Holstebro í úrslitaleiknum 27. desember næstkomandi, þá líklega án Snorra Steins.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÞJÁLFARARNIR ELVAR ÖRN OG ARON:** EIGA VON Á MIKLUM BARÁTTULEIK ÞEGAR FH OG HAUKAR MÆTAST Í DAG

# *Heiður bæjarfélagsins er lagður að veði*

Það ríkir gríðarleg eftirvænting eftir grannaslag FH og Hauka í átta-liða úrslitum Eimskipsbikars karla í handbolta sem fram fer í dag kl. 15.30 í Kaplakrika og hafa miðar á leikinn rokið út í forsölu. Fjölskyldudagskrá hefst kl. 14.30 þannig að það er mælt með því að fólk mæti snemma á svæðið. Erkifjendurnir mættust nýlega í N1-deildinni þar sem hið unga og efnilega lið FH fór með sigur af hólmi í æsispennandi leik, 29-28, fyrir framan troðfullar stúkur Kaplakrika. Það má því búast við spennandi og skemmtilegum leik þar sem allt er lagt undir en sigurvegarinn kemst áfram í undanúrslitin.



„Þetta er náttúrulega risastór leikur þar sem sigurvegarinn kemst alla leið í undanúrslit bikarsins og það er óneitanlega skemmtilegt krydd í þetta að við séum að fara að mæta Haukum,“ segir Elvar Örn Erlingsson, þjálfari FH.

„Það sýndi sig þegar við mættum þeim síðast að leikirnir gerast ekki stærri hérna á klakanum. Eflaust hafa þeir áhuga á að kvitta fyrir tapið gegn okkur um daginn og það er ósköp eðlilegt. Við þurfum því að ná upp stemningu og samheldni og spila fyrir félagið okkar,“ segir Elvar.

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, segir lið sitt fullt eftirvæntingar.

„Við erum búnir að bíða spenntir eftir því að mæta FH síðan við töpuðum gegn þeim í deildinni. Við höfum fengið þetta tækifæri að mæta þeim í bikarnum og erum alveg harðákveðnir í að hefna ófaranna,“ segir Aron.

„Það er búinn að vera stígandi í okkar leik undanfarið og við höfum fengið meiri vídd í sóknarleikinn okkar sem er mjög gott. Ég bind vonir við að við munum halda áfram á sömu braut í þessum leik en bikarinn er náttúrulega bara upp á líf og dauða, annað hvort kemstu áfram eða dettur út. Í þessu tilviki er líka heiðurinn í bæjarfélaginu lagður að veði,“ segir Aron.



## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild kvk.*

| | |
|---|---|
| KR-Keflavík | 62-90 (31-41) |

**Stig KR:** Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 22, Hildur Sigurðardóttir 16, Helga Einarsdóttir 8, Guðrún Þorsteinsdóttir 4, Guðrún Ósk Ámundadóttir 4, Heiðrún Kristmundsdóttir 2, Rakel Viggósdóttir 2, Guðrún Sigurðardóttir 2, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 2.
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 30, Svava Ósk Stefánsdóttir 17, Pálína Gunnlaugsdóttir 15, Marin Rós Karlsdóttir 10, Hrönn Þorgrímsdóttir 6, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 5, Halldóra Andrésdóttir 5, Rannveig Randversdóttir 2.

| | |
|---|---|
| Fjölnir-Hamar | 49-72 (23-41) |
| Snæfell-Haukar | 56-81 (26-42) |

### *N1-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| Grótta-Haukar | 18-37 (7-17) |

**Mörk Gróttu (skot):** Laufey Guðmundsdóttir 5/4 (8/4), Ragna Gunnarsdóttir 3 (7), Elsa Óðins dóttir 3 (11), Annett Göbli 2 (10), Karólína Bæherz 1 (3), Tinna Laxdal 2 (2), Sigríður Jónasdóttir 1 (2) Auður Ómarsdóttir 1 (1),
**Varin skot:** Rannveig Smáradóttir 5/22 : 22%
Sóley Halldórsdóttir 4/ 24: 25 %
**Fiskuð víti:** Ragna 2, Laufey 1, Karólína 1
**Hraðaupphlaup:** 3 (Elsa, Sigríður, Karólína)
**Utan vallar:** 2 mínútur
**Mörk Hauka (skot):** Hanna Stefánsdóttir 9/2 (11/3), Ramune Pekarskyte 8 (10), Þórdís Helgadóttir 4(6), Nína Arnfinnsdóttir 3 (3), Nína Björnsdóttir 3 (5), Ester Óskardóttir 2 (4), Sigrún Brynjólfsdóttir 2 (2), Erna Þráinsdóttir 1 (2), Hekla Hannesdóttir 1 (3), Agnes Egilsdóttir 1(1), Herdís Hallsdóttir 1(1), Sandra Sigurjónsdóttir(2).
**Varin skot:** Bryndís Jónsdóttir 13/23, 56%
Heiða Ingólfsdóttir: 2/9, 22%
**Fiskuð víti:** 3 (Nína, Hanna, Ester)
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Hraðaupphlaup:** 9 (Hanna 6, Þórdís 2, Hekla)
**Dómarar:** Magnús Björnsson og Ómar Sverrisson
Áttu ekki góðan dag.

| | |
|---|---|
| Fylkir-Fram | 25-18 |
| HK-FH | 34-26 |

# Meistarabragur á leik Keflavíkur

**Íslandsmeistarar Keflavíkur sýndu klærnar gegn KR og unnu stórsigur, 62-90, í Iceland Express-deildinni í gær. Keflavíkurstúlkur sýndu allar sínar bestu hliðar í leiknum og KR-stúlkur áttu engin svör við því.**

**KÖRFUBOLTI** Keflavík vann KR mjög örugglega, 62-90, í Iceland Express-deild kvenna í gær. Keflavík var í miklu stuði í leiknum, bæði sóknarlega og varnarlega á meðan KR-liðið fann sig ekki nógu vel og var langt frá sínu besta.

„Við hittum bara ekki neitt. Skipti þá engu hvort um galopin færi væri að ræða eða ekki og við vinnum náttúrulega ekki leiki með þannig spilamennsku, sérstaklega ekki gegn liði eins og Keflavík,“ segir Jóhannes Árnason, þjálfari KR, í leikslok.

Gestirnir í Keflavík fengu draumabyrjun og skoruðu fyrstu átta stig leiksins í DHL-höllinni í gær. KR svaraði þá með sjö stigum í röð áður en Keflavík seig fram úr á nýjan leik og staðan var 15-21 eftir fyrsta leikhlutann.

KR saxaði jafnt og þétt á forystu Keflavíkur í öðrum leikhluta og þegar um tvær og hálf mínúta var til hálfleiks, í stöðunni 29-31, gat Hildur Sigurðardóttir komið KR yfir en þriggja stig skot hennar geigaði. Í staðinn náði Keflavík góðum leikkafla og munurinn skyndilega orðin tíu stig, 31-41, í hálfleik.

Birna Valgarðsdóttir spilaði vel fyrir Keflavík og reyndist hún KR-stúlkum erfið og skoraði 14 stig í fyrri hálfleik.



**KEFLAVÍKURHRAÐLESTIN** Keflavíkurstúlkur sýndu allar sínar bestu hliðar gegn varnarlausum KR-stúlkum í DHL-höllinni í gær. Niðurstaðan varð 62-90 sigur Kefalvíkur.Hér er Svava Ósk Stefánsdóttir með boltann en hún átti góðan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Keflavíkurstúlkur héldu uppteknum hætti í þriðja leikhluta og ekkert fékk stoppað þær. En það var ekki aðeins í sókninni sem þær voru öfluguar því varnarlega voru þær fastar fyrir og þröngvuðu KR-stúlkurnar oft í erfið skot. Hittni KR var líka afleit í þriðja leikhluta þar sem Vesturbæingar skoruðu aðeins eitt stig á fyrstu sex mínútunum og átta stig í öllum leikhlutanum. Staðan var því orðin 39-68 fyrir lokaleikhlutann og sigurinn því vís fyrir Keflavík.

KR-stúlkur héldu í við gestina í fjórða leikhluta en tuttugu og níu stiga munurinn var vitanlega of stór biti fyrir þær. Lokatölur urðu 62-90 og Keflavík styrkti þar með stöðu sína í þriðja sæti deildarinnar en KR vermir áfram fjórða sætið, nú fjórum stigum á eftir Suðurnesjaliðinu. Birna fór fyrir sóknarleik Keflavíkur með 30 stig en Svava Ósk Stefánsdóttir kom næst með 17 stig og Pálína Gunnlaugsdóttir skoraði 15 stig. En Keflavíkurstúlkur hittu úr 15 af 28 þriggja stiga skotum sínum í leiknum.

Hjá KR var Sigrún Sjöfn Ámundadóttir atkvæðamest með 22 stig en Hildur Sigurðardóttir var aðeins einni stoðsendingu frá þrefaldri tvennu með 16 stig, 12 fráköst og 9 stoðsendingar.

Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, var í skýjunum með spilamennsku Keflavíkur.

„Þetta var frábært og örugglega besti leikur okkar í vetur. Mér finnst þetta bara allt vera að smella hjá okkur og stelpurnar eru nú búnar að átta sig vel á sínum hlutverkum í liðinu og bara stórkostlegt að horfa á þær eiga svona leik. Birna er búin að vera fáránlega góð í vetur og sýndi það aftur í þessum leik að hún er með þeim bestu ef ekki besti spilarinn í deildinni,“ segir Jón Halldór.

omar@frettabladid.is




Haukar unnu Gróttu í N1-deild kvenna í gær:

# Sigur Hauka var aldrei í hættu

**HANDBOLTI** Haukur unnu öruggan sigur á ungu liði Gróttu á Seltjarnarnesi í dag, lokatölur 18-37.

Sterk vörn Hauka í fyrri hálfleik gerði gæfumuninn og í seinni hálfleik var eingöngu spurning um hve stór sigurinn væri. Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka, var skiljanlega ánægð í leikslok.

„Við mætum mjög einbeittar í hvern leik og ætlum að klára verkefnið og það skilaði okkur þessum stigum. Í dag mættum við lágvöxnu liði sem átti engin svör við okkar háu vörn og það fleytti okkur langt í dag. Með öflugri vörn fáum við svo mikið af hraðaupphlaupum sem er okkar styrkur, og nítján marka sigur er ég mjög ánægð með.

„Við erum að leyfa ungum, nýjum leikmönnum að prófa þegar tækifæri gefst, sem er jákvætt. Við skoðum framhaldið á næstu æfingum og mætum í alla leiki 150 prósent klárar,“ sagði Díana Guðjónsdóttir.

Hanna Stefánsdóttir fyrirliði Hauka var ánægð með sigurinn.

„Við mættum mjög ákveðnar til leiks og ætluðum að sýna að við værum bestar og gerðum það. Við erum að fá ungar stelpur inn og þær sýndu í dag að þær koma sterkar inn“ sagði Hanna að lokum.

Magnús Jónsson, þjálfari Gróttu, var auðmjúkur í leikslok.

„Við erum með lágvaxið lið gegn hárri vörn og við áttum engin svör í dag. Kannski bárum við of mikla virðingu fyrir Haukunum en við eigum að geta gert betur,“ sagði Magnús. - rv



**ÖFLUG** Hanna Guðrún Stefánsdóttir var markahæst hjá Haukum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**EFTIRSÓTTUR** Rúnar Kárason hefur vakið áhuga í það minnsta bæði Barcelona og Füchse Berlin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rúnar Kárason, Fram:

# Ætlar að klára tímabilið heima

**HANDBOLTI** Frá því var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í fyrrakvöld að spænska stórliðið Barcelona væri á höttunum eftir skyttunni efnilegu, Rúnari Kárasyni hjá Fram, og vildi helst fá hann út til sín strax.

„Þetta Barcelona-dæmi er ekki búið að eiga langan aðdraganda, þannig séð. Tengiliður Barcelona á Íslandi bað mig um að redda fyrir sig spólum af mér þar sem þeir voru búnir að sjá nafn mitt eitthvað í umræðunni. Ég ræddi svo við umboðsmann minn þegar ég var í Þýskalandi um daginn og hann tjáði mér þá að Barcelona vildi fá mig strax út. Helst bara í gær. Þetta er óneitanlega spennandi því Barcelona er þvílíkt stórlið. Það kemur í ljós hvað verður en ég ætla alla vega að klára tímabilið hér heima, sama hvað. Síðan skoða ég bara rólega mín mál,“ segir Rúnar. - óþ

# ÍSLENSK ÁSTARSAGA ÚR ÍRAKSSTRÍÐINU

5. SÆTI
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
12-19 NOV

„Bókin er óborganlega fyndin, svo einlæg að maður verður stundum feimin við lesturinn, persónusköpun lifandi, ljúfsár á köflum, eldheit ástarsaga, áreynslulaus og virkilega vel skrifuð. Ég var gersamlega heilluð!“
Bryndís Bjarnadóttir, mannréttindafræðingur.

„Fyrst og fremst angistarfull skemmtibók. Fljúgandi hraður og lipur stíll“. DV ★★★½
Hrafn Jökulsson DV.

„Fyrst og fremst skemmtileg bók“
Svanhildur Hólm, Stöð 2.

„Frábær bók“
Hrafnhildur Halldórsdóttir, Rás 2.

FIG. 79. Plan of Baghdad



Börkur Gunnarsson
lýsir 15 mánaða dvöl sinni
í sprengjuregninu í Írak.




Sögur ÚTGÁFA

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Fulham-Man. City | 1-1 |
| 0-1 Benjani (6.), 1-1 Jimmy Bullard (27.). | |
| Arsenal-Wigan | 1-0 |
| 1-0 Emmanuel Adebayor (16.). | |
| Blackburn-Liverpool | 1-3 |
| 0-1 Xabi Alonso (69.), 0-2 Yossi Benayoun (79.), 1-2 Roque Santa-Cruz (86.), 1-3 Steven Gerrard (90.+5.). | |
| Bolton-Chelsea | 0-2 |
| 0-1 Nicolas Anelka (9.), 0-2 Deco (21.). | |
| Hull-Middlesbrough | 2-1 |
| 0-1 Tuncay Sanli (79.), 1-1 sjálfsmark (82.), 2-1 Marlon King (85.). | |
| Newcastle-Stoke | 2-2 |
| 1-0 Michael Owen (8.), 2-0 Michael Owen (24.), 2-1 Mamady Sidibe (60.), 2-2 Abdoulaye Faye (90.). | |
| Man. Utd-Sunderland | 1-0 |
| 1-0 Nemanja Vidic (90.+1.). | |

### *Coca-Cola Championship*

| | |
|---|---|
| Barnsley-Reading | 0-1 |
| 0-1 Brynjar Björn Gunnarsson (64.). Brynjar Björn kom inn á sem varamaður á 56. mínútu en Ívar Ingimarsson lék allan leikinn fyrir Reading. | |
| Coventry-Nott. Forest | 2-2 |
| 1-0 Elliot Ward (2.), 1-1 Robert Earnshaw (27.), 2-1 Clinton Morrison (29.), 2-2 Joe Garner (61.). Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn með Coventry. | |
| Sheff. Utd-Burnley | 2-3 |
| 0-1 Martin Paterson (19.), 1-1 James Beattie(36.), 1-2 Graham Alexander (42.), 1-3 Chris Eagles (79.), 2-3 Stephen Quinn (87.). Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Burnley. | |
| QPR-Wolves | 1-0 |
| Martin Rowlands (63.). Heiðar Helguson lék í stundarfjórðung fyrir QPR. | |

### *Ítalska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Chievo-Roma | 0-1 |
| 0-1 Jeremy Menez (69.). | |
| Lazio-Inter | 0-3 |
| 0-1 Walter Samuel (2.), 0-2 sjálfsmark (45.), 0-3 Zlatan Ibrahimovic (55.). | |

Dregið í deildarbikarnum:

## Burnley mætir bikarhöfunum

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í undanúrslit enska deildarbikarsins þar sem Jóhannes Karl Guðjónsson og félagir í Burnley drógust gegn bikarhöfum Tottenham en Burnley hefur leikið úrvalsdeildarfélög frá Lundúnum grátt í keppninni hingað til og slegið út þrjú þeirra, Fulham, Chelsea og Arsenal.

Þá drógust Englandsmeistarar Manchester United gegn Derby. Leikið verður heima og að heiman en fyrri leikirnir fara fram 5. janúar á White Hart Lane og Pride Park en síðari leikirnir fara fram 19. janúar. - óþ

# Vidic bjargvættur rauðu djöflanna

Nemanja Vidic tryggði Man. Utd 1-0 sigur gegn Sunderland á heimavelli með marki í uppbótartíma en Arsenal vann einnig 1-0 á heimavelli, gegn Wigan. Topplið Liverpool og Chelsea unnu þægilega sigra á útivelli.



STÍFLAN BRAST Topplið Liverpool var ekki búið að skora í um 265 mínútur þegar Xabi Alonso skoraði fyrsta mark leiksins gegn Blackburn í gær og þeir rauðu höfðu því ærna ástæðu til þess að fagna. Liverpool vann að lokum 1-3 sigur í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Það var lítið um óvænt úrslit í ensku úrvalsdeildinni í gær en toppliðin fjögur lönduðu öll þremur stigum í gær.

Topplið Liverpool tók sinn tíma í að brjóta botnbaráttulið Blackburn á bak aftur á Ewood Park í gær en markalaust var í hálfleik. Það dró hins vegar til tíðinda á 69. mínútu þegar Xabi Alonso átti lúmskt skot að marki Blackburn og markvörðurinn Paul Robinson var illa á verði og réði ekki við og gestirnir því komnir yfir. Liverpool hafði þá ekki skorað mark í um 265 mínútur í deildinni eftir tvö markalaus jafntefli gegn Fulham og West Ham.

Yossi Benayoun bætti við öðru marki fyrir Liverpool með föstu skoti úr þröngu færi eftir að hafa leikið auðveldlega á varnarmann Blackburn. Blackburn hleypti svo smá spennu í leikinn þegar Roque Santa-Cruz minnkaði muninn með skallamarki af stuttu færi. Fyrirliðinn Steven Gerrard innsiglaði hins vegar 1-3 sigur Liverpool í uppbótartíma með auðveldu skoti í autt markið en Robinson, sem var afleitur í gær, var þá ekki í marki sínu eftir mislukkað úthlaup.

Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var hæstánægður með spilamennsku sinna manna.

„Við sýndum það loksins að við getum ráðið við pressuna í svona leikjum. Okkur skorti einhverja grimmd við að klára tvo leikina á undan þessum en það var allt annað að sjá til liðsins í þessum leik og við erum í góðri stöðu fyrir jólatörnina, sem brátt skellur á," segir Benitez.



BJARGVÆTTUR Vidic skoraði sigurmark United í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Metabæting hjá þeim bláu

Chelsea náði merkum áfanga með 0-2 sigri gegn Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton en Lundúnafélagið vann þar með sinn ellefta útileik í röð í deildinni og bætti þar með 48 ára gamalt met Tottenham. Nicolas Anelka reyndist sínum gömlu liðsfélögum erfiður og skoraði skallamark strax á 9. mínútu og Deco bætti við öðru marki á 21. mínútu þegar hann klippti boltann glæsilega í markið.

Luiz Felipe Scolari, knattspyrnustjóri Chelsea, var ekkert að flækja hlutina frekar en vanalega í viðtali í leikslok.

„Við erum ekkert að hugsa um þetta met. Aðalmálið er að skila verðlaununum í lok keppnistímabilsins þannig að þrjú stigin eru allt það sem við vildum úr leiknum," segir Scolari.

Flestir bjuggust við slátrun þegar Wigan heimsótti Emirates-leikvanginn í gær en Wigan hafði þá aldrei unnið leik gegn „topp fjögur"-liðunum í 28 tilraunum og fékk skell gegn Arsenal-unglingunum í deildarbikarnum á dögunum.

Það var hins vegar lítið um flugeldasýningu hjá Arsenal þótt sigur næðist en Emmanuel Adebayor skoraði eina markið snemma leiks eftir klafs í vörn Wigan.

„Sigurinn er alltaf í hættu þegar staðan er aðeins 1-0 en ég tek hatt minn ofan fyrir leikmönnum mínum fyrir að hafa haldið haus og klárað dæmið," sagði Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal í leikslok.

### 500. sigur Sir Alex

Það stefndi allt í að knattspyrnustjóralaust lið Sunderland næði óvænt að krækja í stig gegn Englandsmeisturum Manchester United á Old Trafford í gær þangað til varnarmaðurinn Nemanja Vidic var réttur maður á réttum stað og bjargaði stigunum þremur. Markið kom á 91. mínútu þegar Vidic náði frákastinu og skoraði af öryggi eftir að skot Michaels Carrick hafði farið af varnarmanni og í stöngina á marki Sunderland. Fram að því hafði United sótt án afláts en vörn Sunderland haldið hreinu, oft og tíðum með ótrúlegum hætti.

„Þetta var gríðarlega mikilvægt og ef við getum verið tveimur til þremur stigum frá toppsætinu í byrjun næsta árs þá eigum við frábæra möguleika á að verja titilinn," segir sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United sem vann sinn 500. leik í deildinni í gær.

omar@frettabladid.is




TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ BROSA!

Öflugt háskólasamfélag er hornsteinn í þeirri uppbyggingu sem nú bíður þjóðarinnar. Með miða í Happdrætti Háskólans leggur þú þitt af mörkum og átt um leið mikla möguleika á frábærum vinningum.

Gakktu í hópinn og brostu og brostu!

- Þú færð miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings


Áritanir í Skífunni!
SKÍFAN
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
Skífan Kringlunni – sunnudagur 7. des
14:00 Ragnheiður Gröndal
16:00 Laddi
LADDI 6-TUGUR
EIN VINSÆLASTA LEIKSÝNING ALLRA TÍMA!
BELLA & HER BLACK COFFEE
ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
Jeff Who?
BUBBI
NÝJASTA NÝTT BAGGALÚTUR
FM BELFAST
PÉTUR W. KRISTJÁNSSON
39 POTTÞÉTT LÖG
Bestu kveðjur
See you in dreamland
TÍVOLÍ CHILLOUT
100
HAUKUR MORTHENS
FROSTRÓSIR
MAMMÚT
TRÚNÓ
TÓMAS R. EINARSSON
TÓNLEIKAR
Gilligill
ragnheiður GRÖNDAL
dr.spock
FALCON CHRIST

> **Jude Law**

„Það er staðreynd að leikferill minn fór ekki á flug fyrr en ég var búinn að fara úr fötunum.“
Law leikur í myndinni The Holiday sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER HRIFIN AF VEFUPPTÖKUM RÚV

# Sinfóníutónleikar í vinnunni

Ég er mikill aðdáandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ég dáist að því að hægt sé að halda úti svo frábærri og fagmannlegri hljómsveit í jafn litlu landi og Íslandi. Gamla þjóðarstoltið lætur ávallt á sér kræla þegar ég heyri fréttir af hljómsveitinni sem hefur heillað marga innan sem utan landsteinanna.

Þess vegna er ég með samviskubit. Ég, þessi einlægi stuðningsmaður hljómsveitarinnar, hef ekki farið á tónleika hjá henni í mörg ár. Hef því ekki stutt við bakið á henni með miðakaupum. Samt er ég alltaf á leiðinni.

Þó ekkert jafnist á við að sitja úti í sal ásamt fjölda annarra aðdáenda og hlusta á yndisfagra klassíska tóna þá hefur RÚV gert mér kleift að njóta tónleika sinfóníuhljómsveitarinnar hvenær sem ég vil. Ég kveiki bara á tölvunni, stilli á www.ruv.is ýti á takkann yfir vefútvarpið og finn dagskrá Rásar 1 langt aftur í tímann. Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur yfirleitt tónleika á fimmtudögum en einnig eru aðrar uppákomur sem lenda á öðrum dögum. Flestir tónleikarnir eru teknir upp og sumum þeirra útvarpað beint á Rás 1 en aðrir fara í spilun síðar. Tónleikana má síðan finna á vefútvarpinu og njóta þeirra heima við, eða eins og ég geri, í vinnunni. Í opnu vinnurými er nefnilega fátt betra en að setja upp heyrnartólin, loka úti kliðinn frá símum og tölvum og leyfa fögrum hljómum að auka einbeitinguna að þeim verkefnum sem fyrir



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Tónleika hljómsveitarinnar má finna á vefútvarpi RÚV.

## EKKI MISSA AF



▶ **15.30** FH - Haukar, Beint — SJÓNVARPIÐ



▶ **17.00** New York Knicks - Detroit Pistols — STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.10** Mannamál — STÖÐ 2



▶ **20.50** Kenny vs. Spenny — STÖÐ 2 EXTRA.



▶ **21.50** Dexter — SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi og Sigga ligga lá.
**10.31 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**10.40 Júlía** (4:4) (e)
**11.10 Úr dagbók slökkviliðsins**
**11.20 Gott kvöld** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Líf með köldu blóði** (5:5) (e)
**14.40 Martin læknir** (5:7) (e)
▶**15.30 Bikarkeppnin í handbolta** Bein útsending frá leik FH og Hauka í bikarkeppni karla.
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Latibær** (e)
**17.50 Stundin okkar** Umsjónarmaður er Björgvin Franz Gíslason.
**18.20 Spaugstofan** (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Sófakynslóðin** Hér er fjallað um aðgerðastarf í víðu samhengi með viðtölum við meðlimi ýmissa aðgerðasamtaka og varpað fram grundvallarspurningum um hlutverk aktívisma í lýðræðislegu samfélagi.
**20.20 Sommer** (Sommer) (6:10) Danskur myndaflokkur.
**21.20 Skytturnar** Íslensk bíómynd frá 1987. (e)
**22.35 Silfur Egils** (e)
**23.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Look Who's Talking**
**10.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**12.00 The Holiday**
**14.15 Diary of a Mad Black Woman**
**16.10 Look Who's Talking**
**18.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**20.00 The Holiday** Rómantísk gamanmynd með stórleikurunum Jude Law, Cameron Diaz og Kate Winslet í aðalhlutverkum.
**22.15 16 Blocks**
**00.00 The Omen**
**02.00 Damien: Omen II**
**04.00 16 Blocks**
**06.00 Stealth**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney og vinir**
**07.25 Hlaupin**
**07.35 Jesús og Jósefína** (7:24)
**08.00 Algjör Sveppi** Galdrabókin, Lalli, Svampur Sveinsson, Áfram Diego Afram! og Könnuðurinn Dóra.
**09.45 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate events**
**11.30 Latibær** (17:18)
**12.00 Sjálfstætt fólk**
**12.35 Neighbours**
**12.55 Neighbours**
**13.15 Neighbours**
**13.35 Neighbours**
**13.55 Neighbours**
**14.20 The New Adventures of Old Christine** (4:22)
**14.50 Monk** (11:16)
**15.35 Eldsnöggt með Jóa Fel** (7:10)
**16.10 Logi í beinni**
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
▶**19.10 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni líðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli.
**19.55 Sjálfstætt fólk** (12:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar. Pátturinn er sá farsælasti í sögu Edduverðlaunanna en hann hefur þrisvar sinnum hlotið þessi eftirsóttu verðaun og alls sex sinnum verið tilnefndur.
**20.30 Dagvaktin** (12:12)
**21.25 Numbers** Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**22.10 Fringe** (9:22)
**23.00 60 mínútur**
**23.45 Prison Break** (10:22)
**00.30 Journeyman** (8:13)
**01.15 Mannamál**
**02.00 Land of the Dead**
**03.35 Single White Female 2: The Psy**
**05.05 American Pie Presents Band Camp**

## SPORT *besta sætið*

**08.30 Spænski boltinn** Útsending frá leik Villarreal og Getafe.
**10.10 Spænski boltinn** Útsending frá leik Barcelona og Valencia.
**11.50 Box - Oscar De La Hoya - Manny Pacquiao** Útsending frá bardaga Oscar De La Hoya og Manny Pacquiao.
**13.20 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann.
**13.55 Þýski handboltinn** Bein útsending frá stórleik Lemgo og Flensburg í Lippelandhallen í Lemgo. Með liði Lemgo leika þeir Logi Geirsson og Vignir Svavarsson en með liði Flensburg leikur Alexander Petterson.
**15.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**16.30 NBA Action 2008/2009** Bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
▶**17.00 NBA körfuboltinn** Bein útsending frá Madison Square Garden þar sem mætast New York og Detroit Pistons í NBA körfuboltanum.
**20.00 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Real Madrid og Sevilla.
**22.00 NFL deildin** Bein útsending frá leik Pittsburgh og Dallas Cowboys í NFL deildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Man. City.
**09.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Chelsea.
**11.00 PL Classic Matches** Liverpool - Man United, 97/98.
**11.30 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**12.00 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.
**13.10 Enska 1. deildin** Bein útsending frá leik Norwich og Ipswitch
**15.20 PL Classic Matches** Man. United - Arsenal, 01/02.
**15.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Everton og Aston Villa
**18.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd. og Sunderland
**19.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik WBA og Portsmouth
**21.20 4 4 2**
**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Liverpool.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**13.05 Vörutorg**
**14.05 Málefnið** (e)
**15.05 Dr. Phil** (e)
**15.50 Dr. Phil** (e)
**16.35 What I Like About You** (20:22)
**17.05 Innlit / Útlit** (11:14) (e)
**17.55 Frasier** (20:24) (e)
**18.25 The Bachelor** (1:10) Raunveruleikaþáttur þar sem piparsveinninn Brad Womack leitar að stóru ástinni en bandarískir fjölmiðlar hafa kallað hann „kynþokkafyllsta piparsveininn til þessa“. (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (31:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (16:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir fullorðnum eins og sannaðist í íslensku þáttunum.
**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (17:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Karlhóra er myrt og rannsóknin leiðir Benson og Stabler heim til predikara og fjölskyldu hans sem virðist fullkomin á yfirborðinu en ekki er allt sem sýnist.
▶**21.50 Dexter** (4:12) Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Ramon er heltekinn af því að finna morðingja bróður síns en Dexter getur ekki sagt honum sannleikann. Innra eftirlitið setur pressu á Deb en hún neitar að snúast gegn félaga sínum.
**22.40 CSI. Miami** (10:21) (e)
**23.30 Sugar Rush** (4:10)
**00.00 Vörutorg**
**01.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku.** Endurtekið á klst. fresti.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Allt sem gerst hefur, getur gerst
og allt sem getur gerst, gerist
– í tímans eilífu elfu.

VÁFUGL

eftir Hall Hallsson








Blogg, umsagnir og fréttir á www.vafugl.is

„Váfugl greip mig algerlega …
Hallur er þriller-höfundur.“
*Bjarni Harðarson, fyrrv. alþingismaður.*

„Váfugl er sagnfræði – samtímasaga, framtíðarsýn og spennutryllir.“
*Jón Kr. Snæhólm, stjórnmála- og sagnfræðingur.*

„Ótrúlega tímabær umræða um Evrópumál.“
*Ingvi Hrafn Jónsson, stjórnmálafræðingur.*

„Ég skemmti mér konunglega, frábær lesning og einstaklega sniðuglega sett fram.“
*Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri.*

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### Dagvaktin - brot af því besta



Dagvaktin hefur slegið rækilega í gegn og af því tilefni hefur Ragnar Bragason, leikstjóri þáttanna, tekið saman það fyndnasta, skemmtilegasta og neyðarlegasta úr þáttunum. Þess má geta að Pétur Jóhann Sigfússon var valinn vinsælasti sjónvarpsmaður ársins og þátturinn best leikna sjónvarpsefni ársins 2008 á Edduverðlaunahátíðinni á dögunum.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Fyndnasti maður Kópavogs

**Rás 1 kl. 14.00**

Útvarpsleikhúsið flytur útvarpsleikritið Fyndnasti maður Kópavogs eftir Þorstein Guðmundsson. Hér segir frá Uppistandaranum Barða og hvað það getur verið flókið að taka þátt í Íslandsmeistarakeppni í uppistandi, sérstaklega þar sem hann hefur ákveðið að gera grín að foreldrum sínum. Í hlutverki Barða uppistandara er Björn Hlynur Haraldsson og foreldra hans leika Júlíus Brjánsson og Helga Braga Jónsdóttir.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Ársól
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bókaþing
**11.00** Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Í garðinum þar sem ástin sefur
**14.00** Útvarpsleikhúsið: Fyndnasti maður Kópavogs
**14.40** Smásaga: Dæmdur fyrir sakleysi
**15.00** Hvað er að heyra?
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**17.30** Úr gullkistunni
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Seiður og hélog
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Óskastundin
**19.40** Öll þau klukknaköll
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.10** Orð skulu standa
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (71:260)
**16.25 Hollyoaks** (72:260)
**16.50 Hollyoaks** (73:260)
**17.15 Hollyoaks** (74:260)
**17.40 Hollyoaks** (75:260)
**18.00 Seinfeld** (5:24)
**18.25 Seinfeld** (6:24)
**18.50 Seinfeld** (15:24)
**19.15 Seinfeld** (16:24)
**19.40 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíðindað á hressilegan hátt.
**20.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
▶**20.50 Kenny vs. Spenny** (13:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa við hvort annað. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni. Þeir svífast einskis til að sigra hvorn annan og lenda oft í mjög neyðarlegum aðstæðum.
**21.15 American Dad** (15:16) Teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem segir frá Stan Smith og fjölskyldu hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**21.40 American Dad** (16:16)
**22.05 Seinfeld** (5:24)
**22.30 Seinfeld** (6:24)
**22.55 Seinfeld** (15:24)
**23.20 Seinfeld** (16:24)
**23.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir
**19.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson
**20.00 Mér finnst** Ásdís Olsen
**21.00 Sportið mitt** Sigurður Ingi Vilhjálmsson og Sverrir Júlíusson
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir.
**23.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir.

## DR 1

**10.00** På sporet af den hellige krig **10.30** Plan dk **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** SPAM **11.55** Skum TV **12.10** Tjenesten classic **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **14.00** Sommer **15.00** Farvel til familien Sommer **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Max **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** De store katte **18.30** Nissernes Ø **19.00** Isprinsessen **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt med SAS liga **20.55** Rembrandt **22.40** Ranger Denmark

## NRK 1

**09.55** V-cup skiskyting **10.50** V-cup langrenn **11.25** V-cup kombinert **11.40** V-cup kombinert **12.20** Sport i dag **12.40** V-cup hopp **14.15** V-cup skiskyting **15.00** V-cup langrenn **16.10** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Jul i Blåfjell **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Joanna Lumley **20.15** Den syngende bydelen **20.45** Blod og ære **22.05** Kveldsnytt **22.20** Rally-VM 2008 **23.10** Poirot

## SVT 1

**09.55** Skidskytte **10.40** Vinterstudion **10.45** Längdskidor **11.30** Vinterstudion **11.55** Skidskytte **13.00** Vinterstudion **13.30** Jimmy Rosenberg - Fadern, sonen och talangen **14.25** Toppform **14.55** Dom kallar oss artister **15.25** Dansbandskampen **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Tunneltankar **17.45** Julkalendern **18.00** Minnenas television **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.15** Åkalla **21.00** VeteranTV **21.30** Något saknas i universum **22.00** Brottskod. Försvunnen **22.45** Carin 21.30 **23.15** Sändningar från SVT24




## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann er fæddur inn í þetta. Hann og tvíburabróðir hans hafa alveg frá því þeir voru í kerru verið í vinnu með mömmu.“*

Kristný Björnsdóttir, móðir Birgis Kristinssonar í Tómstundahúsinu sem selur lúxusbíla á spottprís.

## HIN HLIÐIN RAGNAR SÓLBERG RAFNSSON TÓNLISTARMAÐUR

# *Er ekki hrifinn af sjónvarpi*

**Hvað er að frétta?** Ég var að gefa út fallega sólóplötu sem ég tók upp sjálfur og svo verða útgáfutónleikar fimmtudaginn 11. desember í Fríkirkjunni í Reykjavík.
**Augnlitur:** Blá-grár.
**Starf:** Gítarkennari, tónlistarmaður, og um þessar mundir plötuútgefandi og dreifingaraðili líka.
**Fjölskylduhagir:** Í sambúð með draumakonunni og tveim draumabörnum.
**Hvaðan ertu?** Fæddur í Reykjavík en alinn upp í Hafnarfirði og Ísafirði.
**Ertu hjátrúarfullur?** Ég trúi að allir gjörningar hafi afleiðingar og að sumt sé heilagt. Mér finnst til dæmis alveg jafn slæmt að drepa flugu og járnsmið, en að drepa járnsmið á að boða slæma lukku.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Ég er ekki hrifinn af sjónvarpi, en ég horfði einu sinni ALLTAF á Friday Rock Show með Tommy Vance á föstudagskvöldum en það eru komin mörg ár síðan.
**Uppáhaldsmaturinn:** Maturinn hjá konunni minni, alveg sama hvað hún gerir. Svo hlakka ég geðveikt til að fá skötu!
**Fallegasti staðurinn:** Vestfirðirnir mínir og vötnin og skógarnir í Svíþjóð. Ég þoli ekki steypu og malbik.
**iPod eða geislaspilari:** Ég er með geisladiska fíkn og elska geislaspilarann minn. En þegar það kemur að ferðalögum þá er það iPod.
**Hvað er skemmtilegast?** Að hlæja og vera jákvæður, þá gengur allt svo vel.
**Hvað er leiðinlegast?** Hræðsla og allt sem sprettur upp frá því.
**Helsti veikleiki:** Óákveðni, flóttatilhneiging og fullt annað.
**Helsti kostur:** Góðvilji og einlægni.
**Helsta afrek:** Að komast þangað sem ég er í dag.
**Mestu vonbrigðin?** Að hafa ekki getað tekið ákvarðanir út frá því sem ég fann í hjartanu.
**Hver er draumurinn?** Að lifa uppi í sveit með fjölskyldunni í rólegheitum og búa til tónlist.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Mér finnst Walter Matthau vera langfyndnastur.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Þegar ég veld sjálfum mér vonbrigðum.
**Hvað er mikilvægast?** Að finna sanna hamingju og vita hvað maður er.







**VEGLEGT** Börn og Foreldrar eru komnar á DVD.

# Ragnar er hálfgerður DVD-pervert

„Maður er svona hálfgerður DVD-pervert. Ég vil ekkert vera að kaupa mér einhverja „pylsupakkninga“-dvd heldur fjárfesti frekar í einhverjum svona viðhafnarútgáfum og safndiskum í glæsilegum umbúðum,“ segir Ragnar Bragason leikstjóri. Hann á glæsilegt safn DVD-diska heima hjá sér og þykir fátt jafn skemmtilegt og að handleika flottar DVD-myndir, setja þær tækið og rýna í aukaefni þeirra. Ragnar hefur ekki nákvæma tölu á því hversu margir DVD-diskarnir eru. „Þeir eru eitthvað í kringum fjögur til fimm hundruð,“ segir Ragnar. Þegar talið berst að eftirlætismyndinni verður málið heldur flóknara. „Ég held að ég verði þó að nefna Naked eftir Mike Leigh, það er eiginlega henni að kenna að ég fór út í kvikmyndagerð.“

Leikstjórinn og leikhópurinn Vesturport gáfu í vikunni út þriggja diska-DVD-safn með kvikmyndunum Börn og Foreldrar. Umbúðirnar bera þess augljós merki að þar hefur ráðið ferðinni DVD-fíkill. Útgáfan er nefnilega meira í ætt við erlenda útgáfu. Ragnar segir það ekki að ástæðulausu, hann hafi viljað að safnið liti vel út og gæti sómt sér vel uppi í hillu. DVD-diskar væru svipaðir um þessar mundir og bækur. „Við vildum bara gera þetta svona og ekkert öðruvísi. Við ætluðum að láta þetta koma út í fyrra en ákváðum að leggja meiri vinnu í umbúðirnar,“ segir Ragnar. Hann tók sér meðal annars heilan mánuð í að grafa upp allt aukaefnið sem lenti á klippiborðinu við gerð kvikmyndanna. „Þarna er nánast önnur heil bíómynd af ónotuðu efni,“ útskýrir Ragnar.

- fgg



**GLÆSILEGT DVD-SAFN** Ragnar Bragason á sjálfur glæsilegt DVD-safn en hann hefur í samstarfi við Vesturport gefið út þriggja diskasafn með Börnum og Foreldrum innanborðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KORMÁKUR RAKAÐUR** Skjöldur fylgist með því að félagi hans Kormákur sé sléttrakaður eins og hæfir í alvöru herrafataverslun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## KORMÁKUR & SKJÖLDUR: VIÐ HÖFUM EKKERT VIT Á PENINGUM

# Rakstur í herrafataverslun

„Við höfum bara ekkert vit á peningum,“ segir Skjöldur Sigurjónsson kaupmaður. „Við erum svo vitlausir,“ bætir Kormákur Geirharðsson félagi hans við.

Verslunarmenn bera sig almennt aumlega. Segja erfiða tíma í vændum og að krónan verði að styrkjast svo miklu, miklu meira áður en til verðlækkana geti komið. Meðan þetta er synda þeir Kormákur og Skjöldur gegn straumnum, og stækka mjög svo sérstaka herrafataverslun sína sem er í kjallara gamla Kjörgarðs við Laugaveg. „Já, við bara ... það sagði okkur enginn af þessu,“ segir Skjöldur. Og helst að skilja á þeim félögum að þegar inn í búðina er komið sé kreppan skilin eftir utandyra.

Óneitanlega er sérstakt að labba inn í þessa einstöku verslun því þar kennir ýmissa grasa: Hattar og húfur, hnébuxur, jakkar, skór, göngustafir, allir nauðsynlegir fylgihlutir og samkvæmt tísku sem ríkti á 3. áratug 20. aldar. Eins og þeir þekkja sem fylgdust með þáttunum óborganlegu um Bertie og Wooster. Þar er svið og yfir sviðinu getur að líta verndara þess – sjálfan Elvis. Tónlist í stíl. Og þar sem stækkað hefur verið er kominn rakarastóll og við hann stendur virðulegur hárskeri og rakari. Gestum og viðskiptavinum býðst sem sagt að láta klippa sig og fá rakstur þegar þeir líta við í búðina. „Það er allt brjálað í því. Rakarinn okkar er bókaður langt fram í tímann,“ upplýsir Kormákur sem misnotar aðstöðu sína sem verslunareigandi og treður sér fram fyrir röðina. Hann vantaði rakstur.

Þó ekki fari milli mála að fötin sem eru á boðstólum séu vönduð, það er þykkt í þessu, þá minnir tískan samt með einhverjum hætti á kreppu. Enda tískan sú sama og var þegar heimskreppan skall á um 1930. „Já, þetta eru kreppuföt þótt vönduð séu,“ segir Kormákur með rakhnífinn við háls sér. „En þá keyptu menn sér föt sem entust lífið á enda. Menn fóru og keyptu sér föt, giftust í þeim og voru jarðaðir í þeim líka.“ Í framhaldi af þessu þá vísar sá tíðarandi sem svífur yfir herrafataverslunni óneitanlega til þess þegar menn voru menn og konur konur. Þó eru þeir Kormákur og Skjöldur ekki til í að fallast á að búðin sé karlaathvarf. „Nei, nei, segja þeir. Það er mjög algengt að hingað komi konur til að versla á karla sína.“

jakob@frettablaðið.is

25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta
Opið í dag frá kl.13-16
Mikið úrval!
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Hálfviti leikur Skugga-Svein

Baldur Ragnarsson, meðlimur Ljótu hálfvitanna, leikur í kvöld í síðustu sýningu Skugga-Sveins sem Leikfélag Kópavogs hefur sýnt við góðar undirtektir í leikstjórn Ágústu Skúladóttur.

Baldur telst vera einn sá yngsti, ef ekki yngsti leikarinn sem hefur farið með hlutverk Skugga-Sveins hér á landi. „Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt og þetta er svo „grand“ verk. Síðan er ótrúlega gaman að fá að vera vondur einu sinni,“ segir Baldur sem segir það ganga vel að samræma leikinn og tónlistina. „Við erum meira og minna einhvern veginn tengdir leiklist. Við höfum allir verið að spila í leikritum og flestir hafa verið að leika líka.“

Þrennir tónleikar eru fram undan hjá Ljótu hálfvitunum. Fyrst spila þeir á Akranesi á laugardag, síðan á Rósenberg 13. desember og loks á Græna hattinum á Akureyri 2. janúar. Baldur játar að þeir félagar séu allir komnir í löðrandi jólaskap. „Við eigum slatta af jólalögum. Við gáfum út eitt í fyrra og eigum fleiri á lager. Við erum búnir að vera duglegir að semja upp á síðkastið og stefnum á að gefa út plötu sem fyrst,“ segir hann.

Þeir sem vilja sjá Baldur og félaga í Leikfélagi Kópavogs leika í Skugga-Sveini í hinsta sinn geta nælt sér í miða á síðunni kopleik.is. Leikritið er sýnt í glænýju leikhúsi í Funalind sem meðlimir leikfélagsins tóku þátt í að byggja meðfram æfingum fyrir Skugga-Svein. „Þetta var strembinn tími en fyrir vikið eigum við þetta fína leikhús,“ segir hann.

- fb



**SKUGGA-SVEINN** Baldur Ragnarsson þykir hafa staðið sig með prýði í hlutverki Skugga-Sveins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Við ætlum að koma til móts við okkar viðskiptavini og veita 25% afslátt af öllum vörum til jóla!
# Verið velkomin




**Opið í dag, sunnudag 13-16**

## Ný komin sending af gjafavöru!

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudag 13-16.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

mood heima Ordning BÚUM BETUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar

## Lygamöntrur

Tungumálið er sennilega hættulegasta vopnið sem maðurinn hefur fundið upp. Með því virðist nefnilega vera hægt að svipta venjulegt fólk heilbrigðri skynsemi og telja því trú um nánast hvaða himinhrópandi vitleysu sem er. Einkum virðast mér þó Íslendingar berskjaldaðir fyrir áhrifum tungumálsins. Ef setning er sett fram í formi algildra sanninda eða spekiyrða og þulin nógu oft fer fólk sjálfkrafa að álíta hana rétta. Gildir þá einu hve miklum dómadags þvættingi hefur verið komið fyrir í henni. Dæmi um þetta gæti verið setningin: „Sjaldan lýgur almannarómur.“ Þeir sem almannarómur hefur tekið til umfjöllunar vita ósköp vel að hraðlygnara fyrirbæri er vandfundið, ef það á annað borð er til.

**ANNAÐ** dæmi gæti verið setningin: „Það sem drepur mann ekki gerir mann sterkari.“ Þessi setning lýsir óskiljanlegu hugsunar- og tillitsleysi. Hvað með alla þá sem orðið hafa fyrir hremmingum sem marka þá fyrir lífstíð og gert hafa þá veikari fyrir? Hvað með bæklandi og limlestandi sjúkdóma, áföll og harm sem aldrei hverfur? Vissulega er hægt að lifa af sorg og kvöl og jafnvel að eflast við ágjöf. En margir lenda einnig í raunum sem veikja þá til muna það sem þeir eiga eftir ólifað, þótt þær dragi þá ekki beinlínis til dauða.

**SÖMULEIÐIS** veit ég ekki hvaða húmorslausi þurs mælti fyrstur: „Öllu gamni fylgir nokkur alvara.“ Þetta er einhver mesta endemis þvæla sem ég hef nokkru sinni heyrt. Mörgu gríni fylgir hreint engin alvara. Fullt af gamni er sett fram í þeim tilgangi einum að kalla fram brosviprur og er ekki ætlað að hafa neina tengingu við neitt sem á nokkurn hátt má flokka undir alvöru. Með því að telja öllu gamni fylgja einhver alvara er gamansömu fólki gerðar upp annarlegar hvatir, meiningar eru lesnar inn í fullkomlega græskulaust glens og ánægjan af hreinræktuðu og tæru gríni eyðilögð fyrir öllum.

**ÁSTÆÐA** þess að ég er að vekja máls á þessu er að um þessar mundir virðist mér enn ein lygamantran af þessu tagi vera að fara á kreik. Sú setning hlýtur auðvitað að ofbjóða réttlætiskennd hvers manns og nísta hann í raunveruleikaskynið. Því má þessi blekking alls ekki verða að viðurkenndri staðreynd í huga nokkurs manns. Setningin er svona: „Við tókum öll þátt í þessu.“

## GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 7. desember, 342. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.02 | 13.19 | 15.36 |
| Akureyri | 11.14 | 13.04 | 14.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




# Jólagjöf handa þeim sem elska að ferðast!




**Jólagjafabréf Iceland Express hittir beint í mark**

Áttu vini og ættingja sem hafa gaman af ferðalögum? Jólagjafabréf Iceland Express er skemmtileg leið til að gleðja þína nánustu um jólin. Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á **www.icelandexpress.is**

**Verð:**
**25.900 kr.**

Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2008.

**Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2009:**
Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum, sem gildir fram og til baka til Köben, London eða Berlínar.
Bókunartímabil: 26. desember 2008–31. janúar 2009.
Ferðatímabil: 15. janúar-15. maí 2009.
Takmarkað sætaframboð.

**Ef bókað er eftir 1. febrúar 2009:**
Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr.
Gildir til allra áfangastaða og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

**Iceland Express**
með ánægju

www.icelandexpress.is